Strangs aðhalds er gætt við áætlun útgjalda í öllu frumvarpinu. Að meginstefnu til er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til þess að ráða í nýjar stöður. Þó er gert ráð fyrir nýjum stöðum á stofnunum fatlaðra og þroskaheftra og í skólakerfinu. Í athugun er að fresta gildistöku ýmissa nýrra laga sem hafa mikinn kostnað í för með sér og að flytja verkefni og

tekjustofna í áföngum til sveitarfélaga á næstu árum. Þá er stefnt að fleiri kerfisbreytingum og athuga starfsemi ráðuneyta og stofnana með tilliti til hagræðingar og sparnaðar. Aukið verður aðhald og eftirlit með utanlandsferðum ríkisstarfsmanna og nýjar reglur settar um notkun ríkisstofnana á bifreiðum og greiðslu til starfsmanna fyrir akstur. Þá er sala á eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum þáttur í þeirri stefnu stjórnvalda að draga úr ríkisumsvifum. Margar þessara aðgerða eru þess eðlis, að þær þurfa eðlilega nokkurn undirbúningstíma og koma aðeins að takmörkuðu leyti fram í beinum sparnaði eða lækkun útgjalda í þessu frumvarpi.

Stefnt er að umfjöllun á Alþingi um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 samtímis fjárlagafrumvarpi. Brýnt er að mótuð verði heilsteypt stefna í ríkisfjármálum, peningamálum, fjárfestingu og lánsfjármálum, en slíka samræmda stefnu hefur mjög skort undanfarin ár. Lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs er mjög mikil 1984 og skýrist það af ýmsu. Afborganir af lánum ríkissjóðs verða alls um 1 140 m. kr. eins og fram kemur í 1. gr. frumvarpsins. Þar er m. a. um að ræða greiðslu á skyldusparnaði frá árinu 1978 að upphæð um 290 m. kr. Þá nema afborganir af lánum vegna byggðalína alls 150 m. kr. Auk þess nema vaxtagreiðslur vegna sömu lána um 270 m. kr. Afborganir og vextir byggðalínulána hafa ekki áður verið færðar í A-hluta fjárlagafrumvarpsins.

Mjög háar afborganir ríkissjóðslána 1984 leiða til þess að lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs er veruleg enda ekki afgangur á rekstrarreikningi. Þetta eykur þann vanda að ná greiðslujöfnuði í ríkisfjármálum, auk þess sem lánsfjárbörf ríkissjóðs er mjög umtalsverð og verður að beinast að innlendum lánsfjármarkaði. Efling innlands lánsfjármarkaðar er nú í athugun sem hluti af gerð lánsfjáráætlunar næsta árs. Þetta er eitt erfiðasta viðfangsefni stjórnvalda.

Vegna óvissu í þessum málum eru þrír framkvæmdaþættir áfram til úrlausnar og þeim því ekki gerð full skil í frumvarpinu. Í fyrsta lagi er lögð áhersla á húsnæðismál. Ríkisstjórnin skipaði nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Frumvarp til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins verður lagt fyrir Alþingi í þingbyrjun. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að öll lán hjá Byggingarsjóði ríkisins verði hækkuð um 50% um næstkomandi áramót, lánstími lengdur og lánin afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Þetta eykur fjárbörf til Húsnæðisstofnunar ríkisins verulega, en hér er um að ræða málaflökk, sem verið hefur í algerrri sjálfheldu, sem mikils er um vert að brjótast úr, sérstaklega fyrir ungt fólk, sem er að hefja lífsstarfið. Með þessum aðgerðum er einnig að því stefnt að jafna aðstoð ríkisins við þá sem byggja eigið húsnæði og þeirra sem fá svonefnt félagslegt húsnæði í verkamannabústöðum.

Í öðru lagi er stefnt að því að halda uppi öflugum framkvæmdum í vegamálum. Stefnt er að því að útgjöld til vegamála nemi allt að 2,2% af þjóðarframleiðslu 1984 en þetta er málaflökkur sem ríkisstjórnin vill skoða í samhengi við færar fjáröflunarleiðir. Að svo komnu máli miðast gjaldatala vegagerðar við tekjur af mörkuðum tekjustofnum og hreinu ríkisframlagi. Í þriðja lagi er lánsfjáröflun til ýmissa orkufyrirtækja, sérstaklega Landsvirkjunar, í athugun. Því koma ekki í B-hluta frumvarpsins fram áform um fjárfestingu á árinu 1984.

Um fyrirætlanir á öðrum sviðum en hér eru nefnd er fjallað í athugasemdum hér að neðan en ljóst er að fjárfesting hins opinbera dregst saman að raungildi allt að 8–9% miðað við fyrirbyggjandi áform.

Meginatriðið er að erlendar skuldir haldi ekki áfram að aukast. Því verða ýmsar þarfar framkvæmdir að bíða þess að á ný rofi til í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ríkisstjórnin vinnur nú markvisst að því að ná tókum á efnahagslífi landsmanna og fylgja eftir þeim árangri sem náðst hefur. Þetta fjárlagafrumvarp er mikilvægur liður í þeirri viðleitni og verður að skoðast í ljósi þess mikla og sérstaka vanda sem nú blasir við í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1983 OG ENDURSKOÐAÐA ÁÆTLUN 1983

Meginforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarp, fjárfestingar- og lánsfjáráætlun svo og þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 byggja í öllum meginatriðum á samræmdum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis á árunum 1983 og 1984. Til grundvallar liggur mörkuð stefna ríkisstjórnarinnar annars vegar frá því í maí 1983 með setningu bráðabirgðalaga nr. 56/1983, um fjármálaráðstafanir til verndar lífskjörum, og hins vegar stefna ríkisstjórnarinnar um breytingu launa og verðlags á árinu 1984.

Launaáætlun einstakra stofnana er í frumvarpinu í samræmi við áætlað launastig á árinu 1984, og er þá miðað við að laun hækki um 8% 1. júní og 4% 1. október 1983. Að auki er gengið út frá að laun á árinu 1984 verði 6% hærri en í árslok 1983. Laun opinberra starfsmanna hækka því að meðaltali um 14,5—15,0% milli árána 1983 og 1984. Hins vegar hafa launaáætlanir fyrir einstakar stofnanir verið lækkaðar um sem nemur 2,5%, sem er liður í sparnaðaráformum ríkisstjórnarinnar. Gert er ráð fyrir að verðlag á árinu 1984 verði að meðaltali 4% hærri en í árslok 1983. Er þá m. a. gengið út frá að hækkunarþörf á opinberri þjónustu hafi að fullu komið fram fyrir lok þessa árs. Hækkun milli árána 1983 og 1984 á helstu mælistikum innlends verðlags er því sú, að byggingarvísitala hækki um 22–23% og að hækkun verðlags á almennum rekstrargjöldum stofnana nemi svipuðu hlutfalli.

Tekju- og gjaldahlið frumvarpsins er reist á þeim verðlagsforsendum sem hér hafa verið raktar. Áætlun um tekjuhlið frumvarpsins mótast jafnframt af þjóðhagsforsendum um þróun kaupmáttar og ýmissa þjóðhagsstærða. Sýnt er að velta muni dragast saman um 4–5% en velta ræður meiru um tekjuöflun ríkissjóðs en flest annað. Tekjur af beinum sköttum eru miðaðar við að skattbyrði milli árána 1983 og 1984 aukist ekki og verður skattheimta ákveðin í samræmi við það. Frumvarp um skattvísitölu og skattþrep verður lagt fyrir Alþingi síðar.

Gjaldahlið frumvarpsins einkennist af aðhaldssemi í fjárframlögum. Launaliður er skertur um 2,5% frá áætlun og sömuleiðis almenn rekstrargjöld um 5%. Markvisst hefur verið dregið úr framlögum til sjóða, eru þau ýmist felld niður eða þá að hækkanir eru innan mjög þröngra marka. Framlög til verklegra framkvæmda eru að raungildi verulega dregin saman eða með öllu felld niður. Rekstrar- og neyslutilfærslur miðast við það að ýtrasta sparnaðar verði gætt.

Í inngangi athugasemdana með frumvarpinu eru sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar skýrðar. Áætlanir um rekstur B-hluta fyrirtækja ríkissjóðs eru miðaðar við sömu verðlagsforsendur og eiga við um A-hluta frumvarpsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að sparnaðaráform þau sem rakin hafa verið varðandi laun og önnur rekstrargjöld nái einnig til fyrirtækja í B-hluta. Mun það m. a. koma fram við ákvörðun á gjaldskrá þessara fyrirtækja á næsta ári. Um rekstur B-hluta fyrirtækja mun að venju verða nánar fjallað af fjárveitinganefnd Alþingis. Í nokkrum tilvikum er ólokið umfjöllun um fjárfestingar- og lánsfjármál orkufyrirtækja og húsnæðismálakerfisins. Um þessi mál mun m. a. verða fjallað í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins 1984.

Í eftirfarandi athugasemdum um gjalda- og tekjuhlið frumvarpsins er sýndur samanburður á fjárlögum fyrir árið 1983, endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1983 og fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984. Vegna gjörólíkra verðlagsforsendna í fjárlögum ársins 1983 og þess sem verður í reynd er samanburður þessa frumvarps marktækari um heildarniðurstöðu ríkisútgjalda sé miðað við áætlaða afkomu ríkissjóðs í ár heldur en fjárlög 1983.

Gjaldahlíð

Heildarútgjöld á rekstrareikningi 1984 eru áætluð 17 426 m. kr. og er það 34,3% hækkun frá fjárlögum 1983 en aðeins 10,0% hækkun frá áætlaðri útkomu ríkissjóðs 1983 eins og hún er metin í ágúst 1983. Frá því fjárlög ársins 1983 voru afgreidd á Alþingi í desember 1982 hafa fjölmargar veigamiklar ákvarðanir í ríkisfjármálum verið teknar. Útgjaldaáætlun fyrir árið 1984 borin saman við endurskoðaða áætlun um gjöld ársins 1983 gefur lýsandi mynd af þeirri aðhaldssemi í útgjöldum til allra málaflokka þegar verðlagsbreyting milli ára 1983 og 1984 er höfð í huga.

Endurskoðuð áætlun ársins 1983 er reist á athugun frá því í júní 1983 að viðbættum öllum þekktum breytingum til þess er fjárlagafrumvarpið er samið.

Í eftirfarandi yfirliti er sýndur samanburður á helstu tegundum útgjalda. Á eftir fer stutt yfirlit um einstaka gjaldaflokka ásamt meginskýringum um þá stefnu sem fram kemur í frumvarpinu. Fjárhæðir eru tilfærðar í milljónum króna en allar fjárhæðir í 1.—6. grein frumvarpsins eru í þúsundum króna.

	Endurskoðuð		Frumvarp 1984 (3)	Hækkun (3) / (1)	Hækkun (3) / (2)
	Fjárlög 1983 (1)	áætlun 1983 (2)			
Laun	3 752	4 263	4 875	29,9	14,4
Önnur rekstrargjöld	943	1 570	1 825	93,5	16,2
Viðhald	361	361	404	11,9	11,9
Vextir	365	590	840	130,1	42,4
Almannatryggingar	3 481	4 182	4 666	34,0	11,6
Niðurgreiðslur	839	1 033	1 010	20,4	—
Útflutningsuppbætur	263	225	280	6,5	24,4
Efnahagsráðstafanir	130	—	—	—	—
Niðurgreiðslur á rafhitun	35	185	230	—	24,3
Verðjöfnunargjald á raforku	120	200	240	100,0	20,0
Aðrar rekstrartilfærslur	897	1 304	1 143	27,2	—
	11 186	13 913	15 513	38,7	11,5
Sértekjur	256	350	537	109,8	53,4
Rekstrarliðir samtals	10 930	13 563	14 976	37,0	10,4
Framkvæmdaframlög:					
Verklegar framkvæmdir	1 172	1 409	1 411	20,4	—
P. a. vegagerð	(437)	(545)	(580)	32,7	6,4
Fjárfestingarstyrkir	88	88	88	—	—
P. a. vegagerð	(71)	(68)	(70)	—	—
Framlög til sjóða og lána	783	783	951	21,5	21,5
Framkvæmdaframlög alls	2 043	2 280	2 450	19,9	7,6
Útgjöld samtals	12 973	15 843	17 426	34,3	10,0

Laun. Launaliður frumvarpsins nemur í heild 4 875 m. kr. og er það 29,9% hækkun frá fjárlögum 1983 en 14,4% hækkun frá áætlaðri útkomu 1983. Laun einstakra stofnana eru áætluð á verðlagi á árinu 1984 eins og fram er komið. Í fjárlögum ársins 1983 var sá háttur aftur á móti á hafður að áætla fyrir launabreytingum innan fjárlagaársins á sérstökum lið fjármálaráðuneytisins, alls 482 m. kr. Þróun launa frá fjárlögum 1983 er sem hér segir: Grunnlaun opinberra starfsmanna hækkðu um 2,1% 1. jan. 1983. Áhrif sérkjarasamninga á árinu 1982 við fjölmenna hópa opinberra starfsmanna eru metin til 7—10% hækkunar grunnlauna. Verðbótavísitala launa hefur breyst þannig, að 1. mars 1983 nam hækkunin 14,74% og skv. ákvæðum laga nr. 56/1983 hækkðu laun um 8% 1. júní og hækka um 4% 1.

okt. 1983. Á árinu 1984 er reiknað með 6% veginni hækkun eins og fram er komið, alls 300 m. kr. fyrir A-hluta ríkissjóðs. Í kaflanum um meginforsendur frumvarpsins kemur fram að gert er ráð fyrir að ná fram sparnaði í launum er nemur 2,5% á næsta ári. Lækkar því launatala allra stofnana um 2,5% frá því sem annars hefði verið. Miðað við ofangreindar forsendur lætur nærri að launaliðir einstakra stofnana í A-hluta fjárlaga hækki um 47,5% frá fjárlögum 1983.

Hækkun launaliðar vegna fjölgunar á stöðugildum er óveruleg eins og frumvarpið ber með sér í athugasemdum hér að neðan. Óhjákvæmilegt er þó að taka tillit til þeirra stöðugilda sem heimiluð voru við afgreiðslu fjárlaga ársins 1983 en falla ekki að öllu leyti til á þessu ári. Á þetta við um stöður í heilbrigðiskerfinu og á stofnunum fatlaðra, en þar varð nokkur fjölgun starfsmanna við afgreiðslu fjárlaga 1983. Í frumvarpinu fjölga stöðum aðallega með eftirfarandi hætti: Teknar verða í notkun nýjar stofnanir fatlaðra og leiðir það til þess að áætlað er fyrir um fimmtíu nýjum stöðugildum. Þá er óhjákvæmilegt að stöðum kennara fjölgi nokkuð, en það er að hluta vegna áhrifa kjarasamninga um styttingu kennsluskyldu og að hluta vegna fjölgunar nemenda. Aðrar breytingar á starfsmannahaldi eru minniháttar. Eins og áður sagði er mörkuð sú stefna um aðhald ríkisútgjalda á árinu 1984 að lækka launalið allra stofnana og fyrirtækja ríkissjóðs um 2,5%. Sparnaður í A-hluta er alls áætlaður 122 m. kr. Þá má nefna að grunnlaun starfsmanna utanríkisþjónustunnar hafa verið lækkuð um 9% frá árinu 1983. Er þetta gert til samræmis við skerðingu launa héraðs og skerðingu námslána. Settar verða reglur um starfsmannahald ríkisins sem m. a. taka til endurráðningar í stöður, sumarafleysinga og yfirvinnu. Launaliðurinn í heild er talinn hækka um 14,4% frá áætlaðri útkomu 1983. Til samanburðar er vegin meðallauna-hækkun milli árána 1983 og 1984 metin 14,5—15,0%.

Önnur rekstrargjöld. Þessi gjaldaliður nemur alls 1 825 m. kr. og er hækkun frá fjárlögum 1983 882 m. kr. eða 93,5%. Við áætlun þessa liðar er sá háttur hafður á að stofnanir og fyrirtæki áætla rekstrargjöld á því verðlagi er gildi í maí/júní 1983. Rekstrargjöld eru síðan færð upp með tilliti til verðlagsbreytinga á hliðstæðan hátt og á við um launaliðinn. Rekstrargjöld eru færð upp um 26% frá maí/júní til áramóta 1983, en þá er bætt við 4% veginni hækkun á árinu 1984 í samræmi við forsendur frumvarpsins um verðlagsbreytingar á næsta ári. Tvennt þarf sérstaklega að nefna. Í fyrsta lagi var ákveðið við áætlun á öðrum rekstrargjöldum fyrir árið 1984 að taka mið af niðurstöðu ríkisreiknings árin 1981 og 1982. Með þessu hefur verið leitast við að áætla rekstrarumfang stofnana á næsta ári út frá raunverulegum útgjöldum. Af þessu leiðir að rekstrargjöld hjá einstökum stofnunum hækka mjög mismikið og í mörgum tilvikum langt umfram áætlaða verðlagshækkun milli árána 1983 og 1984. Í almennum athugasemdum um einstakar stofnanir er ekki talin ástæða til umfjöllunar um þessa ákvörðun sérstaklega. Í öðru lagi er til þess ætlast að stofnanir og fyrirtæki leiti sparnaðar og hagræðingar í almennum rekstri. Í samræmi við þetta eru önnur rekstrargjöld stofnanna lækkuð um 5% eða alls í A-hluta ríkissjóðs um 95 m. kr.

Viðhald. Viðhaldsliður er í heild 404 m. kr. í frumvarpinu og er það 11,9% hækkun frá fjárlögum ársins 1983. Þessi litla hækkun á viðhaldi skýrist af tvennu: Í fyrsta lagi er fjármögnun vegagerðar að öðru leyti en því er tekur til markaðra tekjustofna og ríkisframlags enn óákveðin og hækkar vegaviðhald þannig aðeins um 13,5%. Í öðru lagi hefur nú verið áætlað fyrir viðhaldi sjúkrahúsa undir daggjöldum hjá Tryggingastofnun ríkisins en var í fjárlögum 1983 áætlað sem sérstakur liður. Að þessu undanskildu hækkar almennt viðhald um 136 m. kr. sem er hækkun um 47,6% frá fjárlögum 1983.

Vextir. Heildarvaxtagreiðslur ríkissjóðs á árinu 1984 eru áætlaðar 840 m. kr. eða 130,1% hærri fjárhæð en í fjárlögum og 42,4% hærri fjárhæð en endurskoduð áætlun 1983

miðast við. Áætlunin byggist á forsendum frumvarpsins um þróun verðlags og gengis. Sá þáttur sem mestu veldur um hækkun vaxta er, að á árinu 1983 var ákveðið að lán vegna byggðalínuf framkvæmda teldust til ríkissjóðslána. Vaxtagreiðslur af þessum lánum einum nema alls 267 m. kr. eða um þriðjungum allra vaxtagreiðslna. Ekki er áætlað fyrir vöxtum af yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabanka í árslok 1983, enda óákveðið hvernig með verður farið.

Almannatryggingar. Heildarframlag til almannatrygginga er áætlað 4 666 m. kr. og hækkar um 34% frá fjárlögum 1983, en 11,6% frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1983. Gengið er út frá sömu forsendum um verðlag og eiga við laun og almennt verðlag í frumvarpinu. Framlag til lífeyristrygginga áætlast 2 263 m. kr. sem er um 30% hækkun frá fjárlögum 1983. Gert er ráð fyrir 2% magnaukningu frá fyrra ári og er það byggt á reynslu undanfarinna ára. Útgjöld sjúkratrygginga eru áætluð 2 375 m. kr. og er það 37,4% hækkun frá fjárlögum. Vegna slysatrygginga áætlast 28 m. kr. og er það 86% hækkun frá fjárlögum. Útgjöld til almannatrygginga eru lækkuð um 300 m. kr. og er fyrirhugað að lækkun útgjalda verði náð bæði á sviði lífeyristrygginga en þó sérstaklega í sjúkratryggingum. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti mun leggja fram tillögur um þetta atriði.

Niðurgreiðslur. Framlag til þessa liðar nemur alls 1 010 m. kr., en hliðstæð fjárhæð í fjárlögum 1983 nam 839 m. kr., þar af 33 m. kr. til lífeyrissjóðs bænda. Á árinu 1983 hafa verið teknar ákvarðanir sem leitt hafa til aukinna útgjalda ríkissjóðs. Er þannig gert ráð fyrir að heildarútgjöld til niðurgreiðslna á vöruverði nemi samtals 1 033 m. kr. Ákvarðanir sem hér um ræðir eru: Þátttaka ríkissjóðs í vaxta- og geymslugjaldi sem talið er að kosti 178 m. kr. en ekki var áætlað fyrir vaxta- og geymslugjaldi í fjárlögum 1983. Sérstök niðurgreiðsla á 2 200 tonnum kindakjöts sem mun kosta um 16 m. kr. Á árinu 1984 er áætlað að til niðurgreiðslna á vöruverði verði varið 964 m. kr. og að framlag til lífeyrissjóðs bænda nemi 46 m. kr.

Útflutningsuppbætur. Á árinu 1983 er talið að útflutningsbótaréttur vegna 10% marksins nemi um 315—330 m. kr. Samdráttur í framleiðslu leiðir hins vegar til þess að einungis 225 m. kr. verða nýttar á árinu 1983 vegna framleiðsluársins 1982/83. Útgjöld á árinu 1984 eru áætluð 280 m. kr. í samræmi við horfur um framleiðslu á árinu 1983/84 og að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Efnahagsráðstafanir. Í fjárlögum 1983 voru áætlaðar 130 m. kr. til þess að mæta útgjöldum tengdum efnahagsaðgerðum. Fjárveiting ársins 1983 var að hluta ráðstafað til þess að greiða uppbætur á lægstu laun. Ekki er áætlað fyrir sérstöku framlagi af þessu tagi á árinu 1984.

Niðurgreiðsla vegna rafhitunar. Í frumvarpinu er alls gert ráð fyrir 230 m. kr. renni til þessa verkefnis á árinu 1984. Á öðrum fjárlagalið er áætlað fyrir 61 m. kr. til niðurgreiðslu á olíu vegna húshitunar. Samtals fara því 291 m. kr. til lækkunar á húshitunarkostnaði. Í fjárlögum ársins 1983 voru 35 m. kr. ætlaðar til niðurgreiðslu á rafhitun en núverandi ríkisstjórn tók þá ákvörðun að stórauka niðurgreiðslur á rafhitun. Ákveðið hefur verið að verja 185 m. kr. til þessa málefns á árinu 1983.

Aðrar rekstrartilfærslur. Alls nema aðrar rekstrartilfærslur 1 143 m. kr. og er það 27,2% hækkun frá fjárlögum. Hér er um að ræða ýmiss konar tilfærslur til neyslu og rekstrar sem ekki eru tilfærðar annars staðar í yfirlitinu hér á undan. Þyngst vega framlög til fyrirtækja og

sjóða í B-hluta frumvarpsins. Einstök framlög hækka mismikið en sérstaklega skal getið framlags til Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem nemur 400 m. kr. og hækkar um 173 m. kr. eða 76,2% frá fjárlögum. Um önnur framlög er fjallað í greinargerðinni hér að neðan. Áætluð fjárhæð á þessum lið í endurskoðaðri áætlun 1983 er alls 1 304 m. kr. Nokkurrar óvissu gætir um skiptingu rekstrarútgjalda milli gjaldategunda. Í lok ársins kann því svo að fara að nokkur tilfærsla verði milli gjaldaliðanna rekstrartilfærslur og önnur rekstrargjöld.

Sértekjur. Áætlaðar sértekjur stofnana nema alls 537 m. kr. og er það 109,8% hækkun frá áætluðum sértekjum í fjárlögum 1983. Til samræmis við raunhæfara mat á rekstrargjöldum stofnana hafa sértekjur þeirra verið lagfærðar með tilliti til rauntalna liðinna ára. Stofnanir áætluðu sértekjur á verðlagi í maí/júní s. l. Til samræmis við uppfærslu launa og rekstrargjalda hafa sértekjur verið færðar upp til næsta árs um 19% frá áætlunartölu.

Framkvæmdaframlög. Framkvæmdaframlög nema samtals 2 450 m. kr. og er það 19,9% hækkun frá fjárlögum 1983. Þar af eru verklegar framkvæmdir 1 411 m. kr. og hækka þau um 20,4% frá fjárlögum 1983. Við ákvörðun framlaga til verklegra framkvæmda hafa eftirfarandi meginforsendur verið lagðar til grundvallar: Framlög til einstakra framkvæmda-flokka hækka að jafnaði um 11% frá fjárlögum 1983. Á það m. a. við um fjárveitingar til grunnskóla, dagvistarheimila, sjúkrahúsa, flugvalla og hafnargerðar. Framlög til þeirra framkvæmda, þar sem gerðir hafa verið bindandi verksamningar, eru við það miðuð að unnt sé að uppfylla ákvæði þeirra samninga. Nánari grein er gerð fyrir þessum þáttum í greinargerð viðkomandi stofnana.

Fjárfestingarstyrkir eru í heild óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1983. Er það í samræmi við eina af meginforsendum frumvarpsins um að framlög til einstaklinga og samtaka séu sem mest óbreytt frá árinu 1983.

Framlög til sjóða og lánagreiðslna nema samtals 951 m. kr. og er það hækkun um 21,5% frá fjárlögum 1983. Varðandi framlög til sjóða hefur verið stuðst við eftirfarandi forsendur: Framlög til atvinnuvegasjóða hafa verið felld með öllu niður. Þá hækka framlög til nokkurra sjóða um 10% og til annarra um 20%. Eina undantekningin frá þessu eru framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Framlög ríkissjóðs eru því verulega skert frá því sem gildandi lög um sjóðina kveða á um. Verður því eins og áður nauðsynlegt að leita sérstaks samþykkis Alþingis fyrir þeirri skerðingu á framlögum sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Eins og áður er að vikið er fjármögnun til vegagerðar að hluta óráðin. Heildargjaldfærsla til vegagerðar nemur því 949 m. kr. í frumvarpinu en samsvarandi fjárhæð var 838 m. kr. í fjárlögum. Við afgreiðslu Alþingis á vegáætlun fyrir árið 1983 var ákveðið að til vegamála rynnu alls 1 049 m. kr. á árinu 1983. Óráðin fjáröflun til vegagerðar 1984 leiðir m. a. til þess að framkvæmdatölur vegagerðar hækka óverulega frá fjárlögum 1983 og endurskoðaðri áætlun ársins 1983. Samanburður á framkvæmdaframlögum milli árana 1983 og 1984 er því ekki að öllu leyti marktækur.

Tekjuhlíð

Áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1984 er að venju gerð í Þjóðhagsstofnun. Áætlunin sýnir innheimtar tekjur og er meðal annars reist á þeim þjóðhagsforsendum, sem getið er um hér að framan, og áætlun um tekjuinnheimtu ríkissjóðs á árinu 1983.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1984 eru áætlaðar samtals 17 435 m. kr. samanborið við 14 865 m. kr. í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1983 og 13 007 m. kr. í fjárlögum ársins 1983. Hækkun heildartekna ríkissjóðs 1984 frá endurskoðaðri áætlun fyrir 1983 nemur 2 570 m. kr., eða 17,3%, en hækkunin frá fjárlögum 1983 er hins vegar 34%. Til

samanburðar má nefna, að innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1983 eru taldar munu aukast um 58,3% frá 1982. Hér á eftir er gerð grein fyrir endurskoðaðri áætlun helstu tekjustofna ríkissjóðs á árinu 1983 svo og áætlun fyrir árið 1984.

	1981	1982	Fjárlög 1983	Endur- skoðuð áætlun 1983	Frumvarp 1984
Innheimtar tekjur ríkissjóðs, m. kr.	5 995	9 389	13 007	14 865	17 435
Hækkun frá fyrra ári, %	62,9	56,6	38,5	58,3	17,0

Eignarskattar. Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður eignarskattur einstaklinga á árinu 1983 tæplega 234 m. kr., sem er meira en tvöföldun frá árinu áður. Álagning eignarskatts á félög hækkaði mun minna, eða um tæplega 55%. Heildarálagning eignarskatta á árinu 1983 yrði samkvæmt þessu um 82% hærri en 1982, en á fjárlögum 1983 var gert ráð fyrir um 74% hækkun milli árána 1982 og 1983.

Áætlun um álagningu eignarskatta á árinu 1984 er miðuð við þá meginforsendu, að skattbyrði milli árána 1983 og 1984 aukist ekki og verður skattvísitala og aðrir þættir, sem varða álagningu eignarskatts, ákveðnir í samræmi við það, meðal annars með hliðsjón af hækkun fasteignamats milli ára. Á þessum forsendum er áætlað að innheimta eignarskatts einstaklinga nemi 260 m. kr. og innheimta eignarskatts félaga 160 m. kr. á árinu 1984.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að innheimta sérstaks skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði um 50 m. kr., eða óbreytt frá fjárlögum. Í tekjuáætlun 1984 er gert ráð fyrir að skattur þessi verði lagður á og innheimtur með svipuðum hætti og verið hefur. Jafnframt er áætlunin fyrir 1984 reist á sömu forsendum og eignarskattsáætlunin. Í þessu felst að innheimta skattsins er áætluð 65 m. kr. 1984, að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Tekjuskattar. Álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1983, brúttó, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu eignarskatts, sjúkratryggingagjalds og útsvars hefur verið dreginn frá, nam samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra 2 525 m. kr. Hækkun frá frumálagningartölum fyrra árs nemur um 51%. Hækkun barnabóta nam hins vegar um 88% og hækkun persónuafsláttar um 80% og gætti þar áhrifa bráðabirgðalaga nr. 56 frá 27. maí 1983, þar sem kveðið var á um sérstaka hækkun barnabóta og persónuafsláttar við álagningu tekjuskatts á árinu 1983. Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga hækkaði af þessum sökum minna en brúttóálagningin, eða um 46%, miðað við frumálagningu 1982. Miðað við svipað innheimtuhlutfall á þessu ári og í fyrra er áætlað að nettóinnheimta tekjuskatts einstaklinga á þessu ári nemi um 1 475 m. kr.

Áætlun frumvarpsins um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1984 er við það miðuð að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum greiðsluárs, og verður skattvísitala ákveðin í samræmi við það. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að innheimta tekjuskatts á árinu 1984 verði 1 885 m. kr. eða rúmlega 28% hærri en á þessu ári. Er þá gengið út frá svipuðu innheimtuhlutfalli og á þessu ári að teknu tilliti til innheimtueftirstöðva fyrri ára.

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1983 nemur 88 m. kr., sem er tæplega 57% hækkun frá álagningu fyrra árs. Við áætlun fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að gjaldið verði framlengt óbreytt og gengið út frá sömu forsendum og í tekjuskattsáætluninni hér að framan. Samkvæmt því er áætlað að álagning gjaldsins nemi um 104 m. kr. og að nettóinnheimta álagningar og eftirstöðva verði um 100 m. kr.

Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra nam álagður tekjuskattur á félög rúmlega 460 m. kr. á þessu ári, sem er um 55% hækkun frá fyrra ári. Hér er um frumálagningartölur að

ræða og miðað við reynslu undanfarinna ára má ætla að endanlegar álagningartölur verði talsvert lægri. Miðað við svipaðan mun á frumálagningu og endanlegri álagningu og í fyrra, en heldur slakari innheimtu, er áætlað að innheimta tekjuskatts félaga nemi um 285 m. kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir árið 1984 er gengið út frá svipuðum forsendum um skattbyrði og gert var hér að framan. Samkvæmt því er talið að innheimta tekjuskatts félaga á næsta ári nemi um 340 m. kr.

Gjöld af innflutningi. Í fjárlögum ársins 1983 voru almennar tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar 1 496 m. kr. Þessi áætlun var reist á ákveðnum reikniforsendum um verðlags- og gengisbreytingar. Enn fremur almennum þjóðhagsforsendum, sem gerðu ráð fyrir talsverðum samdrætti í almennum vöruinnflutningi, svo og verulegum samdrætti í bilainnflutningi frá því sem var 1982. Í endurskoðaðri tekjuáætlun fyrir árið 1983 er gert ráð fyrir að almennar tolltekjur verði talsvert hærri en reiknað var með á fjárlögum, eða um 1 745 m. kr. Hér kemur einkum tvennt til. Annars vegar hafa verðlags- og gengisbreytingar orðið mun meiri en reikniforsendur fjárlaganna miðuðust við. Á móti vegur hins vegar að samdráttur í veltu hefur orðið meiri en þá var gert ráð fyrir. Þannig lætur nærri, að fyrstu átta mánuði ársins hafi tolltekjur ríkissjóðs dregist saman að raungildi um meira en fimmtung frá sama tíma í fyrra miðað við almennar verðbreytingar á þessu tímabili. Þessu til viðbótar má nefna að á síðari hluta ársins hafa tollar á ýmsum vörflokkum verið lækkaðir. Samdráttur í innflutningi gætir einkum í bilainnflutningi, og er nú talið að tolltekjur af bílum verði aðeins um 10% meiri á þessu ári en í fyrra, þrátt fyrir tæplega 90% hækkun meðalverðs á bílum í krónum talið milli 1982 og 1983. Í þessu felst um 45% samdráttur frá fyrra ári. Tollhlutfall virðist á hinn bóginn vera svipað og 1982.

Í áætlun fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í veltu frá því sem talið er að verði að meðaltali á þessu ári, um 4–5%. Samkvæmt þessu, svo og með hliðsjón af þeim forsendum sem raktar eru hér að framan, er áætlað að almennar tolltekjur nemi 1 860 m. kr., eða tæplega 7% meira en í áætlun fyrir árið 1983. Hlutfall tolltekna af heildartekjum ríkissjóðs yrði samkvæmt þessu um 10,7% á næsta ári, samanborið við 11,7% í áætlun fyrir þetta ár, 13,1% 1982 og 13,5% 1981.

Innflutningsgjald af bensíni er áætlað 463 m. kr. 1983 og er þá gengið út frá óbreyttri bensínsölu frá fyrra ári, eða 127 milljónum lítra. Í áætlun fyrir árið 1984 er reiknað með svipaðri bensínsölu og innflutningsgjöld samkvæmt því áætluð 605 m. kr.

Innflutningsgjald af bifreiðum var í fjárlögum 1983 áætlað 110 m. kr. Var þá miðað við gjaldhlutfallið eins og það var ákveðið með reglugerð nr. 466/1982, eða um 16–17% af cifverðmæti, svo og með hliðsjón af forsendum um bilainnflutning á árinu 1983. Með reglugerð nr. 481/1983 var gjaldhlutfallið lækkað um 8 prósentustig frá 1. júlí síðastliðnum. Með hliðsjón af þessari lækkun má ætla að gjaldhlutfallið sé nú að meðaltali um 8–9% af cifverðmæti. Þar sem nú er gert ráð fyrir meiri samdrætti í bilainnflutningi en talið var við fjárlagaáætlunina, svo og að teknu tilliti til lækkunar gjaldhlutfallsins, er nú áætlað að innheimtar tekjur af innflutningsgjaldi af bílum verði um 74 m. kr. á þessu ári.

Miðað við óbreytt gjaldhlutfall á næsta ári og svipaðan bilainnflutning og á þessu ári er áætlað að tekjur af gjaldinu á næsta ári gætu numið um 52 m. kr.

Í heild eru gjöld af innflutningi áætluð 2 472 m. kr. á þessu ári, samanborið við 2 159 m. kr. í fjárlagaáætlun. Hækkunin frá 1982 er um 41%, samanborið við tæplega 49% hækkun milli árána 1981 og 1982. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildargjöld af innflutningi verði 2 716 m. kr. á árinu 1984, eða tæplega 10% meiri en á þessu ári. Samkvæmt þessu yrðu innflutningsgjöld um 15,6% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 1984, samanborið við 16,6% í áætlun þessa árs, 18,7% 1982 og 19,6% 1981.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum eru áætlaðar tæplega 1 158 m. kr. á árinu 1983. Álgjald er áætlað tæplega 25 m. kr. á þessu ári. Er þá miðað við 78 000 tonna framleiðslu, lágmarksgjald 20 dollara á hvert tonn og óbreytta skiptingu gjaldsins milli viðtakenda. Sérstakt vörugjald af innfluttum vörum er áætlað 950 m. kr. 1983 og sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu 130 m. kr.

Í áætlun fyrir árið 1984 er álgjald talið geta skilað 30 m. kr., miðað við óbreyttar forsendur. Í heild eru skattar af framleiðslu taldir geta numið 1 228 m. kr. á árinu 1984 og er þá miðað við þær þjóðhagsforsendur sem áður voru raktar. Í þessu felst um 6% hækkun frá áætlun 1983.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Heildartekjur undir þessum lið voru í fjárlögum 1983 áætlaðar 6 420 m. kr. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að tekjurnar verði um 7 695 m. kr., eða um 20% hærri. Áætlun um gjöld byggð á söluskattsgrunni fyrir árið 1984 er reist á þeim þjóðhagsforsendum sem raktar voru hér að framan. Samkvæmt því er áætlað að innheimt sölugjald nemi um 6 880 m. kr. á næsta ári, eða um 21% hærri en í áætlun fyrir árið 1983. Skýringin á mun meiri hækkun söluskattstekna á næsta ári en tolltekna felst meðal annars í því að innlendar verðbreytingar frá meðaltali þessa árs til áætlaðs meðalverðlags 1984 eru mun meiri en sem nemur breytingum á innflutningsverði í krónum talið, auk þess sem gert er ráð fyrir heldur minni samdrætti í söluskattsveltu en í innflutningi. Hluttur sölugjalds í heildartekjum ríkissjóðs 1984 yrði samkvæmt þessu rúmlega 39% samanborið við rúmlega 38% 1983 og 36% 1982. Hluttur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er hér ekki meðtalin, en hann er áætlaður 415 m. kr. 1983 og 500 m. kr. 1984.

Af öðrum helstu tekjustofnum undir þessum lið má nefna að launaskattur er áætlaður 890 m. kr. 1984, samanborið við 700 m. kr. á þessu ári. Rekstrarhagnaður ÁTVR er áætlaður 980 m. kr. á næsta ári, samanborið við 915 m. kr. í endurskoðaðri áætlun 1983.

Aðrir óbeinir skattar eru nú áætlaðir 929 m. kr. á þessu ári. Helstu breytingar frá fjárlögum felast í meiri tekjum af stimpilgjaldi og bifreiðaskatti en áður var reiknað með, en á móti vegur hins vegar að sérstakt 10% álag á ferðamannagjaldeyri var fellt niður með bráðabirgðalögum nr. 62 29. júlí síðastliðinn. Áætlað tekjutap vegna niðurfellingarinnar er talið nema 25–30 m. kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir árið 1984 eru heildartekjur undir þessum lið taldar nema 951 m. kr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta eru taldar verða 24 m. kr. á þessu ári. Í áætlun fyrir 1984 er gert ráð fyrir talsverðri hækkun, upp í 57 m. kr., einkum vegna aukinna tekna af fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli.

Ýmsar tekjur eru áætlaðar 220 m. kr. á þessu ári og í áætlun fyrir árið 1984 er reiknað með sömu fjárhæð.

Í yfirlitinu, sem hér fylgir, koma fram áætlaðar tekjur ríkissjóðs árið 1984 samkvæmt frumvarpi þessu og samanburður við fjárlög 1983 og endurskoðaða tekjuáætlun fyrir árið 1983.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1983–1984.

Innheimtar tekjur í m. kr.

	Endurskoðuð		
	Fjárlög 1983	áætlun 1983	Frumvarp 1984
1. Eignarskattar	354	417	525
2. Tekjuskattar	2 068	1 951	2 467
3. Gjöld af innflutningi	2 159	2 472	2 716
a) Almenn aðflutningsgjöld	1 496	1 745	1 860
b) Bensín- og gúmmígjald	407	463	605
c) Innflutningsgjald af bifreiðum	110	74	52
d) Annað	146	190	199
4. Skattar af framleiðslu	980	1 157	1 228
a) Sérstakt vörugjald	910	1 080	1 140
b) Annað	70	77	88
5. Skattar af seldri vöru og þjónustu	6 420	7 695	9 271
a) Sölugjald	4 610	5 685	6 880
b) Launaskattur	590	700	890
c) ÁTVR	830	915	980
d) Annað	390	395	521
6. Aðrir óbeinir skattar	797	929	951
7. Arðgreiðslur úr B-hluta	24	24	57
8. Ýmsar tekjur	205	220	220
Samtals	13 007	14 865	17 435
Beinir skattar	2 422	2 368	2 992
Óbeinir skattar	10 356	12 253	14 166
Aðrar tekjur	229	244	277

Heildarinnheimta ríkissjóðs á árinu 1983 er áætluð 14 865 m. kr. eða rúmlega 58% meiri en 1982. Hækkunin á næsta ári er hins vegar mun minni, eða rúmlega 17% miðað við endurskoðaða tekjuáætlun 1983, 34% miðað við fjárlög 1983. Hluttur beinna skatta í heildartekjum ríkissjóðs er samkvæmt yfirlitinu talinn 17,2% 1984, en 15,9% 1983 (18,6% í fjárlögum 1983). Hluttur óbeinna skatta er talinn verða 81,2% 1984, en 82,4% 1983 (79,6% í fjárlögum 1983).

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins koma fram lánahreyfingar A- og B-hluta ríkissjóðs. Innsteymi umfram útsteymi á lánahreyfingum nemur 30 600 þús. kr. Þessu veldur slæm rekstrarafkoma ríkissjóðs auk neikvæðrar hreyfingar á viðskiptareikningum sem er áætluð 20 000 þús. kr. Við samanburð á lánahreyfingum milli ára ber að hafa í huga að tilfærsla hefur orðið á lánum úr B-hluta yfir í A-hluta ríkissjóðs í tengslum við sölu byggðalína til Landsvirkjunar.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. er sýnd heildarfjáröflun til A- og B-hluta ríkissjóðs og er hún áætluð 2 358 421 þús. kr. á árinu 1984. Þar af er fyrirhuguð fjáröflun af útgáfu nýrra spariskírteina að fjárhæð 200 000 þús. kr. og innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé sem nemur 636 700 þús. kr. Innlausn eldri spariskírteina er áætluð 170 000 þús. kr., þar af 109 306 þús. kr. vegna lokagjalddaga 2. flokks, sem var útgefinn 1970. Önnur innlend og erlend lánsfjáröflun nemur alls 1 521 721 þús. kr. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 mun gerð nákvæm grein fyrir lántökuáformum ríkissjóðs umfram það sem hér kemur fram. Þá nemur afborgun Landsvirkjunar af láni sem ríkissjóður veitti fyrirtækinu við yfirtöku þess á eignum

byggðalína 103 000 þús. kr. Aðrar afborganir af veittum lánum ríkissjóðs eru áætlaðar 5 000 þús. kr. Heildarinnstreymi á lánahreyfingum til A-hluta nemur því 1 248 000 þús. kr. Heimildar til innlendra lántöku umfram þá sem aflað er samkvæmt 6. gr. frumvarpsins og heimildar til erlendra lántöku mun leitað með frumvarpi til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Lánahreyfingar út

Útstreymi á lánahreyfingum ríkissjóðs er tvíþætt: Hlutfjár- og eiginfjárframlög ríkissjóðs og afborganir af áhvílandi lánum. Hlutfjár- og eiginfjárframlög ríkissjóðs eru áætluð 75 000 þús. kr. á árinu 1984. Hér er um að ræða eftirtalin framlög: 1) Í samræmi við lög nr. 13/1981 er ríkisstjórninni heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Útvegsbankans í Seðlabanka Íslands. Föst árleg greiðsla að fjárhæð 7 500 þús. kr. skoðast sem eiginfjárframlag ríkissjóðs til bankans. Er þetta þriðja greiðslan af tólf. 2) Stofnfjárframlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, nemur alls 3 660 þús. kr., vegna væntanlegra ákvarðana aðildarríkjanna um 7. stofnfjárframlagið til stofnunarinnar. Á árinu 1983 runnu 3 660 þús. kr. til IDA. Auk þess voru teknar 3 660 þús. kr. að láni hjá Seðlabanka Íslands til að ljúka greiðslu 6. stofnfjárframlags Íslands til stofnunarinnar. 3) Samkvæmt lögum nr. 32/1982 var ríkisstjórninni falið að semja um aukningu á hlutfjáreign Íslands í Alþjóðabankanum. Á árunum 1984—1987 verður hlutfjárframlag Íslands 11 856 þús. kr., föst upphæð á ári hverju. 4) Á fundi Norðurlandsráðs 1983 var samþykkt að auka hlutfé Norræna fjárfestingarbankans úr 400 milljónum SDR í 800 milljónir SDR. Framlag Íslands þarf að nema jafngildi 110 þús. SDR á ári hverju á tímabilinu 1984—1986. Hlutfjárframlag Íslands 1984 er því áætlað 3 306 þús. kr. 5) Samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 45/1983 var ríkisstjórninni heimilað að greiða helming afborgana og vaxta af 80 000 þús. kr. láni sem Áburðarverksmiðja ríkisins tók á árinu 1983 og skyldi litið á þær greiðslur sem stofnfjárframlag ríkissjóðs til saltpéturssýruverksmiðju. Áætlaðar greiðslur ríkissjóðs af þessari skuldbindingu nema 25 500 þús. kr. á árinu 1984. 6) Að síðustu er áætlað fyrir hlutfjárframlögum ríkisins í ýmsum fyrirtækjum sem það á aðild að í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins og heimildir í ýmsum sérlægum alls að fjárhæð 23 178 þús. kr. Afborganir ríkissjóðs af áhvílandi lánum eru áætlaðar alls 1 142 400 þús. kr. Vegna þröngrar greiðslufjárstöðu ríkissjóðs er ekki gert ráð fyrir neinum afborgunum af lánum í Seðlabankanum á árinu 1984. Afborganir af byggðalínulánum nema alls 150 400 þús. kr. Hér er um að ræða tilflutning úr B-hluta yfir í A-hluta ríkissjóðs. Í tengslum við sölu ríkisins á byggðalínum o. fl. til Landsvirkjunar voru áhvílandi lán á þeim færð yfir í A-hluta ríkissjóðs, en hingað til hefur allur fjármagnskostnaður af byggðalínum verið færður hjá Orkusjóði í B-hluta. Afborganir til annarra aðila nema 992 000 þús. kr. Hér er um verulega aukningu að ræða miðað við þennan lið á fjárlögum 1983, sem skýrist að miklu leyti af því að á árinu 1984 ber ríkissjóði að leysa inn skyldusparnað frá árinu 1978, alls 288 800 þús. kr., sbr. yfirlit í lok þessa kafla athugasemdanna. Heildarútstreymi á lánahreyfingum nemur því alls 1 217 400 þús. kr.

Heildarráðstöfnun lánsfjár til A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 2 188 421 þús. kr. Áætluð lánsfjárbörf A-hluta nemur 1 140 000 þús. kr. og er hér um verulega hækkun að ræða frá lánsfjárlögum 1983, þar sem sambærileg fjárhæð nam 525 000 þús. kr. Lánsfjárráðstöfun til B-hluta er áætluð 1 048 421 þús. kr., en nam samkvæmt lánsfjárlögum 1983 alls 1 197 730 þús. kr.

Hér á eftir fer skipting lánsfjáröflunar til A-hluta ríkissjóðs og einstakra B-hluta stofnana samkvæmt lánsfjárlögum 1983 og frumvarpi til fjárlaga 1984. Að auki er gerð sérstök grein fyrir hverjum lið um sig varðandi lántökuáform á árinu 1984.

Lánsfjárbörf ríkissjóðs skv. fjárlögum 1983 og frumvarpi til fjárlaga 1984

	Lánsfjár- lög 1983 þús. kr.	Fjárlaga- frumvarp 1984 þús. kr.
A-hluti:		
Lántökubörf A-hluta ríkissjóðs	525 000	1 140 000
B-hluti:		
Byggðasjóður	100 000	120 000
Landakaup kaupstaða og kauptúna	1 000	1 000
Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna	10 000	12 000
Jarðasjóður	5 000	—
Lánasjóður íslenskra námsmanna	138 000	258 437
Lagmetisiðjan Siglósíld	4 000	—
Skipaútgerð ríkisins	9 800	—
RARIK, almennar framkvæmdir	138 630	168 000
Kröfluvirkjun, framkvæmdir	60 000	—
Kröfluvirkjun, fjármagnsútgjöld	219 400	358 214
Virkjunarrannsóknir, framkvæmdir	25 000	—
Virkjunarrannsóknir, fjármagnsútgjöld	21 800	—
Orkusjóður, fjármagnsútgjöld byggðalína	224 500	—
Orkusjóður, hitaveitulán	7 500	10 000
Orkusjóður, jarðhitaleit	10 000	10 000
Orkusjóður, sveitarafvæðing	13 000	7 000
Iðnaðarrannsóknir	3 000	—
Síldarverksmiðjur ríkisins	36 000	—
Sementsverksmiðja ríkisins	28 000	—
Landssmiðjan	12 000	—
Áburðarverksmiðjan	43 400	—
Póstur og sími, vörukaupalán	4 900	—
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	49 600	—
Fljótsdalsvirkjun	26 400	—
Flugmálastjórn	6 800	—
Flugstöð á Keflavíkurflugvelli	—	103 770
Lántökubörf B-hluta stofnana	1 197 730	1 048 421

A-hluti fjárlaga

Í athugasemdum með frumvarpinu hefur komið fram að lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs verður allnokkur á árinu 1983. Í lánsfjárlögum var stefnt að 525 000 þús. kr. lánsfjáröflun á innlendum markaði. Fyrirsjáanlegt er að sú fjárbörf nemur mun hærri fjárhæð á árinu 1983. Í þessu frumvarpi eru lántökur A-hluta miðaðar við 1 140 000 þús. kr. og er það nauðsynlegt til að ná greiðslujöfnuði.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Gert er ráð fyrir að heildarráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1984 nemi 1,0% af útgjöldum A-hluta ríkissjóðs, en framlag til sjóðsins hefur verið skert á sama hátt og til annarra fjárfestingarlánasjóða. Fjáröflun til sjóðsins fæst með 83 800 þús. kr. fjárveitingu og 120 000 þús. kr. lánsfjáröflun. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um sjóðinn hér á eftir.

Landakaup kaupstaða og kauptúna. Á árinu 1981 var ráðist í að styrkja sjóð þann er veitir lán til landaþega sveitarfélaga. Í þessu skyni er áformað að afla sjóðnum heimildar til 1 000 þús. kr. lántöku á árinu 1984.

Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna. Í ársbyrjun 1983 var tekin ákvörðun um að reisa nýbyggingu fyrir Iðntæknistofnun Íslands á Keldnaholti og sameina þar með starfsemi stofnunarinnar sem hefur verið á nokkrum stöðum. Fjármögnun framkvæmdarinnar er fyrirhuguð þannig að Byggingarsjóður rannsóknastofnana atvinnuveganna leggur til meirihluta ráðstöfunarfjár síns á árinu 1984 en að auki er sjóðnum heimiluð lántaka alls að fjárhæð 12 000 þús. kr. Með þessum fjármunum verður að mestu hægt að ljúka við byggingu hússins.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Heildarfjárbörf lánasjóðsins er áætluð 658 437 þús. kr. og er henni mætt með 400 000 þús. kr. fjárveitingu, en að auki er ráðgert að afla sjóðnum lántökuheimildar að fjárhæð 258 437 þús. kr. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um Lánasjóð íslenskra námsmanna undir menntamálaráðuneyti.

RARIK, almennar framkvæmdir. Framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins á árinu 1984 eru fyrirhugaðar fyrir alls 175 000 þús. kr. Fjármögnun framkvæmda Rafmagnsveitnanna er fyrirhuguð annars vegar með öflun lánsfjárheimildar að fjárhæð 168 000 þús. kr. og hins vegar eru áætlaðar tekjur af heimtaugargjöldum 7 000 þús. kr. Til frekari sundurliðunar á skiptingu fjárens á einstakar framkvæmdir vísast til fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1984.

Kröfluvirkjun, fjármagnskostnaður. Heildarfjármagnskostnaður af eldri lánnum Kröfluvirkjunar er áætlaður alls 401 500 þús. kr. á árinu 1984. Gert er ráð fyrir að rekstur virkjunarinnar skili 43 285 þús. kr. upp í fjármagnskostnaðinn, en þess sem á vantar verður aflað með lánsfjárheimild að fjárhæð 358 214 þús. kr.

Orkusjóður, hitaveitulán. Einn þáttur fjármögnunar framkvæmda við hita- og fjarvarmaveitur er lánveiting Orkusjóðs. Gert er ráð fyrir 10 000 þús. kr. lántöku Orkusjóðs á árinu 1984 sem hann mun síðan endurlána til hitaveitufyrirtækja.

Orkusjóður, jarðhitaleit. Gert er ráð fyrir að útlánageta til jarðhitaleitar nemi alls 15 000 þús. kr. á árinu 1984. Fjármögnun vegna þessa verkefnis er 5 000 þús. kr. fjárveiting úr A-hluta ríkissjóðs, auk 10 000 þús. kr. lántöku.

Orkusjóður, sveitarafvæðing. Framlag A-hluta ríkissjóðs til sveitarafvæðingar nemur 7 500 þús. kr. Jafnframt mun leitað heimildar til 7 000 þús. kr. lántöku til fjármögnunar á brýnum framkvæmdum við rafvæðingu afskekktara sveita.

Flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Fyrirhugaðar framkvæmdir við flugstöðvarbygginguna eru áætlaðar alls 241 320 þús. kr. á árinu 1984. Samkvæmt samningi munu Bandaríkin fjármagna hluta byggingarkostnaðarins og nemur þeirra hluti í fjármögnun framkvæmda á árinu 1984 alls 146 400 þús. kr. Hluti Íslendinga af áætluðum byggingarkostnaði ársins 1984 er 94 920 þús. kr. sem afla þarf lántökuheimildar fyrir. Að auki þarf að leita heimildar til 8 850 þús. kr. lántöku til þess að endurgreiða bráðabirgðalán sem tekið var í Seðlabankanum á árinu 1983 til að hægt yrði að hefja framkvæmdir við bygginguna á þessu ári. Lántökupörf til flugstöðvarinnar nemur því alls 103 770 þús. kr. á árinu 1984.

Að lokum er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1983 (í millj. kr.):

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting
Lán hjá Seðlabanka Íslands	60,0	—	−60,0
Greiðslur af skuldabréfum	60,0	—	−60,0
Önnur lán	329,0	1 142,4	813,4
Innlend lán, óverðtryggð	3,8	25,4	21,6
Lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu	70,7	77,7	7,0
Lán verðtryggð skv. lánskjaravísitölu	59,4	283,7	224,3
Lán verðtryggð skv. framfærsluvísitölu	21,2	288,8	267,6
Happdrættisskuldabréf verðtr. skv. vísitölu framfærslukostnaðar ..	96,5	227,8	131,3
Erlend lán og gengistryggð	55,4	189,0	133,6
Ýmis lán, ósundurliðuð	22,0	50,0	28,0
Samtals	389,0	1 142,4	753,4

Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdana er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum ársins 1983. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum ráðuneyta, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er nánar vikið að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1983. Ekki verður fjallað sérstaklega um breytingar á þeim fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur sínar að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar framar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun	
			þús. kr.	%
Æðsta stjórn ríkisins	73 261	115 589	42 328	57,8

301 Ríkisstjórn. Fjárveiting nemur samtals 16 097 þús. kr., sem er hækkun um 8 132 þús. kr. Laun hækka um 4 748 þús. kr., eða 64,4%, og verða 12 113 þús. kr. Þar af eru 310 þús. kr. vegna þess að áætlað er fyrir einum aðstoðarmanni ráðherra umfram það sem gert var í fjárlögum 1983. Önnur rekstrargjöld verða 3 984 þús. kr., sem er hækkun um 3 384 þús. kr.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	8 615	17 888	9 273	107,6
Annað	78 310	99 602	21 292	27,2
Samtals	86 925	117 490	30 565	35,2
Þar af markaður tekjustofn	17 000	30 000	13 000	76,5

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er álgjald sem rennur til Bygðasjóðs.

101 Aðalskrifstofa. Framlag til aðalskrifstofunnar hækkar um 9 273 þús. kr. og verður 17 888 þús. kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárveitingar til einstakra viðfangsefna í fjárlögum 1983 og frumvarpi 1984.

Viðfangsefni	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101 Yfirstjórn	3 736	7 392	3 656
0102 Stjórnarráðshús	265	1 547	1 282
0103 Fálkaorðan	25	—	-25
0106 Ráðherrabústaður, viðhald	300	150	-150
0107 Ráðherrabústaður, rekstur	250	561	311
0109 Ráðherrabústaður, Þingvöllum	160	258	98
0110 Hrafnseyri	50	150	100
0111 Norðurlandaráð, skrifstofa ráðherraefndar	2 309	6 530	4 221
0112 Öryggismálanefnd	1 000	1 000	—
0113 Gjöf Jóns Sigurðssonar	270	300	30
0114 Stjórnarskrárnefnd	250	—	-250
Samtals	8 615	17 888	9 273

Eins og fram kemur í ofangreindu yfirliti þá falla tvö viðfangsefni niður, þ. e. *0103 Fálkaorðan* sem áætlað er fyrir á fjárlagalið 00–101 Embætti forseta Íslands og *0114 Stjórnarskrárnefnd*. Framlag til viðfangsefnisins *stjórnarráðshús* hækkar verulega eða alls um 1 282 þús. kr., þar af eru 800 þús. kr. sem ætlaðar eru til viðhalds á stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd. Framlag verður alls 5 577 þús. kr., sem er hækkan um 2 682 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 1 185 þús. kr. og verða 1 858 þús. kr. og hefur þá verið tekið mið af greiddum launum 1982. Önnur rekstrargjöld hækka um 837 þús. kr. og verða 1 257 þús. kr. Viðhald verður 500 þús. kr., sem er hækkan um 130 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 739 þús. kr. og verður 2 439 þús. kr. Ráðgert er að verja fjárveitingu til stofnkostnaðar þannig, að 800 þús. kr. fari til kaupa á bifreið, 400 þús. kr. til lífrannsóknna í Þingvallavatni, 869 þús. kr. til byggingar starfsmannahúss, 70 þús. kr. til kaupa á dráttarvagni og 300 þús. kr. til kortagerðar. Sértekjur hækka um 209 þús. kr. og verða 477 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkan	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	16 839	31 040	14 201	84,3
Fræðslumál	1 682 710	2 580 657	897 947	53,4
Söfn listir og önnur menningarstarfsemi	166 992	213 365	46 373	27,8
Samtals	1 866 541	2 825 062	958 521	51,4
Þar af markaðir tekjustofnar	17 105	28 070	10 965	64,1

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins hækka sem hér segir: Einkaleyfisgjald af hagnaði Happpdrættis Háskóla Íslands verður 7 870 þús. kr., sem er hækkan um 3 165 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Skemmtanaskattur, sem rennur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Félagsheimilaskjóðs, hækkar um 7 000 þús. kr., og verður 18 000 þús. kr. Miðagjald, sem rennur til Menningarsjóðs, hækkar um 800 þús. kr., og verður 2 200 þús. kr. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkan framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

201 Háskóli Íslands. Fjárveiting til Háskóla Íslands hækkar um 100 478 þús. kr. og verður 250 675 þús. kr., sem er hækkun um 66,8% frá fjárlögum 1983. Hækkun fjárveitingar skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 63 146 þús. kr. og verða 178 061 þús. kr., sem er hækkun um 55% frá fjárlögum 1983. Önnur rekstrargjöld verða 64 016 þús. kr. og hækka um 36 265 þús. kr. eða 130,6% frá fjárlögum 1983. Þá verður gjaldfærður stofnkostnaður 62 275 þús. kr. sem er hækkun um 20 675 þús. kr. Liðurinn sértekjur hækkar um 19 608 þús. kr. og verður 53 677 þús. kr. Launaliður hækkar u. þ. b. 8 000 m. kr. umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Skýring þess er sú, að gert er ráð fyrir aukinni auka- og forfallavinnu á viðfangsefninu yfirstjórn. Þá hækka launagreiðslur vegna stundakennslu umfram verðlagsforsendur frumvarpsins og hefur þá verið höfð hliðsjón af kennslumagni skólaárið 1982/1983. Eins og fram er komið hækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 130,6% frá fjárlögum 1983. Við áætlun rekstrargjalda er tekið mið af reikningsniðurstöðu ársins 1983, ásamt útkomu á fyrri hluta ársins 1983. Ekki er talin þörf á að fjalla sérstaklega um framlög til einstakra deilda skólans, þar sem fyrrnefndar hækkanir umfram verðlagsforsendur skiptast nokkuð jafnt á allar deildir skólans.

Byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Áætlað er að ráðstöfunarfé Háskóla Íslands til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa nemi samtals 62 275 þús. kr. á árinu 1984. Gert er ráð fyrir að fjármögnun og ráðstöfun fjárens verði með eftirfarandi hætti:

Fjármögnun:		þús. kr.
Inneign 1. janúar 1984		295
Framlag H.H.Í.		40 480
Fjárveiting		21 500
	Samtals	62 275
Ráðstöfun:		
A. Almenn		
Viðhald húsa og lóða		5 200
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu		4 200
Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbygginga á Háskólalóð		500
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar		700
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námskeiða		1 500
Úrbætur í síma- og öryggismálum		500
	Samtals	12 600
B. Nýbyggingar		
Framkvæmdir á Háskóla- og Landspítalalóð		49 675
	Samtals A + B	62 275

Bein fjárveiting úr ríkissjóði að fjárhæð 21 500 þús. kr. eru eftirstöðvar samkvæmt yfirlýsingu sem fjárveitinganefnd Alþingis gaf í október 1978, og var þá gert ráð fyrir fjárveitingu til Háskólans að jafnvirði 9 000 þús. kr. miðað við verðlag í október 1978.

203 Raunvísindastofnun háskólans. Framlag hækkar um 7 384 þús. kr. og verður 22 495 þús. kr. Eins og getið er um í inngangskafli þessara athugasemda er leitast við að áætla önnur rekstrargjöld og sértekjur í samræmi við raunverulegt umfang starfsemi stofnana. Þetta hefur verið gert um fjárframlög til Raunvísindastofnunar háskólans. Breytingar á starfsemi stofnunarinnar eru ekki áformaðar en geta þarf eftirfarandi. Viðfangsefnið *sérstök verkefni* er nú fellt niður en fjárveiting til þessa verkefnis rann til vindorkurannsókna og rannsókna á innlendu eldsneyti. Varðandi viðfangsefnið *rekstur fasteigna* er rétt að taka fram að 500 þús. kr. eru ætlaðar til viðhalds og 500 þús. kr. í gjaldfærðan stofnkostnað. Á fé þetta að renna til nauðsynlegra endurbóta og framkvæmda við þak húss stofnunarinnar. Að öðru leyti miðast framlög við óbreytt umfang milli ára.

231 Náttúrufræðistofnun Íslands. Framlag hækkar um 2 440 þús. kr. og verður 6 159 þús. kr. Laun hækka um 1 116 þús. kr. eða 45,7% og verða 3 555 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 754 þús. kr. og verða 1 454 þús. kr. Er þar að hluta til um að ræða almenna hækkun á rekstrargjöldum í samræmi við reikningsniðurstöður og hins vegar er nokkur viðbót til að mæta kostnaði vegna aukins húsrýmis Náttúrugripasafnsins. Viðhald hækkar um 20 þús. kr. og verður 100 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 550 þús. kr. og verður 1 050 þús. kr. Er ætlað að því fé verði varið til innrétinga á viðbótahúsnæði safnsins.

232 Rannsóknaráð ríkisins. Framlag til Rannsóknaráðs ríkisins nemur alls 4 956 þús. kr. og hækkar um 1 908 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 806 þús. kr. eða 44,8% og nema alls 2 603 þús. kr. Rekstrargjöld eru samtals 3 070 þús. kr. og er þar um að ræða hækkun frá fjárlögum að fjárhæð 1 347 þús. kr. Þá nemur framlag til viðhalds og stofnkostnaðar alls 200 þús. kr. og hækkar framlagið um 85 þús. kr. Sértekjur, sem að meginstofni eru til komnar vegna *upplýsingamála*, eru 917 þús. kr. og hækka um 330 þús. kr. Viðfangsefni hjá stofnuninni eru hin sömu og 1983 en fram kemur nokkur áherslubreyting. Framlag til viðfangsefnisins *rannsóknir og þróunarstarfsemi* hækkar verulega, en framlag til *skipulags og þróunarmála svo og til nýtingar náttúruauðæfa* dragast saman að tiltölu. Undir viðfangsefninu *upplýsingamál* eru áætlaðar sérstaklega 250 þús. kr. til samstarfsnefndar um upplýsingamál. Í ályktun Rannsóknaráðs ríkisins til ríkissjórnarinnar með Langtímaáætlun 1982–87 um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna segir m. a.:

„Rannsóknaráð telur nauðsynlegt að atvinnufyrirtæki taki aukinn þátt í framkvæmd og fjármögnun rannsóknaverkefna. Stuðlað verði að því m. a. með eftirgreindum hætti:

- Mótuð verði starfsskilyrði fyrir atvinnuvegina er hvetji til nýjunga og umbóta í atvinnulífinu. Samhliða því verði stefnt að aukinni þátttöku atvinnufyrirtækja í framkvæmd og fjármögnun rannsóknaverkefna.
- Rannsóknastofnanir afli eigin tekna eins og unnt er með verkefnum sem viðskiptavinir greiði fyrir, eða studd eru af framlögum opinberra sjóða, enda verði framlög á fjárlögum til stofnanna ekki rýrð.“

Á undanförnum árum hefur markvisst verið stefnt að aukningu á sjálfsaflatekjum rannsóknastofnana. Það er þó íhugunarefni hvar mörkin milli grundvallarannsóknna og hagnýtra rannsókna liggja, en hinar síðarnefndu eru að öllu jöfnu ákvarðandi um tekjur rannsóknastofnana. Í þessu fjárlagafrumvarpi er stefnt að sem raunhæfustum gjaldafjárhæðum svo og tekjutölum. Því hækka rekstrarliðir og sértekjur rannsóknastofnana hlutfallslega mjög mikið. Eftirfarandi yfirlit sýnir heildarútgjöld og sértekjur helstu rannsóknastofnana sem fram í fjárlagafrumvarpinu.

	Heildargjöld	Sértekjur	Sértekjur % af gjöldum
02–202 Tilraunastöð háskólans að Keldum	18 379	12 257	66,7
04–206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	28 985	3 442	11,9
05–202 Hafrannsóknastofnun	93 988	2 155	2,3
05–203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	18 620	3 333	17,9
11–201 Iðntæknistofnun Íslands	33 392	14 494	43,4
11–203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ...	22 779	10 710	47,0
11–301 Orkustofnun	118 548	44 500	37,5
Samtals	334 691	90 891	27,2

- 276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Fjárveiting til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna hækkar um 5 165 þús. kr. Verður fjárveitingin 9 870 þús. kr. og hækkar um 109,7% frá fjárlögum 1983. Skýring þessarrar hækkunar er sú að gert er ráð fyrir sérstöku framlagi úr ríkissjóði að fjárhæð 2 000 þús. kr. sem eru eftirstöðvar af söluandvirði hluta húseignarinnar Skipholt 37, en ríkissjóður yfirtók nefndan eignarhluta af Iðntæknistofnun Íslands sem var skráður eigandi. Ráðstöfunarfé sjóðsins á næsta ári fer í að greiða afborganir og vexti af eldri lánnum, samtals að fjárhæð 2 233 þús. kr., og til framkvæmda á Keldnaholti fara 7 637 þús. kr. Gert er ráð fyrir að aflað verði lántökuheimildar til sjóðsins að fjárhæð alls 12 000 þús. kr., og mun það renna til framkvæmda við hús Iðntæknistofnunar Íslands sem er í byggingu.
- 301–307 Menntaskólar.** Eins og í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983 verður hér fjallað um alla menntaskóla sameiginlega. Heildarfjárveiting nemur nú 139 754 þús. kr. og hækkar um 47 705 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Samtals hækkar launaliður skólanna um 42 802 þús. kr., sem er 56,2% hækkun frá fjárlögum 1983. Sú upphæð byggir nokkurn veginn á sama nemendafjölda og gert var ráð fyrir á s. l. ári, en þó er um fjölgun að ræða í nokkrum skólum en í öðrum fækkar. Miklar launaflokkatilfærslur hafa átt sér stað frá s. l. ári og einnig hefur kennsluskylda kennara verið lækkuð úr 27 kennslustundum á viku í 26 kennslustundir. Nokkur önnur smærri atriði í kjarasamningum kennara leiða einnig til þess að launaliður þessara skóla hækkar umfram almenna launataxahækkun. Önnur rekstrargjöld nema samtals 15 874 þús. kr. og hækka um 8 518 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Er þetta í samræmi við leiðréttingar þær sem gerðar hafa verið á þessum gjaldalið. Framlag til stofnkostnaðar nemur samtals 9 164 þús. kr. og skiptist á eftirfarandi hátt: Til Menntaskólans í Reykjavík renna 250 þús. kr., til Menntaskólans á Akureyri 535 þús. kr. og til Menntaskólans við Hamrahlíð 250 þús. kr. vegna tækjakaupa o. fl. Til Menntaskólans á Ísafirði renna 6 629 þús. kr., þar af eru 4 971 þús. kr. áætlaðar í frágang annarrar hæðar og 1 658 þús. kr. vegna ýmiss konar búnaðar. Til Menntaskólans á Egilsstöðum renna 1 500 þús. kr. sem er vegna frágangs heimavistar og til kaupa á búnaði. Sértekjur skólanna áætlast 4 180 þús. kr. sem er hækkun um 2 189 þús. kr. frá fyrra ári.
- 308 Menntaskólinn í Kópavogi – fjölbraut.** Fjárveiting nemur samtals 15 076 þús. kr. Launaliður er 10 920 þús. kr. og hækkar um 3 896 þús. kr. eða 55,4%. Önnur rekstrargjöld nema 599 þús. kr. og stofnkostnaðarframlag er alls 3 557 þús. kr. Á árinu 1983 náðist samkomulag við Kópavogsbæ um tilhögun framhaldsskólánáms í bænum. Makaskipti á eignum fóru fram og nú er ákveðið að Vígólaskóli verði nýttur til framhaldsnámsins. Skólinn þarfnast nokkurra viðgerða og eru áætlaðar 2 000 þús. kr. til viðgerða utan húss. Þá eru 757 þús. kr. ætlaðir til kaupa á húsgögnum og nauðsynlegum búnaði og 800 þús. kr. til hönnunar á nýju húsi fyrir kennslu í matvæla- og framreiðslufræði.
- 319 Framhaldsskólar, almennt.** Framlag til þessa fjárlagaliðar nemur 21 652 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1983 um 13 729 þús. kr. Launaliðurinn nemur 15 792 þús. kr. og er það 11 843 þús. kr. hækkun. Á launaliðnum eru ýmsir þættir svo sem laun prófdómara, forfallakennsla og orlofsgreiðslur til kennara, en þær greiðslur hækka umfram almennar launahækkanir vegna þess að gert er ráð fyrir að fleiri kennarar fari í námsorlof en ráð var fyrir gert við fjárlagagerð fyrir árið 1983. Auk þess er á launalið áætlað fyrir útgjöldum vegna óvæntrar nemendafjölgunar í framhaldsskólum alls 8 000 þús. kr., en slík áætlun var ekki í fjárlögum s. l. árs. Þá eru 100 þús. kr. til athugunar á hagkvæmni og aðstöðu fyrir fiskvinnsluskóla á Siglufirði. Til viðhalds skólanna áætlast 3 500 þús. kr. og er það 1 650 þús. kr. hækkun frá fjárlögum fyrra árs. Framlag til stofnkostnaðar er 1 698 þús. kr. og er það til minni háttar tækja- og húsbúnaðarkaupar.

- 321 Kennaraháskóli Íslands.** Heildarframlag er samtals 40 091 þús. kr. og hækkar um 11 835 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður nemur 27 244 þús. kr. og hækkar um 8 870 þús. kr. eða 48,2%. Nýjar heimilaðar stöður eru tvær lektorstöður til eins árs og hálf staða ritara. Framlag vegna réttindanáms grunnskólakennara fellur nú alveg niður. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 720 þús. kr. og nema 8 470 þús. kr. Framlag til viðhalds nemur 270 þús. kr. og til stofnkostnaðar renna 5 000 þús. kr. sem skiptast á eftirfarandi hátt: vegna nýbyggingar er varið 2 500 þús. kr. til húsgagnakaupa o. fl. og 675 þús. kr. vegna innréttunga. Þá eru 1 305 þús. kr. ætlaðar vegna breytinga á fyrirlestrasal, og kennaraherbergjum og 520 þús. kr. vegna búnaðar í kennslustofur. Sértekjur eru áætlaðar 893 þús. kr.
- 331 Íþróttakennaraskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans nemur samtals 11 339 þús. kr. Launaliður nemur 3 440 þús. kr. og hækkar um 1 490 þús. kr. sem er töluvert umfram almennar launahækkunarir. Helstu skýringar eru aukin kennslumagn og ein staða vegna eftirlits, en í fjárlögum 1983 var áætlað 0,75 stöðugildi vegna þess. Eftirlitsmaður þessi á jafnframt að vinna við Hússtjórnarskóla Suðurlands en rétt þykir að áætla fyrir stöðunni í heild á einum stað. Hækkun rekstrargjalda nemur 484 þús. kr. og til stofnkostnaðar renna 7 000 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við íþróttahús.
- 351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík.** Fjárveiting til skólanna nemur samtals 62 598 þús. kr. og hækkar um 17 103 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður hækkar um 18 090 þús. kr. eða 51,9%. Er það í hátt við almennar launahækkunarir í framhaldsskólum en minnkun á kennsluskyldu og miklar flokkatilfærslur hjá kennurum leiða til meiri hækkana hjá þessum stofnunum en ýmsum öðrum. Önnur rekstrargjöld nema 3 735 þús. kr. Framlag til viðhalds er 575 þús. kr. og til stofnkostnaðar renna 5 350 þús. kr. Hvort tveggja er þetta vegna *Fjölbrautaskólans í Breiðholti*. eru 5 000 þús. kr. vegna E-álmú skólans en 350 þús. kr. vegna lóðar verkstæðishúss.
- 352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli.** Fjárveiting nemur samtals 19 240 þús. kr. Launaliður áætlast 16 159 þús. kr. sem er 5 084 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Áætlun gerir ráð fyrir færri nemendum í dagskóla en búist var við við fjárlagagerð 1983 en nokkur aukning er í öldungadeild. Önnur rekstrargjöld hækka um 841 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og framlag til viðhalds og stofnkostnaðar nemur samtals 1 525 þús. kr. Þar af eru 1 475 þús. kr. vegna endurbóta á gamla Flensborgarskólahúsinu.
- 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi.** Heildarframlag nemur 21 758 þús. kr. sem er 6 836 þús. kr. hærri upphæð en í fjárlögum 1983. Launaliður hækkar um 5 121 þús. kr. sem er í hátt við almennar launahækkunarir í framhaldsskólum. Rekstrargjöld nema 1 494 þús. kr. og til viðhalds fara 75 þús. kr. Stofnkostnaðarframlag er 5 000 þús. kr. og er vegna áframhaldandi framkvæmda við byggingu verknámshúss.
- 355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum.** Heildarfjárveiting nemur 6 609 þús. kr. og hækkar um 2 421 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 1 916 þús. kr. eða 58,3%, sem er umfram almenna launahækkun samsvarandi stofnana enda gert ráð fyrir nemendafjölgun. Í samningi um skólalald á framhaldsskólastigi í Vestmannaeyjum er kveðið á um að skipuleggja skuli námið sem eina heild og leggja áherslu á að kennsla verði sameiginleg fyrir nemendur á hinum ýmsu námssviðum, þar sem unnt er að koma því við. Hér var átt við sameiningu Gagnfræðaskólans, Iðnskólans og Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum. Á þetta er minnt hér vegna áætlaðs kennslumagns á viku sem ætti að vera nægilegt sé námið skipulagt samkvæmt ofansögðu. Til annarra rekstrargjalda renna 560 þús. kr., til viðhalds 100 þús. kr. og í gjaldfærðan stofnkostnað 750 þús. kr. til tækjakaupa.

- 356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki.** Framlag til skólans nemur nú 14 577 þús. kr. og er hækkun frá fjárlögum 1983 4 846 þús. kr. Launaliður hækkar um 3 036 þús. kr. eða 70,7%. Er það nokkuð umfram almennar launahækkanir enda gert ráð fyrir töluverðri nemendafjölgun. Önnur rekstrargjöld nema 1 022 þús. kr. og til viðhalds fara 28 þús. kr. Til stofnkostnaðar er framlag 6 200 þús. kr. og eru 5 200 þús. kr. vegna framkvæmda við heimavist skólans en 1 000 þús. kr. vegna kennslutækja í verknáms-húsi.
- 357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi.** Framlag til skólans nemur 17 688 þús. kr. og hækkar um 7 255 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 5 543 þús. kr. sem er umfram almennar launahækkanir. Gert er ráð fyrir töluverðri nemendaaukningu og að auki bætist fjórði árgangur við skólann. Til annarra rekstrargjalda fara 996 þús. kr. og 36 þús. kr. til viðhalds. Stofnkostnaður er samtals 5 000 þús. kr. og fer til byggingar kennsluhúss.
- 359 Verkmenntaskóli á Akureyri.** Framlag til skólans er allt vegna stofnkostnaðar og nemur 8 000 þús. kr. Framlag þetta er til áframhaldandi byggingarframkvæmda við skólann.
- 515 Iðnskólar utan Reykjavíkur.** Heildarframlag er 19 864 þús. kr. og skiptist þannig: Iðnskólinn í Hafnarfirði 4 980 þús. kr., Iðnskólinn á Akureyri 9 325 þús. kr., aðrir iðnskólar 3 160 þús. kr., sveinspróf 1 975 þús. kr. og endurmenntun 424 þús. kr. Í heild hækkar framlag til þessa fjárlagaliðar um 8 853 þús. kr. sem er töluvert umfram almennar verðlags- og launahækkanir. Helsta skýring er sú að framlag vegna sveinsprófa féll niður við síðustu fjárlagagerð en er nú tekið upp aftur. Einnig er um nokkra nemendaaukningu að ræða.
- 521 Hjúkrunarskóli Íslands.** Heildarfjárveiting nemur 9 308 þús. kr. og er það lækkun frá fjárlögum 1983 um 2 018 þús. kr. Lækkun þessi er öll á launalið og er vegna breytinga á námsstöðu hjúkrunarnema. Undanfarin ár hafa hjúkrunarnemar haft vinnuskyldu og fengið greidd nemalaun í verklegu námi sem starfsmenn sjúkrahúsa. Auk þess hafa þeir fengið laun á meðan á bóklega hluta námsins stendur og hafa þau verið áætluð á Hjúkrunarskóla Íslands. Nú fellur sú áætlun næstum niður þar eð einungis er einn hópur eftir samkvæmt gamla kerfinu. Nýja kerfið er í aðalatriðum frábrugðið hinu eldra að því leyti að hjúkrunarnemar fá ekki lengur greidd laun sem starfsmenn á sjúkrastofnunum og ekki heldur fyrir bóklega hluta námsins. Verklega námið verður hér eftir fólgið í leiðsögn í umsjá kennara og leiðir þetta til aukins kennslumagns frá því sem áður var. Fjárpörf hjúkrunarnema verður því hér eftir mætt á sama hátt og fjárpörf annarra námsmanna. Í þeirri áætlun sem hér er gerð felst því aukinn kennslukostnaður en á móti falla að mestu leyti niður laun nemenda fyrir bóklegt nám.
- 523 Fósturskóli Íslands.** Heildarfjárveiting er 7 583 þús. kr. og hækkar um 2 480 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður nemur 5 819 þús. kr., önnur rekstrargjöld 810 þús. kr. og til stofnkostnaðar renna 1 000 þús. kr. sem ætlaðar eru til viðgerða á skemmdum útveggjum og gluggum.
- 571 Sjómannaskólahúsið.** Fjárveiting hækkar um 2 899 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 7 814 þús. kr. Laun hækka um 756 þús. kr. og verða 2 713 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 159 þús. kr. og verða 2 117 þús. kr. Að lokum eru veittar

2 984 þús. kr. á gjaldfærðan stofnkostnað og er það 984 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Þessum gjaldalið er ætlað að standa undir áframhaldandi viðhaldsframkvæmdum á húsinu á árinu 1984.

610 Héraðsskólar, almennt. Framlag á þessum fjárlagalið hækkar um 1 370 þús. kr. og verður 8 500 þús. kr. Fjárveitingin rennur til viðhalds og gjaldfærðs stofnkostnaðar í framhaldsskólum. Eins og undanfarin ár mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlagsins milli einstakra héraðsskóla.

700–780 Grunnskólar, rekstur. Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla hækkar um 307 755 þús. kr. eða 56,5% frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 282 507 þús. kr. eða 56,1% og er það nokkuð umfram almennar launahækkarnir. Skýrist hækkunin af eftirfarandi:

1. Sérkjarasamningar við grunnskólakennara s. l. haust leiddu til þess að þeim var raðað í hærri launaflokka en verið hafði og má reikna með að meðallaunaflokkur grunnskólakennara sé nú 18. launaflokkur. Þessi hækkun hefur áhrif á allar greiðslur sem miðast við laun, m. a. svonefnd kvótaframlög. Þá lækkar kennsluskylda kennara. Frá hausti 1983 lækkar kennsluskylda kennara í 7.–9. bekk grunnskóla úr 30 kennlustundum á viku í 29 stundir og kennara í 1.–6. bekk úr 32 kennlustundum á viku í 30,5 stundir. Við fjárlagagerð 1984 er reiknað meðaltal 30 stundir í stað 31 stundar 1983.
2. Bekkjadeildum fjölgar nokkuð eða um 14. Nemendum fjölgar úr 40 221 í 40 336 eða um 115.
3. Aukning sérkennslu.
4. Kostnaður vegna forfallakennslu er hækkaður og er þar um leiðréttingu að ræða miðað við fyrri ár.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu launakostnaðar á helstu launabætti í einstökum fræðsluumdæmum (í þús. kr.):

	Reykja- vík	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norðurl. vestra	Norðurl. eystra	Austur- land	Suður- land	Samtals
Fræðsluskrifstofa ..	439	439	439	439	413	439	439	439	3 486
Sálfræðiþjónusta ..	1 826	525	383	197	209	445	236	165	3 986
Almenn kennsla ..	160 216	151 060	51 676	38 813	39 153	81 650	47 152	69 132	638 852
Stuðningskennsla ..	10 505	7 566	2 210	1 496	1 656	3 562	1 929	3 024	31 948
Forfallakennsla ...	8 828	3 997	1 324	674	849	2 124	1 124	1 350	20 270
Orlof kennara	2 207	1 221	488	244	244	732	488	488	6 112
Önnur laun	3 995	5 026	7 047	3 705	4 172	9 464	5 778	5 626	44 813
Námsstjórar	—	168	168	163	163	168	168	163	1 161
Sérkennsla	15 266	—	3 894	—	1 411	2 294	1 557	3 294	27 716
Framhaldsskólar ..	8 133	—	—	—	—	—	—	—	8 133
Samtals	211 415	170 002	67 629	45 731	48 270	100 878	58 871	83 681	786 477

Gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi fræðsluskrifstofa og sálfræðiþjónustu frá síðustu fjárlögum. Í launalið fræðsluskrifstofa felast eingöngu þau laun sem ríkissjóði ber að greiða að fullu samkvæmt grunnskólalögum, en það eru föst laun fræðslustjóra ásamt yfirvinnu, persónuuppbót, orlofsframlagi og launatengdum gjöldum. Ríkissjóði ber að greiða helming kostnaðar við ráðgjafa- og sálfræðiþjónustu sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt. Reiknað er með fjölda stöðugilda við þessa þjónustu sem hér segir: Í Reykjavík 12,5, Reykjanesi 3,67, Norðurlandi eystra 3,0, Vesturlandi 2,5, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi 1,5 í hverju umdæmi og Suðurlandi 1,0. Samtals 27,17 stöðugildi, sem ríkissjóður greiðir að hálfu og er það óbreytt starfsemi frá fjárlögum 1983. Önnur rekstrargjöld hækka um 24 042 þús. kr. og eru

áætluð 62 685 þús. kr. Yfirfærslur til sveitarfélaga, sem er framlag ríkissjóðs til fræðsluskrifstofu samkvæmt 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, hækkar um 1 206 þús. kr. og verður 3 694 þús. kr.

- 791 Grunnskólar, almennt.** Heildarframlag nemur 28 095 þús. kr. og hækkar frá fjárlögum 1983 um 10 785 þús. kr. Nýtt viðfangsefni er *unglingaheimili, skóli* en niður fellur viðfangsefnið *fræðslusýningar um fötluð börn*. Samtals eru viðfangsefnin níu eins og þau eru í fjárlögum yfirstandandi árs og skiptist framlagið niður samkvæmt eftirfarandi töflu sem sýnir einnig samanburð við fjárlög 1983.

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0109 Framhaldsdeildir í grunnskólum	10 762	16 242	5 480
0110 Stjórnskipaðir prófdómarar	1 790	2 728	938
0115 Umferðarfræðsla í skólum	304	632	328
0116 Sundskylda í skólum	3 800	7 000	3 200
0117 Skíðakennsla í skólum	49	65	16
0118 Unglingafræðsla	20	30	10
0120 Rannsókn á áhrifum skólaskyldu	100	281	181
0121 Kennsla á Landspítala og Landakotsspítala	265	401	136
0122 Fræðslusýningar um fötluð börn	220	—	-220
0125 Unglingaheimili, skóli	—	716	716
Samtals	17 310	28 095	10 785

- 792 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólustjóra, framlög.** Fjárveiting hækkar um 10 674 þús. kr. og verður 107 700 þús. kr. Hækkun framlagsins er 11% frá fjárlögum 1983 og er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að framlög til einstakra framkvæmdaflokka hækki að jafnaði um 11% frá fjárlögum 1983. Að venju mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögu um skiptingu framlagsins til einstakra framkvæmda.

- 797 Skólar fyrir þroskaheft börn.** Liðurinn hækkar um 24 496 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 62 691 þús. kr. Laun hækka um 15 759 þús. kr. og verða 42 903 þús. kr. Er það nokkur hækkun umfram almennar launahækkningar og stafar af eftirfarandi:

1. Endurmat á fötlun nemenda hefur leitt til þess að fleiri þeirra teljast hafa við meiri fötlun og erfiðleika að stríða en áður var talið. Leiðir þetta til fjölgunar kennslustunda um 100 frá fjárlögum 1983 eða sem svarar til u. þ. b. 3,8 reiknaðra kennarastöðugilda.
2. Við meðferð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1983 á Alþingi tók fjárveitinganefnd inn nýjan eða aukinn kennsluþátt á kennslu fullorðinna við þjálfunarskólana við Sólborg, Bjarkarás og Kópavogshæli. Í þessu frumvarpi bætist við fullorðinsfræðsla í Safamýrarskóla, um 40 stundir á viku, og að viðbættri aukningu þessarar fræðslu í öðrum þjálfunarskólum ríkisins verður aukningin 85 kennslustundir eða sem svarar til sem næst 3,3 kennarastöðugilda.
3. Uppi eru hugmyndir um að í stað ráðningar kennara verði ráðið aðstoðarfólk í störf tengd kennslu í ríkari mæli en verið hefur, og er í þessu skyni veitt fé til árslauna þriggja aðstoðarmanna í Safamýrarskóla.
4. Við afgreiðslu síðustu fjárlaga á Alþingi var tekin inn fjárveiting til rekstrar skólalagheimilis hálfri árið að Lindarflöt 41 í Gardabæ. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir heils árs rekstri.

5. Sérkjarasamningar haustið 1982 leiddu m. a. til þess að kennarar röðuðust í hærri launaflokka en verið hefur og kennsluskylda lækkaði. Ofangreindir liðir leiða til hækkunar launakostnaðar sem hér segir og eru launatengd gjöld meðtalin (í þús. kr.):

1. Endurmat á fötlun nemenda	900
2. Aukning fullorðinsfræðslu	850
3. Aðstoðarfólk í Safamýrarskóla	680
4. Aukning á rekstri skóladagheimilis um hálf t. ár	425
	2 855

Eftir verður þá launahækkun sem nemur 12 904 þús. kr. eða 47,5% að launabreytingum samkvæmt kjarasamningum meðtöldum.

Önnur rekstrargjöld hækka um 4 352 þús. kr. og verða 8 840 þús. kr. Skiptist fjárhæðin þannig á einstök viðfangsefni (í þús. kr.):

0102 Öskjuhlíðarskólinn	1 444
0103 Kjarvalshús, greiningarstöð	724
0104 Þjálfunarskólar	1 302
0105 Dagvistun forskólabarna	30
0106 Sameiginleg þjónusta	5 340
	8 840

Eins og kemur fram á þessu yfirliti eru 60,4% annarra rekstrargjalda á viðfangsefni 0106 en af fjárhæðinni 5 340 þús. kr. eru 4 450 þús. kr. vegna aksturs skólabarna. Tilsvarandi fjárhæð í fjárlögum 1983 er 2 380 þús. kr. og reyndist 1 944 þús. kr. í reikningi 1982.

Viðhald er áætlað 847 þús. kr. Stærstu liðirnir eru 400 þús. kr. ætlaðar til viðgerðar á byggingargalla húss Öskjuhlíðarskóla, 200 þús. kr. til viðgerðar á húseign Sólborgar á Akureyri og 150 þús. kr. til klæðningar útveggja á Reynilundi 4. 67 þús. kr. er til viðhalds á Kjarvalshúsi, 20 þús. kr. á Kópavogshæli og 10 þús. kr. á Safamýrarskóla. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 420 þús. kr. Er ætlaðar til tækjakaupa hjá Öskjuhlíðarskóla 150 þús. kr., Kjarvalshúsi 135 þús. kr., Kópavogshæli 50 þús. kr., Sólborg 45 þús. kr. og Reynilundi 40 þús. kr. Yfirfærslur til sveitarfélaga hækka um 3 087 þús. kr. og verða 7 187 þús. kr. Er þar um að ræða kostnað við vistun og þjálfun þroskaheftra barna á dagvistarstofnunum reknur af sveitarfélögum. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 1 040 þús. kr. og verða 3 046 þús. kr. Um er að ræða þrjá liði. Til að greiða dvalarkostnað þroskaheftra barna sem vistuð eru hjá vistunarforeldrum eru ætlaðar 2 746 þús. kr., en gerður hefur verið samingur um þessar greiðslur og skulu þær fylgja launabreytingum. Til sumardvalar þroskaheftra barna eru ætlaðar 260 þús. kr., hækkun um 60 þús. kr. Báðir þessir liðir eru undir viðfangsefninu 0106 *Sameiginleg þjónusta*. Þriðji liðurinn er framlag til íslensku *Blissnefndarinnar* (viðfangsefni 0107) 40 þús. kr. og er það óbreytt fjárhæð frá fjárlögum 1983. Sértekjur hækka um 277 þús. kr. og verða 552 þús. kr. Um er að ræða endurgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna útlagðs kostnaðar við tannviðgerðir (131 þús. kr.) og vistanir barna hjá vistforeldrum (421 þús. kr.).

Skipting stöðugilda og kostnaðar eftir viðfangsefnum er sem hér segir:

Viðfangsefni	Reiknuð stöðugildi	Fjárveiting (í þús. kr.)
0102 Öskjuhlíðarskóli	45,94	16 389
0103 Kjarvalshús, greiningarstöð	13,00	4 653
0104 Þjálfunarskólar	78,09	24 405
Kópavogshæli	21,50	5 437
Sólheimar	2,00	765
Geðdeild Hringins	10,00	2 922
Bjarkarás	7,92	2 525
Safamýrarskóli	23,00	8 098
Tjaldanes	1,67	679
Sólborg	12,00	3 979
0105 Dagvistun forskólabarna	1,00	7 503
0106 Sameiginleg þjónusta	4,33	9 701
Sameiginlegur kostnaður	—	4 728
Dvalarkostnaður, vistanir	—	2 325
Fjölskylduheimilið Reynilundi 4	2,50	1 342
Skóladagheimilið Lindarflöt 41	1,83	1 046
Sumardvöl	—	260
0107 Bliss-nefnd	—	40
Samtals	142,36	62 691

Í þessari upptalningu stöðugilda eru bæði heimilaðar stöður og „reiknuð“ kennara-stöðugildi miðuð við kennslumagn. Einnig eru taldar nokkrar stöður sem fjárveiting er veitt til þó að þær hafi ekki verið heimilaðar af Ráðninganefnd ríkisins. Þau stöðugildi sem ekki eru vegna kennslu eru 27,83 talsins og skiptast þannig: Öskjuhlíðarskóli 10,5, Kjarvalshús 12,0, Kópavogshæli 0,5, dagvist forskólabarna 1,0, fjölskylduheimilið að Reynilundi 2,0 og skóladagheimilið að Lindarflöt 1,83. Stöður aðstoðarmanna sem fjárveiting er miðuð við í Safamýrarskóla eru ekki taldar með. Reiknuðum stöðugildum kennara fjólgar um 8,53 frá fjárlögum 1983.

- 802 Vernd barna og ungmenna.** Fjárveiting nemur alls 3 397 þús. kr. og hækkar um 1 787 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Þar af er stofnkostnaðarframlag 1 090 þús. kr. vegna flutnings meðferðarheimilis frá *Smáratúni í Fljótshlíð* að *Torfastöðum í Biskupstungum*. Framlag þetta er til þess að ljúka viðbyggingu við íbúðarhús. Viðfangsefnaskipting er eftirfarandi ásamt breytingum frá fjárlögum.

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting í þús. kr.
0102 Barnaverndarráð	962	1 457	495
0106 Framlag til að styrkja munaðarlausu, vanrækta eða fatlaða unglíngi til náms	5	—	+5
0107 Sumardvalarheimili	43	43	0
0109 Meðferðarheimili Torfastöðum (Smáratún)	600	1 897	1 297
Samtals	1 610	3 397	1 787

- 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Fjárveiting hækkar um 3 000 þús. kr. og verður 30 000 þús. kr. Hækkar fjárveitingin þannig um 11% frá fjárlögum 1983, sem er í samræmi við þá megin stefnu frumvarpsins að framlög til einstakra framkvæmda-flokka hækki að jafnaði um 11% frá fjárlögum 1983. Fjárveitinganefnd Alþingis mun venju samkvæmt gera tillögu um skiptingu fjárins til einstakra framkvæmda.

- 871 Unglingaheimili ríkisins.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 330 þús. kr. og verður 2 316 þús. kr. Fjárveitingin felur í sér 16,6% hækkun frá fjárlögum 1983. Helsta breyting á meðferð fjárlagatillagna unglungaheimilisins felst í því að nú er áætlað fyrir launum af kennslukostnaði stofnunarinnar undir *grunnskólum almennit*, fjárlagaliður 02–791, í samræmi við tillögu menntamálaráðuneytisins þar að lútandi. Í fjárlögum 1983 hafði stofnunin 20,5 stöðugildi, en þessi tilflutningur hefur í för með sér að þeim fækkar um 1,0 eða 19,5 stöðugildi í þessu frumvarpi. Laun hækka um 1 241 þús. kr. og verða 5 622 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 564 þús. kr. og verða 1 264 þús. kr. Viðhald hækkar um 70 þús. kr. og verður 480 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar mynda vistgjöld sem sveitarfélög greiða, en þau miðast við ákveðinn hundradshluta af daggjöldum Borgarspítalans. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 1 610 þús. kr. og verða 5 290 þús. kr.
- 872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Á árinu 1983 hefur sjóðurinn átt í miklum fjárhagserfiðleikum og ekki haft bolmagn til að sinna lánveitingum í samræmi við úthlutunarreglur sínar. Vandann má annars vegar rekja til mun meiri gengis- og verðlagsbreytinga en fjárlög 1983 gerðu ráð fyrir og hins vegar að lánsúmsóknum fjölgaði verulega umfram áætlun. Til lausnar vandanum var þeim tilmælum beint til námsmanna að þeir yrðu að taka á sig kjaraskerðingar í hátt við aðra landsmenn. Að auki var lagt til að úthlutunarreglum sjóðsins yrði breytt á þann veg að auka tekjuumreikning námsmanna, en það á að hvetja námsmenn til að afla eigin tekna í ríkari mæli en nú tíðkast. Við meðferð fjárlagatillagna sjóðsins fyrir árið 1984 er gert ráð fyrir að sama skerðing gildi áfram við úthlutun námslána. Auk þess er gert ráð fyrir 8% fjölgun lána frá fyrra ári. Fjárveiting til sjóðsins hækkar um 173 057 þús. kr. eða 76,2% frá fjárlögum 1983 og verður hún 400 000 þús. kr. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjóðnum verði aflað 258 387 þús. kr. lántökuheimildar í lánsfjárlögum 1984 og er það 87,2% aukning frá árinu 1983.
- 881 Náms- og fræðimenn, framlög.** Framlög til þessa liðar nema samtals 7 443 þús. kr. sem er hækkun um 1 875 þús. kr. frá síðustu fjárlögum. Þá voru viðfangsefni fjórtán talsins en eru þú þrettán þar sem *styrkur til Íslendinga til náms í tungu Grænlandinga* fellur niður. Flest framlög til viðfangsefna eru óbreytt frá fjárlögum yfirstandandi árs en breytingar koma fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting í þús. kr.
0105 Styrkur til Íslendinga til náms í tungu Grænlandinga	1	–	÷1
0112 Félagsstofnun stúdenta	1 632	2 678	1 046
0114 Stúdentagarðar, viðhald	2 670	3 500	830
Samtals	4 303	6 178	1 875

Framlög undir þessum lið koma til nánari athugunar í fjárveitinganefnd Alþingis.

- 902 Þjóðminjasafn Íslands.** Framlag hækkar um 613 þús. kr. og verður 11 361 þús. kr. Sú breyting verður nú á að viðfangsefnið *byggða- og minjasöfn* er flutt af þessum lið á liðinn 02–991 *Húsfriðun*. Er þetta gert samkvæmt tillögum þjóðminjavarðar og menntamálaráðuneytisins. Í gildandi fjárlögum voru þessu viðfangsefni ætlaðar 3 040

þús. kr., þannig að raunveruleg hækkun framlags til safnsins er 3 653 þús. kr. Í eftirfarandi töflu koma fram þær breytingar um áætlaðar eru frá fjárlögum 1983.

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun Þús. kr.
0101 Þjóðminjasafn	5 875	9 262	3 387
0102 Órnefnastofnun	739	1 196	457
0103 Sjóminjasafn	1 200	1 200	0
0104 Byggða- og minjasófn	3 040	–	–3.040
	10 854	11 658	804
÷ Sértekjur	106	297	191
Samtals	10 748	11 361	613

- 905 Listasafn Ásgríms Jónssonar.** Fjárveiting til safnsins verður 559 þús. kr. og er það 230 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Einstakir liðir hækka þannig: Laun 123 þús. kr. og verða 392 þús. kr., önnur rekstrargjöld 29 þús. kr. og verða 75 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður 96 þús. kr. og verður 100 þús. kr. Að lokum hækkuðu sértekjur úr 27 þús. kr. og verða 42 þús. kr. Framlagið til gjaldfærðs stofnkostnaðar hækkar verulega, en því er ætlað að verja til kaupa á þjófavarnakerfi fyrir safnið.
- 906 Listasafn Einars Jónssonar.** Framlag hækkar um 480 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 1 241 þús. kr. Laun hækka um 163 þús. kr. eða 50,7% og verða 484 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 131 þús. kr. og verða 211 þús. kr. Viðhald hækkar um 240 þús. kr. og verður 600 þús. kr. Er það nokkuð umfram verðlagsforsendur frumvarpsins. Viðhaldsféð er ætlað til áframhaldandi framkvæmda við viðgerð hússins sem unnið hefur verið að í áföngum á undanförunum árum. Gjaldfærður stofnkostnaður er felldur niður en hann nam 10 þús. kr. í fjárlögum 1983. Að lokum hækka sértekjur um 44 þús. kr. og verða 54 þús. kr.
- 907 Listasafn Íslands.** Framlag, hækkar um 7 074 þús. kr. og verður 10 813 þús. kr. Laun hækka um 726 þús. kr. eða 53,2% og verða 2 089 þús. kr. Er það í takt við almennar launahækkanir. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 360 þús. kr. og verða 1 743 þús. kr. Á árinu 1984 verða eitt hundrað ár liðin frá stofnun Listasafns Íslands. Til að minnast þessarar tímamóta eru 700 þús. kr. af öðrum rekstrargjöldum ætlaðar til útgáfu listaverkaskrár o. fl. Þá eru 1 043 þús. kr. ætlaðar til að standa straum af hefðbundnum rekstrarkostnaði. Viðhald hækkar um 62 þús. kr. og verður 100 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 5 000 þús. kr. og verður 7 000 þús. kr. Þar af eru 1 000 þús. kr. ætlaðar til listaverkakaupa en 6 000 þús. kr. til framkvæmda við nýbyggingu safnsins. Sértekjur eru áætlaðar 119 þús. kr. og hækka um 74 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.
- 909 Blindrabókasafn Íslands.** Með lögum nr. 35 frá 7. maí 1982 var stofnað Blindrabókasafn Íslands og í samræmi við það var stofnunin færð sem sérstakur fjárlagaliður í fjárlögum 1983. Heimiluð stöðugildi eru 6,0. Fjárveiting til Blindrabókasafnsins hækkar um 1 442 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 3 453 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun 689 þús. kr., önnur rekstrargjöld 572 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður 300 þús. kr. og sértekjur 119 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar verulega umfram verðlagsforsendur frumvarpsins eða um 100%, en þessu fé skal varið til að auka við tækjakost safnsins.

- 972 Ríkisútlag, sjónvarp.** Framlag úr ríkissjóði nemur 4 500 þús. kr. sem er til greiðslu vaxta- og afborgana af lánum sem tekin voru á árunum 1979—1981. Fjárveitinganefnd Alþingis mun taka málefni stofnunarinnar sérstaklega fyrir við endanlega afgreiðslu fjárlaga svo sem verið hefur.
- 975 Vísindasjóður.** Tekjur sjóðsins eru annars vegar framlag ríkissjóðs og hins vegar hluti af Arðsjóði Seðlabankans. Framlag ríkissjóðs 1983 nam 80 þús. kr. en í frumvarpinu er miðað við framlag að fjárhæð 700 þús. kr.
- 977 Byggingarsjóður Þjóðarbókhöfuð.** Framlag til byggingarsjóðs Þjóðarbókhöfuðs verður 2 000 þús. kr. sem er lækkun fjárveitingar um 13 000 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Fjárhæð þessi er fyrst og fremst ætluð til að ljúka þeim verkefnum sem staðið hafa yfir á þessu ári.
- 982 Listir, framlög.** Heildarframlag til þessa fjárlagaliðar nemur 35 069 þús. kr. og hækkar um 4 405 þús. kr. Viðfangsefni eru 48 talsins en voru 50 í fjárlögum fyrir árið 1983. Þrjú viðfangsefni falla niður og eru það: 0414 *Alþjóðaráðstefna myndlistarmanna*, 0504 *Fjalakötturinn* og 0838 *Norræn sumarvinnustofa*. Eitt viðfangsefni bætist við, 0235 *Bókmenntaverðlaun*. Þar er gert ráð fyrir framlagi til bókmenntaverðlauna tengdum minningu Jóns Sigurðssonar. Máli þessu er vísað til meðferðar Alþingis. Framlög til flestra viðfangsefna eru óbreytt að krónutölu frá fjárlögum 1983 en breytingar koma fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0223 Launasjóður rithöfunda	3 600	4 600	1 000
0235 Bókmenntaverðlaun	—	300	300
0413 Listasafn alþýðu	380	900	520
0414 Alþjóðaráðstefna myndlistarmanna	25	—	÷ 25
0504 Fjalakötturinn	30	—	÷ 30
0601 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis	1 200	1 500	300
0719 Listamannalaun, úthlutað af nefnd sem Alþingi kýs skv. lögum nr. 29/1967	1 700	2 200	500
0818 Starfslaun listamanna	2 500	3 200	700
0836 Listir og menningarmál almennt	500	1 500	1 000
0838 Norræn sumarvinnustofa	60	—	÷ 60
0844 Listsýning í Feneyjum	—	200	200
Samtals	9 995	14 400	4 405

- 984 Norræn samvinna.** Framlag nemur samtals 3 971 þús. kr. og hækkar um 2 560 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Viðfangsefni eru sjö talsins og fjölgar um eitt sem er: 0105 *Dreifing sjónvarpsefnis*. Er hér um að ræða þáttöku Íslendinga í norrænu samstarfi um dreifingu sjónvarps- og hljóðvarpsefnis um gervitungl. Breytingar á fjárframlögum frá fjárlögum 1983 eru eftirfarandi:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0104 Samstarf á sviði menningar- mála skv. samnorrænni fjárhagsáætlun	1 164	2 637	1 473
0105 Dreifing sjónvarpsefnis	—	1 087	1 087
Samtals	1 164	3 724	2 560

986 Íþróttasjóður. Framlag hækkar um 3 755 þús. kr., eða 22,4% og verður 20 500 þús. kr. *Rekstrarstyrkir* hækka um 355 þús. kr. og verða alls 1 500 þús. kr. Til *byggingar íþróttamannvirkja* er áætlað að renni 19 000 þús. kr. og hækkar það framlag um 3 400 þús. kr. Svo sem venja er mun fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögur um skiptingu fjárveitingarinnar.

988 Æskulýðsmál. Framlag á þessum lið hækkar um 56 þús. kr. Framlag til viðfangsefnisins *KFUM, starfsemi í Vatnaskógi* hækkar um 30 þús. kr. og verður 68 þús. kr. Þá hækkar framlag til *KFUK, starfsemi í Vindáshlíð* um 25 þús. kr. og verður 59 þús. kr. Framlög til annarra viðfangsefna á þessum lið eru óbreytt frá fjárlögum 1983.

989 Ýmis íþróttamál. Framlög eru samtals 12 709 þús. kr. sem er 5 224 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Þá voru viðfangsefni tólf talsins en eru nú ellefu. Tvö viðfangsefni falla niður. Þau eru *0123 Forseti FIDE* og *0125 Skákskólinn á Kirkjubæjarklaustri*. Eitt nýtt viðfangsefni bætist við sem er *0126 Bridgesamband Íslands*. Áður var áætlað fyrir þessu viðfangsefni á fjárlagalið 02-999 Ýmislegt. Breytingar á framlögum eru eftirfarandi:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102 Íþróttasamband Íslands	6 000	10 800	4 800
0109 Íþróttamál fatlaðra	375	675	300
0110 Ólympíunefnd	150	450	300
0123 Forseti FIDE	160	—	-160
0125 Skákskólinn á Kirkjubæjarklaustri	21	—	-21
0126 Bridgesamband Íslands	—	5	5
Samtals	6706	11 930	5 224

991 Húsfriðun. Hækkun framlaga frá fjárlögum 1983 er 4 319 þús. kr. og nema heildarframlög 6 535 þús. kr. Eitt viðfangsefni bætist við en það er *0104 Byggða- og minjasöfn* sem var áður áætlað fyrir undir fjárlagalið 02—902 Þjóðminjasafn Íslands. Breytingar á framlögum eru eftirfarandi.

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101 Húsfriðunarsjóður	816	1 235	419
0102 Viðeyjarstofa og Nesstofa	500	750	250
0103 Bernhöftstorfa	900	900	—
0104 Byggða- og minjasöfn	—	3 650	3 650
Samtals	2 216	6 535	4 319

999 Ýmislegt. Heildarframlög eru 3 763 þús. kr. og 15 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1983. Viðfangsefni eru samtals 48 og fækkar um eitt, *0221 Bridgesamband Íslands* sem færirst yfir á fjárlagalið 02—989 Ýmis íþróttamál. Fjárveiting til þess var 5 þús. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs. Framlög til hinna ýmsu viðfangsefna undir þessum lið eru óbreytt að krónutölu frá fjárlögum 1983 að frátöldu viðfangsefninu *0307 Eyðing vargfugls* en það framlag hækkar um 20 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	18 277	38 996	20 719	113,4
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	21 935	35 239	13 304	60,6
Sendiráðin	47 661	94 160	46 499	97,6
Alþjóðastofnanir	43 055	62 165	19 110	44,4
Samtals	130 928	230 560	99 632	76,1

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málaflokka utanríkisráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Fjárveiting til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins verður 34 925 þús. kr. og er það hækkun um 18 556 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra viðfangsefna á vegum aðalskrifstofunnar, annars vegar í fjárlögum 1983 og hins vegar í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1984.

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101 Yfirstjórn	12 807	25 568	12 761
0102 Samningar við erlend ríki	100	258	158
0103 Alþjóðaráðstefnur	1 500	4 123	2 623
0104 Kjöræðismenn	127	309	182
0105 Upplýsinga- og kynningarstarfsemi	570	1 176	606
0107 Kvikmyndir og myndbönd fyrir sendiráðin ...	100	206	106
0108 Markaðsmál	995	3 464	2 469
0109 Kynning á menningu Norðurlanda	170	—	— 170
	15 369	35 104	18 735
– Sértekjur	—	179	179
Fjárveiting	15 369	34 925	18 556

Öll viðfangsefni hækka heldur meira en sem nemur verðlagsbreytingum hér innanlands. Skýring þessa er sú að kostnaður er að mestu leyti háður gengisbreytingum íslensku krónunnar. Um einstök viðfangsefni er þetta að segja: Fjárveiting til *yfirstjórnar* hækkar jafnmikið og raun ber vitni þar sem niðurstöðutala ríkisreiknings 1982 hefur verið höfð til hliðsjónar við áætlun á öðrum rekstrargjöldum. Launaliður hækkar hins vegar í samræmi við launaforsendur frumvarpsins, enda er starfsmannahald óbreytt. Framlag til *markaðsmála* er vegna kostnaðar við starfsemi viðskiptafulltrúa við sendiráðið í London. Þá fellur niður *kynning á menningu Norðurlanda*, enda var þar um tímabundið verkefni að ræða.

102 Varnarmáladeild. Fjárveiting til Varnarmáladeildar verður 4 071 þús. kr., sem er hækkun um 2 163 þús. kr. eða 113,3% frá fjárlögum ársins 1983. Laun hækka um 823 þús. kr. eða 61,8% og verða 2 154 þús. kr. Þessi hækkun er nokkuð umfram almennar verðlagsforsendur frumvarpsins en það skýrist af því að í fjárlögum 1983 var um nokkra vanáætlun á launaflokkum að ræða. Rekstrargjöld hækka að öðru leyti um 1 407 þús. kr. og verða 2 012 þús. kr. Sértekjur hækka um 67 þús. kr. og verða 95 þús. kr.

301—313 Sendiráðin. Fjárveiting vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis nemur samtals 94 160 þús. kr. og er það hækkun um 46 499 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1983. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldegundir: Launaliður sendiráðanna hækkar samtals um 26 938 þús. kr. eða sem svarar til 86% hækkunar frá fjárlögum 1983. Hækkun þessi á launalið á eingöngu rót sína að rekja til gengisbreytinga íslensku krónunnar að undanskilinni aukningu um hálf tölubreytingu ritara við sendiráðið í Stokkhólmi. Önnur rekstrargjöld hækka um 17 128 þús. kr. eða 114,6% frá fjárlögum 1983 og hefur þá verið tekið tillit til reikningsniðurstöðu ársins 1982. Viðhald hækkar um 1 648 þús. kr. og verður samtals að fjárhæð 2 664 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 785 þús. kr. og verður 1 332 þús. kr. Í þessu frumvarpi er gerð sú breyting að áætlað er fyrir viðhaldi og gjaldfærðum stofnkostnaði sendiráðanna undir liðnum *sendiráð, almenn* og falla þessar gjaldegundir því niður hjá einstöðum sendiráðum. Gert er ráð fyrir að utanríkisráðuneytið geri tillögur um skiptingu fjáris til fjárveitinganefndar.

390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Framlag til þessa verkefnis var áður undir liðnum 03–399 *Utanríkismál, ýmis starfsemi*. Nú hefur hins vegar verið ákveðið að Þróunarsamvinnustofnun Íslands verði sérstakur fjárlagaliður. Framlag til stofnunarinnar er 13 641 þús. kr. og er það óbreytt frá fjárlögum 1983. Tillaga um ráðstöfun fjáris á árinu 1984 liggur ekki fyrir.

399 Utanríkismál, ýmis starfsemi. Fjárveiting á þessum lið verður samtals að fjárhæð 3 985 þús. kr. Framlag til einstakra verkefna er sem hér segir:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101 Þróunarsamvinnustofnun Íslands	13 641	—	– 13 641
0102 Flóttamannaráð Íslands	108	—	– 108
0103 Lögberg-Heimskringla	106	244	138
0104 Samskipti við Vestur-Íslendinga	332	166	– 166
0105 Félag Sameinuðu þjóðanna	17	—	– 17
0106 Háskóli sameinuðu þjóðanna	2 650	3 575	925
0108 Sérstök matvælaaðstoð	2 000	—	– 2 000
Samtals	18 854	3 985	– 14 869

Þróunarsamvinnustofnun Íslands flyst eins og áður segir yfir á sérstakan fjárlagalið, 03–390. Framlag til *Lögbergs-Heimskringlu* lækkar um 166 þús. kr. þar sem hluta þess verkefnis sem áætlað var fyrir í fjárlögum 1983 er nú lokið. Framlag til *Háskóla Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 78,8% og er framlagið þá miðað við verðlag á miðju árinu 1984. Önnur framlög falla niður.

401 Alþjóðastofnanir. Hækkun framlaga til alþjóðastofnana er samtals að fjárhæð 20 338 þús. kr. og verður framlagið alls 44 539 þús. kr. Hækkun á þessum lið er eingöngu vegna gengisbreytinga íslensku krónunnar svo og breyttri kostnaðarhlutdeild í ýmsum alþjóðastofnunum sem Ísland á aðild að.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld málefnaflokkanna landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús.

kr.:	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	9 686	14 666	4 980	51,4
Búnaðarmál	538 270	577 138	38 868	7,2
Skólar	25 544	38 503	12 959	50,7
Samtals	573 500	630 307	56 807	9,9

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokkanna landbúnaðarráðuneytisins.

- 101 Aðalskrifstofa.** Fjárveiting til aðalskrifstofu landbúnaðarráðuneytisins verður 9 166 þús. kr., sem er hækkun um 4 743 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 1 570 þús. kr. og verða 4 559 þús. kr. Er það í samræmi við almennar launaforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 173 þús. kr. og verða 4 607 þús. kr. Hefur þá verið áætlað sérstaklega fyrir Evrópuráðstefnu FAO í Reykjavík dagana 17.—21. september 1984 (1 000 þús. kr.).
- 171 Jarðeignir ríkisins.** Framlag ríkissjóðs verður 4 250 þús. kr. sem er lækkun fjárveitingar um 10 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Framlag þetta er til að greiða fráfarandi ábúendum ríkisjarða fyrir endurbætur á landi og húsakosti, til að greiða framlög ríkissjóðs til framkvæmda á ríkisjörðum og til að greiða skatta, tryggingar og viðhald jarða sem ekki eru í ábúð.
- 172 Jarðasjóður.** Framlag ríkissjóðs verður 1 250 þús. kr. og hækkar um 247 þús. kr. eða 24,6% frá fjárlögum 1983. Hlutverk Jarðasjóðs er að aðstoða sveitarfélög og bændur við eigendaskipti á jörðum og stuðla að því með lánveitingum og framlögum að nýting lands verði sem hagkvæmust.
- 201 Búnaðarfélag Íslands.** Framlag til Búnaðarfélagssins hækkar um 7 662 þús. kr. og verður 20 234 þús. kr. sem er hækkun um 60,9% frá fjárlögum 1983. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 3 957 þús. kr. eða 51,8%, önnur rekstrargjöld hækka um 4 075 þús. kr. Yfirfærslur falla niður en voru 240 þús. kr. Sértekjur hækka um 130 þús. kr. og verða 1 309 þús. kr. Í fjárlögum undanfarandi ára hefur starfseminni verið skipt í allmörg viðfangsefni sem mörg hver eru tengd, eðli sínu samkvæmt. Rétt þykir að draga viðfangsefnin saman og fækka þeim. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir fjórum viðfangsefnum, en þau eru:

	Stöðugildi	Fjárveiting 1984 þús. kr.
0101 Yfirstjórn	5,5	5 220
0102 Ráðunautar	16,48	8 573
0103 Sérfræðileg aðstoð við landbúnaðinn	9,68	5 060
0104 Ýmis framlög	—	1 381
Samtals	31,66	20 234

Áætlað er fyrir 31,66 heimiluðum stöðugildum á launalið stofnunarinnar, en það er sami fjöldi og áætlað var fyrir í fjárlögum 1983.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Framlag til stofnunarinnar verður 25 543 þús. kr. Er hækkun framlagsins 5 708 þús. kr. eða 28,7% frá fjárlögum 1983. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldegundir: Laun hækka um 4 703 þús. kr. og verða 14 918 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 752 þús. kr. eða 46,1%, sem er nokkuð undir almennum verðlagsforsendum frumvarpsins. Það skýrist af því að ekki er gert ráð fyrir viðfangsefninu *tilraunabú, óskipt*, en í fjárlögum 1983 var áætlað fyrir 1 500 þús. kr. til þessa viðfangsefnis. Að þessum lið frátöldum hækka rekstrargjöld um 95,3%. Viðhald hækkar um 261 þús. kr. og verður 491 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 371 þús. kr. og verður 1 292 þús. kr., þar af er gert ráð fyrir 380 þús. kr. framlagi til fjósbyggingar að Stóra-Ármóti. Framlag til tilraunastöðva, sem fram kemur í B-hluta frumvarpsins, hækkar um 72 þús. kr. og skiptist sem hér segir:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	þús. kr.	Breyting %
3001 Hestur	740	1 027	287	38,8
3002 Reykhólar	390	530	140	35,9
3003 Móðruvellir	1 402	688	-714	-50,9
3004 Skriðuklaustur	603	814	211	35,0
3005 Sámsstaðir	361	509	148	41,0
Samtals	3 496	3 568	72	2,0

Þá hækka sértekjur um 2 451 þús. kr. og verða 3 442 þús. kr.

207 Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Framlag til þessa verkefnis hækkar um 2 437 þús. kr. og verður 8 019 þús. kr. Nú er gert ráð fyrir 40 stöðum allt árið 1984, en í fjárlögum 1983 var hins vegar áætlað fyrir 36 stöðum allt árið 1983 og 4 stöðum frá 1. júlí 1983. Nettóaukning á launalið jafngildir því í raun aukningu útgjalda sem svarar til 2ja stöðugilda.

231 Skógrækt ríkisins. Framlag til stofnunarinnar nemur alls 17 084 þús. kr. og hækkar það frá fjárlögum 1983 um 3 376 þús. kr. eða 45,9%. Laun hækka um 3 750 þús. kr. og verða 12 449 þús. kr. sem er 43,1% hækkun frá fjárlögum 1983. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 286 þús. kr. og nema alls 6 786 þús. kr. Þar af eru 60 þús. kr. ætlaðar til áframhaldandi söfnunar á borsýnum og til rannsókna á áhringjum trjáa. Liðirnir viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður verða samtals 3 274 þús. kr. og hækka um 930 þús. kr. frá fjárlögum. Þá lækkar liðurinn *til einstaklinga og samtaka* um 55 þús. kr. og verður 525 þús. kr. Sértekjur verða 5 950 þús. kr. og hækka um 3 535 þús. kr. Er það í samræmi við meginstefnu frumvarpsins að auka sértekjur stofnana og áætla þær eins og aðra liði sem raunhæfast.

241 Landnám ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar samtals um 163 þús. kr. frá fjárlögum 1983 og verður 2 465 þús. kr. Laun hækka um 36 þús. kr. eða 2,2% og verða 1 659 þús. kr., sem er verulega undir verðlagsforsendum frumvarpsins. Lækkunin skýrist af því að um áramót 1982/1983 fluttist teikniþjónusta, sem innt hefur verið af hendi fyrir bændur hjá stofnuninni, yfir til Byggingarstofnunar landbúnaðarins. Hér er því ekki áætlað fyrir tækniteknara og verkfræðingi sem sáu um þessa þjónustu. Önnur rekstrargjöld hækka um 429 þús. kr. og verða 747 þús. kr. Viðhalds- og stofnkostnaður hækkar samtals um 41 þús. kr. og verður 49 þús. kr. Fjárveiting til grænifóðurverksmiðja fellur niður en hún nam 335 þús. kr. í fjárlögum 1983. Framlag til einstaklinga og samtaka verður 150 þús. kr. sem ráðstafað verður til Hólsfjallaáætl-

unar. Yfirfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega falla niður en þær námu 350 þús. kr. í fjárlögum 1983 og rann fjárveitingin til viðfangsefnanna *ibúðarhús, bygging* og skipulagning. Þá lækka sértekjur um 342 þús. kr. og verða 140 þús. kr. Lækkunin skýrist af því að teikniþjónusta sú sem innt var af hendi hjá stofnuninni og myndaði stærstan hluta sértekna hefur verið flutt, sem fyrr segir.

- 246 Veiðimálaskrifstofan.** Framlag til stofnunarinnar verður 8 526 þús. kr., sem er hækkun um 3 341 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 1 338 þús. kr. eða 47,6% og verða 4 146 þús. kr., sem er í hátt við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 455 þús. kr. og verða 2 917 þús. kr. Viðhalds- og stofnkostnaður hækkar um 65 þús. kr. og verður 230 þús. kr. Yfirfærslur til B-hluta, en þar er um að ræða framlag til Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði, hækkar um 1 106 þús. kr. og verða 1 406 þús. kr. Fjárveitingunni er ætlað að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum sem tekin voru vegna virkjunar borholu 4 í Kollafirði. Framlag til Fiskræktarsjóðs hækkar um 150 þús. kr. og verður 600 þús. kr., en sjóðurinn styrkir byggingu fiskræktar- og fiskeldismannvirkja. Sértekjur eru áætlaðar 773 þús. kr., en ekki var áætlað fyrir þeim í fjárlögum 1983.
- 270 Landgræðslu- og landverndaráætlun.** Fjárveiting til landgræðslu- og landverndaráætlunar hækkar um 5 854 þús. kr. og verður framlag samtals 27 164 þús. kr. Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra verkefna á þessum fjárlagalið, annars vegar í fjárlagafrumvarpi 1984 og hins vegar í fjárlögum 1983.

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting %
0102 Landgræðsluáætlun, RALA	1 465	2 318	58,2
0103 Landgræðsluáætlun, Skógrækt ríkisins	2 700	3 553	31,6
0104 Landgræðsluáætlun, Landgræðsla ríkisins	11 470	15 110	31,7
0105 Landgræðsluáætlun, Ýmis starfsemi	480	760	58,3
0109 Fyrirhleðslur	4 485	4 488	—
0110 Sjóvarnargarðar	710	935	31,7
Samtals	21 310	27 164	27,5

Í samþykktri þingsályktunartillögu um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982–1986 er kveðið á um árlegar fjárveitingar úr ríkissjóði. Í nefndri tillögu er gert ráð fyrir að verðbætur greiðist á framlög árána 1983–1986 er miðist við framlög ársins 1982. Í fjárlögum 1983 var áætlað fyrir 42% verðbreytingu milli árána 1982/1983. Í reynd hefur verðbreyting hins vegar orðið 87% milli árána 1982/1983. Með fjárveitingu á árinu 1984, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, og greiðslum á árinu 1983 hafa ofangreind verkefni fengið verðbætur ársins 1983 að fullu greiddar. Verðbætur vegna ársins 1984 koma samkvæmt þessari málsmeðferð til greiðslu á árinu 1985.

- 286 Landbúnaður, framlög.** Framlag nemur alls 880 þús. kr. og lækkar um 255 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1983. Framlög til viðfangsefnanna *jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir og Framleiðslusjóður landbúnaðarins* eru óbreytt frá fjárlögum, þ. e. 130 þús. kr. og 750 þús. kr. Niður falla framlög til viðfangsefnanna *Búnaðarbanki Íslands, veðdeild*, sem var 250 þús. kr. í fjárlögum, og *nautgriparæktarsambönd* 5 þús. kr. Framlag til *Veðdeildar Búnaðarbankans* fellur niður í samræmi við meginstefnu frumvarpsins um framlög til stofnlánasjóða atvinnuvega.

287 Stofnlánadeild landbúnaðarins. Framlag ríkissjóðs til hinnar almennu starfsemi Stofnlánadeildar landbúnaðarins fellur niður og er það í samræmi við þá meginstefnu frumvarpsins að fella að mestu niður framlög til stofnlánasjóða atvinnuveganna. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1983 var framlag til stofnlánadeildarinnar hækkað um 2 000 þús. kr. í meðförum Alþingis. Umrædd hækkun var til komin vegna framlags til lífeyrissjóðs bænda til eftirlaunagreiðslna skv. II. kafla laga um lífeyrissjóð bænda. Framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildarinnar er nú 12 060 þús. kr. Rennur það óskipt til Lífeyrissjóðs bænda og er það í samræmi við II. kafla fyrrnefndra laga.

288 Jarðræktarlög, framlög. Fjárveiting verður 81 358 þús. kr. og er það hækkun um 9 515 þús. kr. eða 13,2% frá fjárlögum 1983. Framlög til einstakra viðfangsefna verða sem hér segir:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting %
0101 Jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur	44 863	49 800	11,0
0102 Framræsla	6 320	7 000	10,7
0103 Nýjar búgreinar og hagræðing	15 422	17 100	10,9
0104 Rekstrargjöld	5 238	7 458	42,4
Samtals	71 843	81 358	13,2

Þrír fyrrnefndu liðirnir fylgja þeirri meginstefnu frumvarpsins að framlög til einstakra framkvæmdaflokka hækki um sem næst 11% milli ára. Viðfangsefnið *rekstrargjöld* fylgir að mestu leyti breytingum á launum og hækkar því í samræmi við launaforsendur frumvarpsins, en fjárveitingunni er að mestu varið til greiðslu á launum jarðræktar-ráðunauta.

289 Jöfnunargjald. Hér er um nýjan lið að ræða og er fjárveiting ákveðin 12 000 þús. kr. Fer hún til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts af útfluttum loðdýraafurðum samkvæmt nánari reglum þar um.

290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir. Útflutningsuppbætur vegna framleiðslu ársins 1983/1984 eru áætlaðar samtals 280 000 þús. kr. og hækkar fjárveitingin um 17 350 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Á árinu 1983 er talið að útflutningsbótaréttur nemi 315—330 000 þús. kr. en vegna samdráttar í framleiðslu er talið að einungis 225 000 þús. kr. verði nýttar á því ári vegna framleiðsluársins 1982/1983. Útgjöld á árinu 1984 eru áætluð í samræmi við horfur um framleiðslu á árinu 1983/1984 og að teknu tilliti til verðlagsbreytinga. Miðað er við að ekki komi til fullnýtingar verðabyrgðar ríkissjóðs á árinu 1984 fremur en 1983 en hún var 10% af verðmæti landbúnaðarvara.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi. Fjárveiting lækkar um 24 754 þús. kr. og verður 41 456 þús. kr. Einstök framlög breytast þannig milli ára:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102 Gardyrkjufélag Íslands	2	—	-2
0103 Norræna búfræðifélagið	3	—	-3
0105 Landssamband ísl. hestamannafélaga, til leiðbein- inga um hestamennsku	10	10	—
0109 Æðarræktarfélag Íslands	3	—	-3
0110 Félag áhugamanna um fiskrækt	1	—	-1
0113 Efnarannsóknastofa Norðurlands	20	20	—
0114 Rannsóknarstöðin Katla, Víkurbakka	2	—	-2
0115 Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöðvar ..	146	146	—
0118 Skógræktarfélag Íslands	60	60	—
0119 Lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982	55 233	40 405	-14 828
0120 Landvernd	300	150	-150
0121 Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu	80	80	—
0122 Ýmis verkefni	100	260	160
0123 Niðurskurður sauðfjár	10 000	—	-10 000
0126 Raðnsóknir á lífnaðarháttum æðarfugls	250	325	75
Samtals	66 210	41 456	-24 754

Eins og fram kemur í yfirlitinu falla sex viðfangsefni niður. Liðurinn *lántökukostnaður vegna laga nr. 13/1981 og 13/1982* lækkar um 14 828 þús. kr. og stafar lækkunin af því að lán þau sem tekin voru skv. lögum nr. 9/1980 hafa nú verið að fullu greidd. Liðurinn *niðurskurður sauðfjár* fellur niður, enda var þar um tímabundið verkefni að ræða í sambandi við efnahagsráðstafanir fyrri ríkisstjórnar frá því í ágúst 1982. Ekki er talin ástæða til að fjalla frekar um aðra liði.

501 Bændaskólinn Hvanneyri. Fjárveiting verður 17 578 þús. kr. sem er hækkun um 6 013 þús. kr. eða 51,9% frá fjárlögum ársins 1983. Hækkunin skiptist á eftirfarandi hátt á gjaldategundir. Laun hækka um 3 930 þús. kr. og verða 11 414 þús. kr., sem er í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins um hækkun á launalið. Önnur rekstrar-
gjöld hækka um 6 823 þús. kr. og verða 11 205 þús. kr. Viðhald hækkar um 527 þús. kr., verður 1 314 þús. kr. og rennur til ýmissa verkefna. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 525 þús. kr. og verður 4 950 þús. kr. Fyrirhugað er að verja framlagi til viðhalds- og stofnkostnaðar á eftirfarandi hátt:

	Viðhald	Gjaldfærður stofnkostn.
0102 Yfirstjórn	150	250
0103 Rekstur skóla	780	4 500
0104 Rannsóknir og tilraunastarfsemi	84	—
0105 Búrekstur	300	200
Samtals	1 314	4 950

Gjaldfærðum stofnkostnaði á viðfangsefninu *yfirstjórn* er fyrirhugað að ráðstafa þannig að 150 þús. kr. fari til rafveituframkvæmda og 100 þús. kr. til bütækisafns. Á viðfangsefninu *rekstur skóla* er áformað að ráðstafa stofnkostnaðarfé þannig að 4 000 þús. kr. fari til áframhaldandi framkvæmda við rannsóknahús og 500 þús. kr. til gamla skólahússins. Á liðnum *búrekstur* er fyrirhugað að 200 þús. kr. fari til frumathugunar á byggingu loðdýrahúss. Sértekjur verða 11 305 þús. kr. sem er hækkun um 6 792 þús. kr. frá fjárlögum 1983.

502 Bændaskólinn Hólum. Fjárveiting til Bændaskólans á Hólum verður 11 121 þús. kr., sem er hækkun um 2 564 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 1 727 þús. kr. og verða 4 721 þús. kr., þar af eru 72 þús. kr. vegna hálftrar stöðu sérhæfðs aðstoðarmanns, sem áætlað er fyrir undir öðrum dagvinnulaunum. Önnur rekstrar-gjöld verða 4 981 þús. kr., sem er hækkun um 3 468 þús. kr. Viðhald hækkar um 300 þús. kr. og verður 1 800 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 121 þús. kr. og verður 3 189 þús. kr. Fyrirhugað er að verja honum þannig að 2 900 þús. kr. fara til þess að ljúka þjónustubyggingu við hesthús og 289 þús. kr. til annarra verkefna. Sértekjur skólans hækka um 2 810 þús. kr. og verða 3 570 þús. kr.

503 Garðyrkjuskóli ríkisins. Fjárveiting til skólans verður 9 804 þús. kr., sem er hækkun um 4 382 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 1 614 þús. kr. eða 48,2% og verða 4 957 þús. kr., sem er í hátt við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Önnur rekstrargjöld verða 2 988 þús. kr., sem er hækkun um 1 597 þús. kr. Viðhald hækkar um 685 þús. kr. og verður 1 035 þús. kr. Þar af er gert ráð fyrir að 860 þús. kr. fari til viðhalds gróðurhúsa, 100 þús. kr. til viðhalds á skólastjórabústað og 75 þús. kr. til viðhalds á öðrum byggingum. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 977 þús. kr. og verður 2 015 þús. kr. Gert er ráð fyrir að fjárveitingu til stofnkostnaðar verði ráðstafað þannig að 1 250 þús. kr. fari til byggingar heimavistar, 600 þús. kr. til endurbyggingar gróðurhúsa og 165 þús. kr. til kaupa á tæknibúnaði í garðyrkjustöð og annarra verkefna. Sértekjur hækka um 491 þús. kr. og verða 1 191 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld málefnaflokkja sjávarútvegsráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	6 095	10 658	4 563	74,9
Útvegsfél	154 895	186 995	32 100	20,7
Annað	8 049	12 091	4 042	50,2
Samtals	169 039	209 744	40 705	24,1
Þar af markaður tekjustofn	5 400	5 400	—	—

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum, sem er 5 400 þús. kr. Gjaldið skiptist þannig milli viðtakenda: Rannsóknastofnanir sjávarútvegsins, bygging fær 60 þús. kr., sem er lækkun um 68 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Framleiðslueftirlit sjávarafurða fær 5 340 þús. kr. af gjaldinu og er það hækkun um 68 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu fjárlagaliði til skýringar á hækkun framlags til einstakra málefnaflokkja sjávarútvegsráðuneytisins.

101 Aðalskrifstofa. Heildarfjárveiting til aðalskrifstofu ráðuneytisins verður 10 658 þús. kr., sem er hækkun um 4 563 þús. kr. eða 74,8% frá fjárlögum ársins 1983. Rekstrarliðir aðrir er stofnkostnaður hækka um 4 513 þús. kr. og verða 10 458 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 50 þús. kr. og verður 200 þús. kr. Fénu verður m. a. varið til kaupa á tölvuskjá og prentara sem tengjast á tölvu Fiskifélags Íslands.

- 202 Hafrannsóknastofnun.** Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunar verður 91 833 þús. kr. og er það 32 047 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Í frumvarpinu er sú breyting gerð, að framlag til viðhalds og gjaldfærðs stofnkostnaðar er ekki skipt á einstakar deildir og útibú. Stofnuninni er þess í stað veitt fé til þessara útgjaldaliða undir viðfangsefnunum *4001 Stofnkostnaður deilda og útibúa* og *4002 Viðhald deilda og útibúa*. Með þessum hætti er Hafrannsóknastofnun gert kleift að ráðstafa fjármagninu í samræmi við þann forgang sem henta þykir hverju sinni. Skiparekstur stofnunarinnar miðast við rannsóknaskipin *R/S Bjarna Sæmundsson*, *R/S Árna Friðriksson* og *R/S Dröfn* og 9 mánaða úthald á hverju þeirra. Ekki er veitt fé til úthalds á *R/S Hafþóri*, hins vegar er undir viðfangsefninu *3005 Annar skiparekstur* áætlað á öðrum rekstrargjöldum fyrir fimm mánaða úthaldi skips. Þetta hefur í för með sér tilfærslur milli gjaldategunda hjá stofnuninni en fjárveitingin skiptist með eftirtöldum hætti: Laun verða 42 489 þús. kr. og er það 9 895 þús. kr. eða 30,3% hækkun frá fjárlögum 1983. Önnur rekstrargjöld hækka um 14 478 þús. kr. og verða 34 361 þús. kr. Viðhald hækkar um 4 712 þús. kr. og verður 8 445 þús. kr. Hér er um verulega hækkun umfram verðlagsforsendur frumvarpsins að ræða, sem skýrist af því að áætlað er fyrir meiri háttar viðhaldi á *R/S Bjarna Sæmundssyni* á árinu 1984 eða alls 6 000 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 217 þús. kr. og verður 8 693 þús. kr., þar af 3 945 þús. kr. vegna hafrannsóknaskipanna. Loks hækka sértekjur stofnunarinnar um 255 þús. kr. og verða 2 155 þús. kr.
- 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða.** Fjárveiting til Framleiðslueftirlitsins verður 34 790 þús. kr. og er það 12 810 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1983. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði á árinu 1983 sem nemur 0,4 nýjum stöðugildum ferskfiskeftirlitsmanna, þ. e. 0,2 stöðugildi á Dalvík, 0,1 stöðugildi á Ólafsfirði og 0,1 stöðugildi á Höfn í Hornafirði. Grunnheimildir stofnunarinnar eru nú 80,2 stöðugildi. Framlag til stofnunarinnar skiptist þannig á gjaldategundir: Laun hækka um 7 065 þús. kr. og verða 23 920 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækka um 6 750 þús. kr. og verða 12 450 þús. kr., viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður eru óbreytt frá fjárlögum 1983 eða samtals 205 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 1 005 þús. kr. og verða 1 785 þús. kr.
- 274 Aflatryggingasjóður.** Mótfamlag ríkissjóðs til hinnar almennu deildar Aflatryggingasjóðs hækkar um 3 085 þús. kr. eða 19,8% frá fjárlögum 1983, sbr. lög nr. 44/1983. Verður framlagið þar með 18 600 þús. kr. Um aflatryggingasjóð gilda að stofni til lög nr. 5/1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum með síðari breytingum. Framlag ríkissjóðs hefur verið skert samkvæmt meginforsendu frumvarpsins um framlög til sjóða.
- 275 Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs fellur niður í frumvarpinu en framlag var 26 600 þús. kr. í fjárlögum 1983. Niðurfelling framlagsins er í samræmi við þá meginforsendu sem sett er um framlög til sjóða.

299 Sjávarútvegsmál, ýmis starfsemi. Fjárveiting verður 7 413 þús. kr. sem er hækkun um 1 907 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Framlög samkvæmt frumvarpinu og fjárlögum 1983 eru sem hér segir:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0101 Sjóvinnunámskeið	182	242	60
0102 Skólabátar	150	150	—
0103 Eftirlit með hvalvinnslustöðvum	10	200	190
0109 Veidieftirlit	3 917	5 899	1 982
0112 Tækninámskeið	60	—	-60
0118 Vinnu- og rekstrarhagræðing í fiskvinnslufyrirtækjum	422	422	—
0119 Mörkun fiskveiðistefnu	765	500	-265
Samtals	5 506	7 413	1 907

Framlag til eftirlits með hvalvinnslustöðvum eykst um 190 þús. kr. og er það vegna aukinnar þátttöku í eftirliti samkvæmt alþjóðasamkomulagi. Útgjöld vegna *veidieftirlits* hækkar um 1 982 þús. kr. og er það í samræmi við launaforsendur frumvarpsins.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	8 719	15 602	6 883	78,9
Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	455 039	707 501	252 462	55,5
Þjóðkirkjan	53 839	83 545	29 706	55,2
Samtals	517 597	806 648	289 051	55,8

Engir markaðir tekjustofnar renna til þessa ráðuneytis.

Verður nú gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokkanna.

204 Borgarfélagið í Reykjavík. Fjárveiting hækkar um 5 809 þús. kr. og verður 13 311 þús. kr. Laun verða 9 268 þús. kr. og hækka um 3 044 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 549 þús. kr. og verða 2 739 þús. kr., þá hækkar viðhald um 26 þús. kr. og verður 50 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 1 254 þús. kr. og hækkar um 1 190 þús. kr. Fé þetta er ætlað til kaupa og uppsetningar á símaskiptiborði fyrir stofnunina.

206 Lögreglustjórnin í Reykjavík. Fjárveiting hækkar um 48 779 þús. kr. og verður 144 677 þús. kr. Laun hækka um 41 690 þús. kr. og verða 123 625 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á starfsmannahaldi en heimilud stöðugildi er alls 274,0. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 843 þús. kr. og verða 17 913 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka frá gildandi fjárlögum samkvæmt verðlagsforsendum. Að svo stöddu er ekki tekið mið af niðurstöðum ríkisreiknings undanfarin ár, en á sérstökum lið fjármálaráðuneytisins (09–989) er áætlað fyrir fé til leiðréttingar á rekstrargjöldum. Sjá einnig athugasemd um embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Viðhald hækkar um 1 200 þús. kr. og verður 4 520 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 703 þús. kr. og verður 3 328 þús. kr. Fjárveitingunni verður varið til eftirtalinna verkefna:

2 800 þús. kr. til endurnýjunar bifreiða og bifhjóla almennu löggæslunnar, og 528 þús. kr. eru ætlaðar til ýmissa smærri stofnkostnaðarverkefna hjá embættinu. Sértekjur hækka um 1 657 þús. kr. og verða 4 709 þús. kr.

208 Rannsóknarlögregla ríkisins. Fjárveiting hækkar um 14 796 þús. kr. og verður 36 586 þús. kr. Laun hækka um 9 264 þús. kr. og verða 26 539 þús. kr. Stöðugildi hjá stofnuninni eru alls 47,0 sem er óbreytt frá fyrra ári. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 892 þús. kr. og verða 7 345 þús. kr., og viðhald hækkar um 260 þús. kr. og verður 500 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður nemur alls 2 500 þús. kr. og er það hækkan um 1 608 þús. kr. frá fjárlögum. Þar af eru 2 200 þús. kr. ætlaðar til endurnýjunar bifreiða en 300 þús. kr. til annarra stofnkostnaðarverkefna. Sértekjur eru áætlaðar 298 þús. kr. og hækka um 228 þús. kr., enda gert ráð fyrir tekjum af sölu eldri bifreiða.

211-237 Sýslumenn og bæjarfógetar. Framlög hækka um 90 801 þús. kr. og verða 234 381 þús. kr. Laun hækka um 54 605 þús. kr. og verða 168 622 þús. kr. Stöðugildum er ekki fjölgað svo að hér er einvörðungu um verðlagsuppfærslur að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 22 979 þús. kr. og verða 43 802 þús. kr. Varðandi önnur rekstrargjöld er rétt að taka fram eftirfarandi:

- a) Fyrir kostnaði vegna tekjubókhaldskerfis er áætlað undir liðnum *211 Sýslumenn og bæjarfógetar*. Til þess verkefnis renna 9 500 þús. kr. Ekki hefur verið áætlað fyrir þessum kostnaði áður.
- b) Í kaflanum um meginforsendur frumvarpsins er þess getið að grundvöllur annarra rekstrargjalda stofnana hafi verið endurskoðaður með hliðsjón af raunverulegu umfangi rekstrar. Þetta á þó ekki við um sýslumenn og bæjarfógeta. Þess í stað er nokkur fjárhæð áætluð á lið fjármálaráðuneytisins *09–989 Vegna launa og verðlagsmála* til leiðréttingar rekstrargjalda embættanna. Þessu fé verður dreift á einstök embætti að undangenginni athugun á tilhögun skila innheimtumanna ríkissjóðs á ríkistekjum.

Viðhald hækkar um 2 523 þús. kr. og verður 4 908 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 13 741 þús. kr. og verður alls 22 626 þús. kr. Helstu framkvæmdaframlög eru: 1 000 þús. kr. til byggingar stjórnarsýsluhúss í Búdardal, 500 þús. kr. vegna húsnæðis fyrir löggæslu á Ólafsfirði, 2 850 þús. kr. til lagfæringar á skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri, 4 100 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar á Seyðisfirði, 200 þús. kr. til endurbóta á húsnæði bæjarfógetaskrifstofunnar á Neskaupstað, 2 300 þús. kr. eru ætlaðar til innréttinga og frágangs á skrifstofuhúsnæði á Eskifirði, 300 þús. kr. til byggingar bílageymslu í Vík í Mýrdal, 1 050 þús. kr. til frágangs lögreglustöðvar á Hvolsvelli, 500 þús. kr. eru ætlaðar til endurbóta á húsnæði sýsluskrifstofunnar á Selfossi og 300 þús. kr. til endurbóta á húsnæði löggæslunnar á sama stað. Til lagfæringar á þakleka og endurbóta á húsnæði bæjarfógetaskrifstofunnar í Keflavík eru ætlaðar 1 200 þús. kr. og til framkvæmda við húsnæði er keypt var fyrir löggæsluna í Hafnarfirði eru ætlaðar 6 000 þús. kr. Til fullnaðarfrágangs á húsnæði bæjarfógetans í Kópavogi og til kaupa á símstöð fyrir það embætti eru ætlaðar 1 500 þús. kr. Þá eru 826 þús. kr. ætlaðar til smærri verkefna hjá embættunum. Sértekjur hækka um 1 348 þús. kr. og verða alls 3 878 þús. kr.

242 Vinnuhælið Litla-Hrauni. Framlag hækkar um 12 269 þús. kr. og verður 27 645 þús. kr. Laun hækka um 6 283 þús. kr. og verða 18 619 þús. kr. Hér er einvörðungu um verðlagsuppfærslu að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 765 þús. kr. og verða 11 205 þús. kr., og viðhald hækkar um 275 þús. kr. og verður 675 þús. kr. Gjaldfærður

stofnkostnaður hækkar um 2 200 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr. Þar af eru 2 000 þús. kr. ætlaðar til að bæta skrifstofuaðstöðu fyrir stofnunina. 500 þús. kr. eru ætlaðar til endurnýjunar á vörubifreið stofnunarinnar. Sértekjur hækka um 3 254 þús. kr. og verða 5 354 þús. kr.

- 251 Landhelgisgæsla Íslands.** Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar samtals um 42 097 þús. kr. og verður 140 963 þús. kr. Miðað er við rekstur þriggja skipa samtals í 33 mánuði, þ. e. *Ægir* og *Týr* í 12 mánuði hvort skip og *Óðinn* í 9 mánuði. Hjá fluggæslu er gert ráð fyrir rekstri þriggja flugvéla samtals í 1 200 flugstundir. Fyrirhugað úthald skipa og flugvéla stofnunarinnar á árinu 1984 er það sama og fjárlög 1983 gerðu ráð fyrir. Þá er gerð sú breyting að Sjósmælingar Íslands, sem verið hefur sjálfstæð ríkisstofnun, er nú flutt undir Landhelgisgæslu sem sérstakt viðfangsefni. Launaliður verður 58 159 þús. kr., sem er hækkan um 19 991 þús. kr. frá fjárlögum eða sem svarar til 52,4% hækkunar. Rekstrargjöld hækka um 9 870 þús. kr. eða 22,2%, frá fjárlögum. Hækkun þessi, sem er undir verðlagsforsendum frumvarpsins, er til komin vegna þess að felldar hafa verið niður allar húftryggingar af skipum og flugvélum stofnunarinnar. Þetta lækkar fyrirhuguð útgjöld stofnunarinnar um 17 600 þús. kr. Að öðru leyti hækka önnur rekstrargjöld í hátt við almennar verðlagsforsendur frumvarpsins. Viðhald hækkar um 9 705 þús. kr. og verður 16 283 þús. kr. Stærsta verkefnið er á vegum fluggæslu þar sem yfirfara þarf hreyfla flugvélarinnar TF-SÝN og er kostnaður við þá viðgerð áætlaður um 8 000 þús. kr. Að öðru leyti er um venjubundið viðhald að ræða. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 2 289 þús. kr. sem er hækkan um 1 360 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Þar af eru 1 000 þús. kr. ætlaðar til áframhaldandi athugunar á starfsaðstöðu stofnunarinnar. Framlag til Landhelgissjóðs verður 11 558 þús. kr. sem er hækkan um 2 596 þús. kr. Fjárveiting þessi er til að standa undir vöxtum og afborgunum af lánum sjóðsins sem tekin hafa verið vegna skipa- og flugvélakaupa stofnunarinnar. Þá hækka sértekjur um 1 425 þús. kr. og verða 1 547 þús. kr.
- 252 Bifreiðaeftirlit ríkisins.** Framlag til stofnunarinnar hækkar um 10 325 þús. kr. eða 65,2% og verður 26 153 þús. kr. Laun verða 18 634 þús. kr., sem er hækkan um 5 752 þús. kr. eða 44,6%. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 890 þús. kr. og verða 17 929 þús. kr. Viðhalds- og stofnkostnaður hækkar um 327 þús. kr. og verður 1 464 þús. kr. Þá hækka sértekjur um 6 644 þús. kr. og verða 11 874 þús. kr. Dómsmálaráðuneytið stefnir að því að láta fara fram sérstaka athugun á skipulagi og verklagsaðstæðum bifreiðaskoðunar og hefur óskað eftir því að fjárlaga- og hagsýslustofnun standi að þeirri athugun. Enn fremur hefur ráðuneytið hug á breyttri framkvæmd á bifreiðaskoðun, svo sem að fella niður aðalskoðun á nýjum og nýlegum bifreiðum.
- 253 Almannaþing ríkisins.** Framlag hækkar um 1 808 þús. kr. og verður 3 744 þús. kr. Laun hækka um 504 þús. kr. og verða 1 501 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 087 þús. kr. og verða 1 743 þús. kr., og viðhald hækkar um 38 þús. kr. og verður 70 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 150 þús. kr. og verður 350 þús. kr. og er framlagið ætlað til áframhaldandi uppbyggingar á fjarskiptakerfi almannaþinga. Yfirfærslur til sveitarfélaga hækka um 29 þús. kr. og verða 80 þús. kr.
- 254 Sjósmælingar Íslands.** Verkefni Sjósmælinga Íslands hafa verið færð undir Landhelgisgæsluna sem sérstakt viðfangsefni. Fellur því fjárveiting niður á þessum lið en áætlað er fyrir starfseminni á lið 06–251–0110.

301 Biskup Íslands. Í fjárlögum undanfarinna ára hefur verið áætlað fyrir framlögum til þjóðkirkjunnar undir einum fjárlagalið, 06–301 *Þjóðkirkjan*. Í ríkisbókhaldi hefur þessi liður hins vegar verið þrískiptur. Við undirbúning fjárlagafrumvarps 1984 þótti því rétt að skipta þjóðkirkjunni á fjóra fjárlagaliði, þ. e. 301 *Biskup Íslands*, 302 *Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar*, 303 *Prestaköll og prófastdæmi* og 304 *Ýmis kirkjuleg málefni*. Heildarfjárveiting til þessara fjárlagaliða verður 80 745 þús. kr., sem er hækkun um 29 507 þús. kr. eða 57,6% frá fjárlögum 1983. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum fjárlagalið fyrir sig til skýringar á hækkunum framlaga. Framlag til 301 *Biskup Íslands* verður 5 839 þús. kr. sem er hækkun um 2 563 þús. kr. eða 78,2% frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 889 þús. kr. og verða 2 836 þús. kr. Á launalið er áætlað fyrir 7,0 heimiluðum stöðugildum. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 783 þús. kr. og verða 2 717 þús. kr., þar af er gert ráð fyrir að 600 þús. kr. fari til uppgjors við ýmsa sjóði sem eru í vörslu embættisins. Viðhald og stofnkostnaður lækka um 109 þús. kr. og verða 286 þús. kr.

302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. Framlag til þessa liðar verður 1 382 þús. kr. sem er hækkun um 470 þús. kr. eða 51,5% frá fjárlögum 1983. Á launalið er áætlað fyrir 2,5 heimiluðum stöðugildum, en alls verður launaliður 792 þús. kr., sem er hækkun um 243 þús. kr. eða 44,3%. Hækkun launa er í samræmi við meginforsendur frumvarpsins. Aðrir rekstrarliðir verða 590 þús. kr., og hækkar framlagið um 227 þús. kr. frá sambærilegri fjárveitingu í fjárlögum 1983.

303 Prestaköll og prófastdæmi. Fjárveiting verður 65 167 þús. kr., sem er hækkun um 21 791 þús. kr. eða 50,2% frá sambærilegri fjárveitingu í fjárlögum 1983. Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingar á fjárveitingum til einstakra viðfangsefna frá fjárlögum 1983 til frumvarpsins 1984:

Viðfangsefni:	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting	
			þús. kr.	%
0101 Prestar og prófastar	31 636	49 449	17 813	56,3
0102 Byggingar á prestsetrum	3 500	4 250	750	21,4
0103 Kaup á eignum á kirkjujörðum	70	100	30	42,8
0104 Viðhald embættisbústaða	8 000	11 000	3 000	37,5
0105 Útihús á prestsetrum	100	250	150	150,0
0113 Byggingaefirlit	70	118	48	68,5
Samtals	43 376	65 167	21 791	50,2

Á launalið viðfangsefnisins 0101 *Prestar og prófastar* er áætlað fyrir 119,5 heimiluðum stöðugildum.

304 Ýmis kirkjuleg málefni. Framlag til þessa fjárlagaliðar verður 8 357 þús. kr., sem er hækkun um 4 683 þús. kr. frá sambærilegri fjárhæð í fjárlögum 1983. Eftirfarandi yfirlit sýnir breytingu á framlögum til einstakra viðfangsefna frá fjárlögum 1983 til frumvarps 1984:

Viðfangsefni:	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102 Kirkjuráð	40	75	35
0103 Kirkjuþing	213	374	161
0104 Alþjóðasamvinna	170	200	30
0105 V-íslenskar kirkjur	6	—	-6
0106 Álag v/afhendingar kirkna	150	150	—
0107 Utanfarir presta	20	50	30
0108 Biskups- og prestabókasöfn	2	—	-2
0109 Eftirlaun presta og ekkna, viðbót	73	110	37
0112 Sumarbúðir	110	150	40
0114 Kirkjugarðaeftirlit	207	320	113
0121 Skálholtsstaður	350	450	100
0122 Hallgrímskirkja í Reykjavík	1 000	4 300	3 300
0124 Útgáfustarfsemi	14	32	18
0125 Hið ísl. biblíufélag	115	115	—
0126 Umbætur á kristindómsfræðslu í skólum	2	—	-2
0127 Rit presta í Hólastifti	1	—	-1
0129 Saurbæjarkirkja	1	—	-1
0130 Kirkjukórasamband Íslands	3	—	-3
0133 Minningarkapella um séra Jón Steingrímsson	2	—	-2
0135 Hólar í Hjaltadal	120	120	—
0136 Hjálparstofnun kirkjunnar	80	80	—
0137 Húsmæðraskólinn Löngumýri	120	439	319
0139 Prestastefna	15	15	—
0140 Fastanefndir þjóðkirkjunnar	12	15	3
0141 Dómprófastur í Reykjavík	48	62	14
0142 Kirkjuorgel	800	1 300	500
Samtals	3 674	8 357	4 683

Á þessum fjárlagalið er áætlað fyrir 2,0 stöðum. Annarri á viðfangsefni 0114 Kirkjugarðaeftirlit en hinna á viðfangsefni 0137 Húsmæðraskólinn Löngumýri. Í fjárlögum 1983 var áætlað fyrir síðari stöðunni á fjárlagalið 02–553 Hússtjórnarskólar.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	5 055	9 252	4 197	83,0
Húsnæðismál	299 564	400 000	100 436	33,5
Önnur félagsmál	188 128	287 196	99 068	52,7
Samtals	492 747	696 448	203 701	41,3
Par af markaðir tekjustofnar	180 107	226 450	46 343	25,7

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka sem hér segir frá fjárlögum 1983: Markaður tekjustofn til Byggingarsjóðs verkamanna verður 200 000 þús. kr., sem er hækkun um 41 950 þús. kr. Skipulagsgjald, sem rennur til Skipulagsstjóra ríkisins, hækkar um 1 178 þús. kr. og verður 7 050 þús. kr. Hluti af erfðafjárskatti, sem fer til Erfðafjárjóðs, hækkar um 3 215 þús. kr., og verður 19 400 þús. kr. Verður nú nánar vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Framlag hækkar um 4 197 þús. kr. og verður 9 252 þús. kr. Laun hækka um 2 059 þús. kr. og verða 5 426 þús. kr. Stöðugildum fjölgar um 1,0 stöðu fulltrúa og 0,6 stöðu skrifstofumanns. Launakostnaður tengdur þessum stöðugildum nemur 466 þús. kr. Auk þess flyst eitt stöðugildi skrifstofumanns af öðrum dagvinnulaunum yfir á föst laun. Þá má rekja 1 613 þús. kr. hækkun launa til verðlagsbreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 087 þús. kr. og verða 3 735 þús. kr. Viðhald hækkar um 40 þús. kr. og verður 50 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 11 þús. kr. og verður 41 þús. kr.

271, 272 Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna. Fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna nema alls 400 000 þús. kr. og er það 100 436 þús. kr. eða 33,5% hækkun frá fjárlögum 1983 og skiptist þannig (í þús. kr.):

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
Byggingarsjóður ríkisins	141 514	200 000	58 486
Byggingarsjóður verkamanna	158 050	200 000	41 950
Samtals	299 564	400 000	100 436

Að undanfögnu hafa orðið miklar umræður um lánskjör og lánveitingar Byggingarsjóðs ríkisins. Í september 1983 var gerð ríkisstjórnarsamþykkt sem felur m. a. í sér hækkun allra lána Byggingarsjóðs ríkisins um 50% frá 1. janúar 1984, lengingu á lánstíma og breyttar endurgreiðslureglur. Ljóst er að ofangreind samþykkt eykur mjög á fjárförf Byggingarsjóðs ríkisins. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1984 mun hins vegar gerð nákvæm grein fyrir viðbótarfjárförf húsbyggingarsjóðanna og hvernig henni skuli mætt.

371 Lánasjóður sveitarfélaga. Framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga fellur niður í frumvarpinu og er það í samræmi við eina meginforsendu frumvarpsins um að dregið verði úr sjóðaframlögum. Framlag í fjárlögum 1983 nam 5 510 þús. kr.

399 Vatnsveitur. Fjárveiting til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga hækkar um 1 000 þús. kr. eða 20% frá fjárlögum 1983. Verður fjárveiting til þessa verkefnis því 6 000 þús. kr.

700—790 Málefni fatlaðra. Sú breyting er nú gerð á framsetningu þessa málaflokks að honum er skipt á sex fjárlagaliði, 700, 750, 760, 770, 780 og 790, í stað tveggja á fjárlögum 1983, það er 977 og 978. Framsetning er sem mest samræmd þeim verkefnum sem upp eru talin í lögum nr. 41/1983 um málefni fatlaðra. Heildarkostnaður hækkar úr 70 877 þús. kr. í fjárlögum 1983 í 147 726 þús. kr. eða um 108,4%. Tekin er inn fjárveiting til 15 nýrra heimila fyrir fatlaða, þar af fjögur sem áður hafa fengið rekstrarfé greitt með daggjöldum. Í fjárlögum 1983 eru reiknuð stöðugildi á þessum heimilum 246,75 en eru í þessu frumvarpi 331,3 eða fjölgun um 84,55 stöðugildi. Þau skiptast þannig að á nýjum heimilum eru 44,9, á

heimilum sem áður nutu daggjalda 34,55 og fjölgun áætlaðs starfsliðs hjá svæðisstjórn-
um 5,2 stöðugildi. Auk þessa eru nokkrar tilfærslur á reiknuðum stöðugildum milli
einstakra stofnana og heimila. Þær stofnanir og heimili sem áformað er að veita fé til
eru þessi (fjárhæðir í þús. kr.):

	Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals	–Sértekjur	Fjárveiting
0101 Stjórnarnefnd, samráðsnefnd	—	226	—	226
0102 Samráðsnefnd um ferlimál fatlaðra	—	526	—	526
0103 Svæðisstjórnir:	15,05	7 140	—	7 140
Reykjavík	3,50	1 354	—	1 354
Reykjanes	1,50	637	—	637
Vesturland	2,00	734	—	734
Vestfirðir	1,25	851	—	851
Norðurland vestra	2,00	1 043	—	1 043
Norðurland eystra	2,50	1 358	—	1 358
Austurland	1,30	572	—	572
Suðurland	1,00	591	—	591
0104 Sambýli:	40,45	10 865	—	10 865
Drekavogi 6, Reykjavík	4,00	1 503	—	1 503
Háteigsvegi 6, Reykjavík	1,85	551	—	551
Sigluvogi 5, Reykjavík	3,00	839	—	839
Auðarstræti 15, Reykjavík	3,60	1 070	—	1 070
Víðihlíð 11, Reykjavík	* 4,00	541	—	541
Akranesi	* 4,00	1 008	—	1 008
Siglufirði	* 4,00	872	—	872
Byggðavegi 91, Akureyri	5,00	1 518	—	1 518
Borgarhlíð 3, Akureyri	4,00	1 177	—	1 177
Egilsstöðum	* 3,00	664	—	664
Árvegi 8, Selfossi	4,00	1 122	—	1 122
0105 Verndaðir vinnustaðir	24,00	21 187	10 283	10 904
Ás, Reykjavík	4,00	1 978	—	1 978
Hrisalundur, Akureyri	7,00	6 357	2 558	3 799
Bjarg, Akureyri	* 3,50	9 856	7 524	2 332
Vestmannaeyjum	* 2,00	685	157	528
Árvegi 6, Selfossi	2,00	517	44	473
Kópavogi	* 5,50	1 794	—	1 794
0106 Dagvistun (afþreyingarheimili)	36,35	20 659	—	20 659
Lækjarás, Reykjavík	7,60	4 099	—	4 099
Lyngás, Reykjavík	** 14,75	9 088	—	9 088
Bjarkarás	** 14,00	7 472	—	7 472
0107 Leiktækjasöfn:	3,70	1 608	241	1 367
Borgarnesi	0,50	232	35	197
Blönduósi	1,00	403	60	343
Siglufirði	1,00	370	55	315
Akureyri	0,60	379	57	322
Keflavík	0,60	224	34	190
0108 Þjónustumiðstöðvar	23,85	7 141	—	7 141
Bræðratunga, Ísafirði	* 9,00	2 363	—	2 363
Vonarland, Egilsstöðum	14,85	4 778	—	4 778
0109 Skammtímvistun:	9,90	2 536	380	2 156
Víðihlíð 9, Reykjavík	* 4,90	781	117	664
Egilsá, Skagafirði	* 1,00	308	46	262
Keflavík	* 4,00	1 447	217	1 230

0108 *Þjónustumiðstöðvar.* Á þessu viðfangsefni eru nú tvær stofnanir, þ.e. Bræðratunga á Ísafirði og Vonarland á Egilsstöðum, en sú stofnun er í fjárlögum 1983. Kostnaður hækkar úr 3 093 þús. kr. í 7 141 þús. kr. Sveitarfélögum var í fjárlögum 1983 ætlað að bera 15% kostnaðar við rekstur Vonarlands, en í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir fé frá sveitarfélögum.

0109 *Skammtímvistun.* Undir þessu viðfangsefni eru þrjú heimili, öll ný í fjárlagafrumvarpi. Kostnaður er áætlaður 2 156 þús. kr. og stöðugildi reiknuð 9,9. Sértekjur, 380 þús. kr., eru mótfamlög viðkomandi sveitarfélaga (15%).

0110 *Heimili fyrir einhverf börn, Trönuhólum 1.* Fjárveiting til heimilisins hækkar um 4 687 þús. kr. og verður 6 401 þús. kr. Hækkunin stafar fyrst og fremst af ófullkominni tillögugerð við meðferð fjárlaga fyrir árið 1983. Gert er ráð fyrir fjölgun stöðugilda um tvö og verða þau samtals tólf. Ráðninganefnd ríkisins veitti í janúar 1983 heimild fyrir þeim tíu stöðugildum sem eru í fjárlögum 1983.

0111 og 0112 *Meðferðarheimilið Lambhagi, Selfossi, og Gistiheimili Proskahjálpar, Reykjavík,* eru nú í fyrsta skipti með beina fjárveitingu en fengu áður greiðslur af daggjöldum. Kostnaður við bæði heimilin er áætlaður 2 145 þús. kr. og stöðugildi reiknuð 5,8.

0113 *Kostnaður samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1983.* Ákvæði þessarar greinar eru hliðstæð við ákvæði 15. gr. laga nr. 47/1979. Fjárveitingin hækkar um 1 150 þús. kr. og verður 3 489 þús. kr.

0114 *Vistheimili.* Undir þessu viðfangsefni eru þau fjögur vistheimili sem eru undir liðnum 978 *Heimili fyrir þroskahefta* í fjárlögum 1983, þ.e. Skálatún, Tjaldanes, Sólborg og Sólheimar. Fjárveiting hækkar úr 51 084 þús. kr. í 74 627 þús. kr. eða um 23 543 þús. kr. (46,1%). Laun og önnur rekstrargjöld hækka í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins en fjárveiting til viðhalds lækkar um 1 101 þús. kr. Ætlast er til að Framkvæmdasjóður fatlaðra veiti fé til meiriháttar viðhalds og endurbyggingar á húsum. Stjórn ríkisspítalanna hefur yfirumsjón með rekstri Tjaldanesheimilisins.

- 5 **Framkvæmdasjóður fatlaðra.** Samkvæmt IX. kafla laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra skal stofna sjóð er nefnist Framkvæmdasjóður fatlaðra. Sjóðurinn yfirtekur Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra, sbr. lög nr. 47/1979, og skuldbindingar hans. Hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra er að fjármagna þær framkvæmdir sem taldar eru í 1. mgr. 26. og 27. gr. laganna og aðrar framkvæmdir ríkisins vegna sérkennslu. Um framkvæmdir sem fjármagnaðar eru af sjóðnum gilda ákvæði laga nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda að undanskildum framkvæmdum skv. 1. mgr. 27. gr. Samkvæmt framanrituðu fellur framlag til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra því niður, en það nam 39 960 þús. kr. í fjárlögum 1983. Í 35. gr. laganna um málefni fatlaðra er kveðið á um framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Þar segir að ríkissjóður skuli árlega næstu fimm ár leggja sjóðnum til a. m. k. jafnvirði 55 000 þús. kr. miðað við 1. janúar 1983. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Fjárveiting til sjóðsins er í frumvarpinu ákveðin 40 000 þús. kr., sem er skerðing framlags frá því sem um getur í lögum um málefni fatlaðra. Er skerðing þessi í samræmi við eina meginforsendu frumvarpsins um framlög ríkissjóðs til sjóða. Þá er vakin athygli á að tekjur Erfðafjárjóðs renna til sjóðsins, en gert er ráð fyrir að tekjur Erfðafjárjóðs verði um 21 400 þús. kr. á árinu 1984, þar af 19 400 þús. kr. sem fjárveiting úr ríkissjóði.

- 951 Brunamálastofnun ríkisins.** Rekstur stofnunarinnar er kostaður af brunavarnar-
iðgjöldum, sbr. lög nr. 74/1982. Ekki er gert ráð fyrir öðrum fjárframlögum til
stofnunarinnar. Launaútgjöld hækka um 1 170 þús. kr. og verða 2 178 þús. kr.
Ráðninganefnd samþykkti síðla árs 1982 fjölgun stöðugilda við stofnunina um tvö.
Laun tengd þessum tveim stöðugildum nema 562 þús. kr. Hækkun launaútgjalda
vegna verðlagsbreytinga svarar til 608 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 661
þús. kr. og verða 996 þús. kr. Viðhald hækkar um 40 þús. kr. og verður 50 þús. kr.
Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 95 þús. kr. og verður 150 þús. kr. Sértekjur
hækka um 1 966 þús. kr. og verða 3 374 þús. kr.
- 972 Bjargráðasjóður Íslands.** Fjárveiting til Bjargráðasjóðs Íslands verður 21 800 þús. kr.
sem er hækkun um 13 278 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Samkvæmt lögum nr. 57/1980,
um breyting á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð Íslands, er kveðið á um
framlagsskyldu ríkissjóðs til sjóðsins. Framlag til sjóðsins hefur verið skert frá
áðurnefndum lögum. Þannig nemur fjárveiting til starfsemi sjóðsins 1984 5 400 þús.
kr., sem er hækkun um 20% frá fjárlögum 1983, og er það í samræmi við forsendur
frumvarpsins um framlög til sjóða. Til viðbótar áðurgreindu framlagi er sérstök
fjárveiting að fjárhæð 16 400 þús. kr. samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar um að
ríkissjóður greiði Bjargráðasjóði mismuninn á fjármagnskostnaði sem sjóðurinn
verður fyrir vegna svokallaðra hardæris- og óveðurslána sem tekin voru á árunum
1980 til 1982.
- 981 Vinnumál.** Fjárveiting hækkar um 3 019 þús. kr. og verður 14 392 þús. kr. Í
eftirfarandi yfirliti eru tilgreindar fjárhæðir til einstakra aðila á þessum fjárlagalið,
annars vegar í fjárlögum 1983 og hins vegar í frumvarpi 1984.

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102 Félagsdómur	208	302	94
0104 Samtök vinnumarkaðarins, hagræðingarstarfsemi o.fl. .	1 688	2 190	502
0106 Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna	2 520	3 280	760
0107 Alþýðusamband Íslands vegna Menningar- og fræðslu- sambands alþýðu	1 020	1 330	310
0108 Orlofsheimili BSRB	950	1 240	290
0109 Félagsmálaskóli alþýðu	1 425	1 850	425
0110 Hagdeildir ASÍ, VSÍ, VMSS og BSRB	1 350	1 750	400
0111 Iðnnemasamband Íslands	39	50	11
0116 Alþýðusamband Íslands vegna orlofsmála	210	270	60
0117 Alþýðusamband Íslands vegna norræna verkalýðs- skólans í Genf	42	60	18
0118 Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum	450	600	150
0121 Þátttaka í starfi ILO	170	—	-170
0130 Sjómannadagsráð	81	100	19
0131 Fræðslumál BSRB	415	540	125
0132 Fræðslumál BHM	63	80	17
0133 Fræðslumál annarra	80	100	20
0134 Sjómannasamtök, lögskráning	200	200	—
0135 Vinnuverndarmál	350	—	-350
0136 Upplýsingastarfsemi um kjaramál	112	150	38
0137 Þátttaka í erlendu vinnumálasamstarfi	—	300	300
Samtals	11 373	14 392	3 019

		Reiknuð stöðugildi	Gjöld samtals	– Sértekjur	Fjárveiting
0110	Heimili fyrir einhverf börn:	12,00	6 582	101	6 481
	Trönuhólum 1, Reykjavík	12,00	6 582	101	6 481
0111	Meðferðarheimilið Lambhagi, Selfossi	** 5,00	1 715	60	1 655
0112	Gistiheimili:	0,80	490	—	490
	Þroskahjálp, Reykjavík	** 0,80	490	—	490
0113	Kostnaður skv. 10. gr. laganna	—	3 489	—	3 489
0114	Vistheimili	160,20	76 735	2 108	74 627
	Skálatún, Mosfellssveit	54,00	25 276	397	24 879
	Tjaldanes, Mosfellssveit	21,70	8 833	—	8 833
	Sólborg, Akureyri	57,00	28 148	1 045	27 103
	Sólheimar, Grímsnesi	27,50	14 478	666	13 812
	Samtals	331,30	160 899	13 173	147 726

* Nýtt frá fjárlögum 1983.

** Áður greitt með daggjöldum, nýtt á þessum fjárlagalið.

Verður nú vikið að einstökum viðfangsefnum:

0101 Stjórnarnefnd, samráðsnefnd. Samráðsnefnd er ný og hækkar kostnaður úr 96 þús. kr. í 226 þús. kr. við báðar nefndirnar.

0102 Samráðsnefnd um ferlimál fatlaðra. Nýtt viðfangsefni og er kostnaður áætlaður 526 þús. kr.

0103 Svæðisstjórnir. Áætlað er að starfslíði fjölgi nokkuð eða sem nemur 5,2 reiknuðum stöðugildum. Kostnaður hækkar úr 2 719 þús. kr. í 7 140 þús. kr.

0104 Sambýli. Gert er ráð fyrir að sambýlum fjölgi um fjögur og að þau verði ellefu. Kostnaður hækkar um 6 586 þús. kr. og verður 10 865 þús. kr. Í fjárlögum 1983 var gert ráð fyrir að sveitarfélög greiddu 15% af rekstrarkostnaði sambýla (719 þús. kr.) en ný lög um málefni fatlaðra gera ekki ráð fyrir að sveitarfélög taki þátt í kostnaði af rekstri sambýlanna. Þá veldur það nokkru um hækkun á rekstrarkostnaði sambýla að í fjárlögum 1983 er ekki gert ráð fyrir rekstri þeirra allt árið 1983.

0105 Verndaðir vinnustaðir. Gert er ráð fyrir sex vernduðum vinnustöðum í frumvarpinu en þeir voru þrír í fjárlögum 1983. Kostnaður er áætlaður 10 904 þús. kr. en er 3 068 þús. kr. í fjárlögum 1983. M.a. er ekki lengur gert ráð fyrir 15% framlagi frá sveitarfélögum. Reiknuðum stöðugildum fjölgar um 12,5.

0106 Dagvistir (afþreyingarheimili). Þessum heimilum fjölgar úr einu í þrjú og var kostnaður við bæði viðbótarheimilin greiddur af daggjöldum. Eru þau því ný með beinum fjárveitingum í frumvarpinu. Kostnaður við þetta viðfangsefni er áætlaður 20 659 þús. kr. en var 1 822 þús. kr. eftir að viðkomandi sveitarfélagi hafði verið áætlað að greiða 15% af rekstrarkostnaði. Nú er ekki gert ráð fyrir greiðslum frá sveitarfélögum. Reiknuðum stöðugildum fjölgar um 29,65 og verða þau 36,35.

0107 Leiktækjasöfn. Gert er ráð fyrir sama fjölda og í fjárlögum 1983 eða fimm. Kostnaður hækkar um 774 þús. kr. og verður 1 367 þús. kr. Sértekjur á þessu viðfangsefni, 241 þús. kr., eru 15% mótframlag frá sveitarfélögum.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi. Framlög hækka um 1 836 þús. kr. og verða 18 807 þús. kr. Framlög til einstakra liða breytast milli ára sem hér segir:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0102 Barnaheimili og hæli	12	—	-12
0113 Slysavarnafélag Íslands	2 040	3 000	960
0120 Meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1974	6 986	9 000	2 014
0122 Leigjendasamtökin	100	65	-35
0136 Rauðsokkahreyfingin	14	—	-14
0138 Náttúrulækningafélag Íslands	105	—	-105
0146 Samtök aldraðra	210	—	-210
0151 Norrænn byggingardagur	100	—	-100
0153 Vatns- og hitaveita Reykjahlíðar	3 467	3 030	-437
0154 Almannaþingir í Mývatnssveit	150	—	-150
0155 Grímseyjarhreppur, styrkur vegna tilraunavindmyllu ..	75	—	-75
Samtals	13 259	15 095	1 836

Aðrir liðir en getið er um hér að ofan eru óbreyttir frá fjárlögum 1983.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti, í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun þús. kr.	%
Yfirstjórn	7 135	11 542	4 407	61,8
Tryggingamál	3 615 545	4 862 630	1 247 085	24,5
Heilbrigðismál	1 315 444	1 849 336	533 892	40,5
Annað	8 440	10 785	2 345	27,8
Samtals	4 946 564	6 734 293	1 787 729	36,1
Par af markaðir tekjustofnar	374 360	510 250	135 890	36,3

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru lífeyrstryggingagjald atvinnurekenda, sem verður 380 000 þús. kr., sem er hækkun um 100 000 þús. kr., slysstryggingaiðgjöld atvinnurekenda sem hækka um 13 400 þús. kr., og verða 28 000 þús. kr., iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, sem hækkar um 20 330 þús. kr., og verður 58 500 þús. kr., hluti Gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR hækkar um 160 þús. kr., og verður 600 þús. kr. Sérlyfjagjald verður 430 þús. kr., sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1983. Gjald af eyðublöðum heillaskeyta verður óbreytt frá fjárlögum 1983 eða 20 þús. kr. Tekjur af samúðarskeytum Landssímans verða 700 þús. kr., sem er sama fjárhæð og í fjárlögum 1983. Gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra hækkar um 2 000 þús. kr. og verður 42 000 þús. kr.

Verður nú nánar vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til hinna einstöku málaflokka heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

271 Tryggingastofnun ríkisins. Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkra-trygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður þessara tryggingaþátta dregnar saman og hækkanir frá fjárlögum og áætlaðri útkomu 1983 sýndar:

Almannatryggingar 1983 og 1984 (í m. kr.)

	Fjárlög	Endur-	Frumvarp	Breytingar	
	1983	skoðuð	1984	(3)/(1)	%
	(1)	áætlun	(3)	(3)/(1)	(3)/(2)
	(1)	(2)	(3)	(3)/(1)	(3)/(2)
Slysatryggingar	15	15	28	86,7	86,7
Lífeyristryggingar	1 740	1 995	2 263	30,1	13,4
Sjúkratryggingar	1 726	2 152	2 375	37,5	10,4
Samtals	3 481	4 162	4 666	34,0	12,1

Innheimta markaðra tekna í ríkissjóð af slysatryggingagjaldi samkvæmt reglugerð nr. 201/1981 er áætluð 28 m. kr. og lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda er áætlað 380 m. kr., en það er lagt á samkvæmt lögum nr. 103/1980 og er 2% af launaskattstofni fyrra árs. Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 1 185 m. kr. eða 34% frá fjárlögum, en frá endurskoðaðri áætlun fyrir 1983 um 504 m. kr. eða 12,1%. Forsendur um verðlag á útgjaldaliðum almannatryggingar eru hinar sömu og við eiga um laun og almennt verðlag í frumvarpinu. Við samanburð á fjárlögum 1983 og frumvarpstölum þarf að hafa í huga að í fjárlagafjárhæðunum voru innifalin 12,75% vegna verðlagshækkana 1983.

Heildarútgjöld lífeyristrygginga eru talin verða 2 263 m. kr., auk þess bætast við 212 m. kr. vegna greiðslu barnsmeðlaga sem Tryggingastofnun ríkisins leggur út fyrir en sveitarfélögin endurgreiða. Útgjöld lífeyristrygginga samkvæmt fjárlögum 1983 og frumvarpi 1984 eru sýnd sundurliðuð í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1983 og 1984 (í m. kr.)

	Fjárlög	Frumvarp	Breytingar		
			1983	1984	m. kr.
Gjöld:					
101-103 Lífeyrir og örorkubætur	1 481	1 912	431	29,1	
Elli- og örorkulífeyrir	753	910	157	20,8	
Tekjutrygging	498	697	199	40,0	
Uppbót	121	160	39	32,2	
Heimilisuppbót	44	63	19	43,2	
Bensínstyrkur	-	9	9	-	
Örorkustyrkur	65	73	8	12,3	
104 Barnalífeyrir	48	54	6	12,5	
105, 107 Ekkju-, ekkla- og makabætur	44	54	10	22,7	
106 Framlög til einstæðra foreldra	40	59	19	47,5	
108 Fæðingarorlof	106	154	48	45,3	
120 Meðlög	163	212	49	30,1	
171 Rekstrarkostnaður	21	30	9	42,8	
Samtals	1 903	2 475	572	30,1	
Tekjur:					
180 Framlög ríkissjóðs	1 740	2 263	523	30,1	
181 Meðlög, sveitarfélög	163	212	49	30,1	
Samtals	1 903	2 475	572	30,1	

Áætlaðar útgjaldabreytingar vegna lífeyristrygginga skýrast af þrennu. Almennt er gert ráð fyrir 2% magnaukningu bóta á árinu 1984 vegna fjölgunar bótaþega og er það byggt á reynslu liðinna ára. Þá er útgjaldaaukning vegna bótaþekkingar, en bætur lífeyristrygginga hafa hækkað með eftirfarandi hætti á árinu 1983: 1. janúar hækkuðu almennar bætur um 2,1% en auk þess hækkaði tekjutrygging um 2,68% og heimilisuppbót um 4,5%. 1. mars hækkuðu almennar bætur um 14,74%, 1. júní um 8% og þá hækkuðu mæðralaun með einu barni um 100% og með tveim börnum um 30%. Áætlað er fyrir 4% hækkun bóta 1. október og 6% hækkun á árinu 1984 og er þetta í samræmi við forsendur um hækkun launa. Að lokum er þess að geta að útgjöld lífeyristrygginga hafa verið lækkuð um 60 m. kr. frá því sem felst í gildandi reglum, og mun heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ákveða með hvaða hætti sá sparnaður í útgjöldum næst. Áætluð útgjöld lífeyristrygginga eru í heild 13,4% hærri en endurskoðuð áætluð ársins 1983 gerir ráð fyrir. Ekki eru tók á því að bera einstaka útgjalda flokka saman á þessum grundvelli en heildarhækkunin er í samræmi við forsendur um fjölgun bótaþega og hækkun launa milli árána 1983 og 1984. Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1984 nema alls 2 375 m. kr. Sundurliðun útgjalda sjúkratrygginga á helstu útgjaldaliði kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1983 og 1984 (í m. kr.)

		Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting	
				m. kr.	%
Gjöld:					
301,312	Vistgjöld á sjúkrastofnunum	1 217	1 536	319	26,2
302	Vistgjöld á stofnunum þroska- heftra	10	–	–10	
303-306	Hjálpartæki	54	59	5	9,3
310	Lækniskostnaður	120	175	55	45,8
311	Tannlæknakostnaður	93	140	47	50,5
313-314	Innlendur og erlendur sjúkra- kostnaður	90	190	100	111,1
315	Lyfjakostnaður	280	460	180	64,3
316	Sjúkradagpeningar	60	75	15	25,0
370	Rekstrarkostnaður	19	30	11	57,8
	Samtals	1 943	2 665	722	37,2
Tekjur:					
380	Hlutur ríkissjóðs	1 726	2 375	649	37,6
	Hlutur sveitarfélaga	217	290	73	33,6
	Samtals	1 943	2 665	722	37,2

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs um 89% en hlutur sveitarfélaga um 11%. Er þetta svipað hlutfall og á síðasta ári. Hækkun einstakra liða sjúkratrygginganna er allbreytileg en hliðsjón er höfð af þróun útgjalda á síðastliðnu ári og það sem af er árinu 1983. Vistgjöld á sjúkrahúsum eru alls talin nema 1 536 m. kr. og hækkun útgjalda frá fjárlögum er 26,2%. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun leita leiða til sparnaðar í rekstri sjúkrahúsanna um allt að 150 m. kr. og hækka útgjöld því ekki meir en raun ber vitni. Margvíslegar hækkunir hafa orðið á töxtum rekstrardaggjalda sjúkrahúsa frá því fjárlög voru afgreidd fyrir árið 1983. Í fjárlögum 1983 var áætluð vegin taxtahækkun rekstrardaggjalda á árinu 1983 14,5% en horfur eru á að sú hækkun verði 26,9%. Taxtar hafa breyst þannig: 1. des. 1982 13,5%, en áætlað var fyrir 7,5% í fjárlögum, 1. janúar 1983 2,6%, 1. mars

15,5%, 1. júní 12,5%, og áætlað er að taxtar hækki um 7,3% 1. okt. n. k. Grunnjald flestra sjúkrahúsa hækkaði um 4% 1. júní og var það gert vegna verulegs hallareksturs húsanna 1982. Í fjárlögum 1983 var á sérstökum lið, 08-381, áætlað fyrir viðhaldi á sjúkrahúsum. Með breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983 var ákveðið að viðhald sjúkrahúsa skuli framvegis greiða í hlutföllunum 85:15 af ríki og sveitarfélögum. Viðhald sjúkrahúsa er því í frumvarpinu áætlað sem hluti daggjalda á árinu 1984. Útgjöld sjúkratrygginga vegna annarra útgjaldaþátta en vistgjalda hækka mjög misjafnlega. Ekki er talin ástæða til sérstakrar umfjöllunar um einstaka liði, en áætlun þeirra er reist á því að gjaldskrár neytenda, þ. e. fyrir lyf, læknishjálp o. fl., hækki í hátt við verðlagsbreytingar milli ára og að 90 m. kr. sparist með einum eða öðrum hætti í útgjöldum ríkissjóðs vegna sömu útgjaldaþátta. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið mun vinna að tillögum um framkvæmd þessa sparnaðar.

- 273 Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins nemur samtals 175 500 þús. kr. sem er hækkun um 55 500 þús. kr. eða 46,2% frá fjárlögum 1983. Framlag atvinnurekenda til sjóðsins er 58 500 þús. kr. og færast það jafnframt á tekjuhlíð frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs nemur tvisvar sinnum framlagi atvinnurekenda eða samtals 117 000 þús. kr.
- 274 Eftirlaunasjóður aldraðra.** Framlag ríkissjóðs verður 21 130 þús. kr. sem er hækkun um 6 560 þús. kr. eða 45% frá fjárlögum 1983. Hækkun framlagsins er nokkurn veginn í hátt við almennar launaforsendur frumvarpsins og skýrist af því að útgjöld sjóðsins verðbætast á sama hátt og launagreiðslur.
- 302, 311, 312, 371–377, 501 Ríkisspítalar.** Heildarframlög til þessara stofnana nema 1 111 334 þús. kr. og hækka um 368 608 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliðir nema samtals 786 865 þús. kr. Í eftirfarandi yfirliti kemur fram skipting launaliðar milli stofnana og hlutfallsleg hækkun frá fjárlögum 1983.

	Fjárlög 1983 Þús. kr.	Frumvarp 1984 Þús. kr.	Breyting %
Landspítali	273 958	410 116	49,7
— kvennadeild	45 679	67 359	47,4
Vífilsstaðaspítali	30 251	43 959	45,3
Kleppsspítali	83 388	123 550	48,1
Kópavogshæli	39 768	60 069	51,0
Gunnarsholt	2 950	4 454	50,9
Rannsóknastofa H.Í.	20 489	30 491	48,8
Blóðbankinn	6 125	8 933	45,8
Skrifstofa ríkisspítala	10 962	16 348	49,1
Ljósmæðraskólinn	1 452	2 031	39,8
Kristneshæli	12 521	19 555	56,1
Samtals	527 543	786 865	49,2

Hækkun launaliðar er samtals 259 322 þús. kr. eða 49,2%. Hluti þessarar hækknar er vegna kjarasamninga sem gerðir voru síðla árs 1982 við ríkisstarfsmenn en leiðréttingar vegna þeirra komust ekki inn í fjárlagatölur fyrir árið 1983. Þessir samningar leiddu einnig til þess að álag á föst laun grunnheimilda vegna veikinda, sumarleyfa og annarra afleysinga er nú hækkað í 20,5% en það var 18% í fjárlögum 1983. Kostnaðarauki samfara nýjum stöðum sem heimilaðar voru af Alþingi 1983 er rúmlega 9 000 þús. kr. og sést í eftirfarandi yfirliti hvernig þær skiptast á hinar ýmsu stofnanir.

Grunnheimildir — aukning

	Fjárlög 1983	Af fjárlaga- lið 08-310	Viðbætur skv.		Stöður alls
			frumvarpi 1984	Tilfærslur	
Landspítali	924,05	6,75	36	+1	967,8
— kvennadeild	139,0	—	15	-1	153,0
Vífilstaðaspítali	118,15	—	—	—	118,15
Kleppsspítali	292,7	—	10	—	302,7
Kópavogshæli	182,2	7,0	—	—	189,2
Vistheimilið Gunnarsholti	12,0	—	—	—	12,0
Rannsóknastofa H.Í.	62,7	1,0	—	—	63,7
Blóðbankinn	21,7	—	—	—	21,7
Skrifstofa ríkisspítala	46,5	—	—	—	46,5
Kristneshæli	48,0	4,0	—	—	52,0
Samtals	1 847,0	18,75	61,0	0	1 926,75

Viðbætur í þessu frumvarpi eru allar vegna breytinga á námsstöðu hjúkrunar- og ljósmæðranema sem ekki hafa lengur starfsskyldu á sjúkrahúsum. Samtals falla 95 nemastöður út af launaskrá hjá ríkisspítölunum en í stað þeirra fjölga grunnheimild-um um 61 stöðu, 39 hjúkrunarfræðinga, 17 sjúkraliða og 5 ljósmæður.

Álag á föst laun grunnheimilda vegna veikinda, sumarleyfa og annarra afleysinga er 20,5% nú en var 18% í fjárlögum 1982. Eins og áður sagði kom þessi hækkun til vegna ákvæða í kjarasamningum á árinu 1982. Auk þess er miðað við að 44,1% bætist við vegna yfirvinnu og vaktageiðslna. Samtals felur frumvarpið því í sér að jafnaði 64,6% álag á föst laun grunnheimilda. Önnur rekstrargjöld nema 377 792 þús. kr. og hækka um 169 155 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Þetta er rúmlega 80% hækkun, en við samanburð verður að taka tillit til leiðréttinga sem gerðar voru á framlögum ársins 1983 vegna breyttra verðlagsforsendna. Hið sama á við þegar áætlaðar sértekjur eru bornar saman við sértekjur í fjárlögum 1983, en hækkun milli ára er 54 159 þús. kr. og nema þær samtals 107 323 þús. kr. Hvort tveggja er þetta á áætluðu verðlagi ársins 1984. Framlag til viðhalds allra stofnanana er áætlað á fjárlagalið 371 *Landspítali*, og nemur sú upphæð 24 000 þús. kr. Hækkun frá fjárlögum fyrra árs er 4 493 þús. kr. eða um 23%. Í gjaldfærðan stofnkostnað eru áætlaðar 30 000 þús. kr. og er sú upphæð einnig færð óskipt á fjárlagalið 371 *Landspítali*. Gert er ráð fyrir að fjárveitinganefnd Alþingis fjalli um skiptingu á framlagi til viðhalds og stofnkostnaðar. Gjaldfærður stofnkostnaður skiptist sem hér segir í þús. kr.:

A. Yfirstjórn mannvirkjagerðar á Landspítalalóð:		
1. Geðdeild	9 100	
2. Bygging W	600	
3. Bygging K	2 300	
4. Tækjakaup	5 000	17 000
B. Stjórnarnefnd ríkisspítala:		
1. Almennar framkvæmdir	7 500	
2. Sérstök verkefni og stærri tækjakaup	5 500	13 000
Samtals		30 000

310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar. Framlag til þessa liðar fellur nú niður en það var 2 917 þús. kr. í fjárlögum fyrir árið 1983. Fjárveiting á þessum fjárlagalið hefur á undanförunum árum verið ætluð fyrir nýjum stöðum á ríkisspítölum og heilsugæslustöðvum og hefur fjárveitinganefnd Alþingis síðan fjallað um skiptingu fjárveitingarinnar.

- 324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands.** Heildarfjárveiting nemur 12 185 þús. kr. og hækkar um 3 626 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður nemur 5 602 þús. kr. og hækkar um 1 838 þús. kr., sem er nokkurn veginn í samræmi við almennar launahækkningar á tímabilinu. Heimilaðar stöður eru 17,5 talsins og er það sami stöðufjöldi og í fjárlögum yfirstandandi árs. Önnur rekstrargjöld nema 2 214 þús. kr. og hækka um 846 þús. kr. Til viðhalds renna 50 þús. kr. og til stofnkostnaðar 600 þús. kr. til tækjakaupa. Framlag til kaupa á heyrnartækjum er 4 100 þús. kr. og er fært á gjaldalið *til einstaklinga og samtaka*. Að lokum eru áætlaðar sértekjur 381 þús. kr.
- 325 Hollustuvernd ríkisins.** Fjárveiting til stofnunarinnar verður 12 990 þús. kr. og er það 5 027 þús. kr. eða 63,1% hækkun frá fjárlögum 1983. Laun hækka um 3 511 þús. kr. og verða 9 444 þús. kr. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði á árinu 1983 nýtt stöðugildi sérfræðings til eftirlits með innflutningi á matvælum og eru grunnheimildir stofnunarinnar því alls 25,3 stöðugildi. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 577 þús. kr. og verða 3 977 þús. kr. Viðhald hækkar um 35 þús. kr. og verður 135 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 250 þús. kr. og verður 400 þús. kr. Að lokum hækka sértekjur stofnunarinnar um 346 þús. kr. og verða 966 þús. kr.
- 381 Sjúkrahús og læknisbústaðir.** Framlög nema samtals 124 285 þús. kr. og hækka um 23 613 þús. kr. Viðfangsefni eru fimm talsins en voru tíu í fjárlögum 1983. Eftirtalin viðfangsefni falla niður: *0305 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur, 0308 St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur, 0312 Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi, 0313 Krabbameinsfélag Íslands, byggingarstyrkur og 0304 Viðhald sjúkrahúsa*, en samkvæmt nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 59/1983 greiðir ríkissjóður 85% viðhaldskostnaðar en sveitarfélög 15%. Áætlað er fyrir þessum útgjaldapætti á vistgjöldum sjúkrastofnana á lið Tryggingastofnunar ríkisins. Breytingar á framlögum koma fram í eftirfarandi töflu:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.
0301 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða annarra en ríkissjúkrahúsa	100 220	111 000	10 780
0302 Röntgentæki	680	800	120
0304 Viðhald skv. lögum nr. 57/1978	31 300	—	-31 300
0305 Sjúkrahús St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, byggingarstyrkur	3 000	—	-3 000
0306 Heilsuverndarstöðvar, styrkur	4 236	4 985	749
0308 St. Jósefsspítali í Hafnarfirði, byggingarstyrkur	50	—	-50
0311 DAS Hrafnista, Hafnarfirði, byggingarstyrkur, fjórða greiðsla af sex	2 912	3 500	588
0312 Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, Kópavogi	1 000	—	-1 000
0313 Krabbameinsfélag Íslands, byggingarstyrkur	3 000	—	-3 000
0314 SÁÁ, byggingarstyrkur	1 500	4 000	2 500
Samtals	147 898	124 285	-23 613

- 385 Framkvæmdasjóður aldraðra.** Framlag nemur alls 42 000 þús. kr. og er það hækkun um 2 000 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1983. Með lögum nr. 91/1982 um málefni aldraðra er ákveðið að markaðar tekjur sjóðsins miðist við tiltekna fjárhæð sem breytist með skattvísitölu. Framlagið er sama fjárhæð og fram kemur í 3. gr. frumvarpsins.

- 386 St. Jósefsspítali Landakoti.** Heildarframlag nemur 237 199 þús. kr. og er hækkun frá fjárlögum 1983 um 81 806 þús. kr. Laun nema 165 974 þús. kr. og hækka um 56 181 þús. kr. eða 51,1%. Þetta er hækkun umfram almennar launahækkanir og eru eftirfarandi skýringar á því: Miklar launaflokkatílfærslur hafa átt sér stað á tímabilinu. Hluti þeirra kom til framkvæmda á árinu 1983 og var launaliður fjárlaga 1983 leiðréttur með tilliti til þess. Fyrir launum til afleysinga er nú áætlað 20,5% á föst laun grunnheimilda en var 18% í áætlun s. l. árs. Þessi breyting er vegna sérkjarasamninga sem gerðir voru seint á árinu 1982. Yfirvinna og álagshlutfall er nú 42% en var 36% í fjárlögum 1983. Á móti kemur að nú er ekki áætlað fyrir afleysingum til viðbótar við laun sérfræðinga við sjúkrahúsið, en þeir starfa samkvæmt sérsamningum við sjúkrahúsið og taka ekki föst mánaðarlaun. Áætlunin nú byggir á sama stöðufjölda og áætlun 1983 eða 370,0 grunnheimildum. Önnur rekstrargjöld áætlast 86 030 þús. kr. og sértekjur 23 205 þús. kr. Hvort tveggja er á áætlun meðalverðlagi ársins 1984. Til viðhalds renna 5 400 þús. kr. og til stofnkostnaðar 3 000 þús. kr.
- 387 Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.** Fjárveiting til sjúkrahússins nemur samtals 207 481 þús. kr. og hækkar um 72 402 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Launaliður nemur 137 929 þús. kr. og hækkar um 47 655 þús. kr. eða 52,7%, sem er umfram almennar launahækkanir. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1983 byggðist launaliður á 325 grunnheimildum. Síðan var 22,5 stöðuheimildum bætt við í meðförum Alþingis vegna nýrrar sjúkradeildar sem tók til starfa fyrri hluta árs 1983. Kostnaður samfara þessum 22,5 stöðum var því ekki heils árs kostnaður í fjárlögum 1983, en er það nú. Að auki bætist ein stöðuheimild við, en það er staða sérfræðings í röntgenlækningum. Heimild hefur verið fyrir stöðu þessari allt frá árinu 1979 en hún hefur ekki verið nýtt fyrr en nú. Stöðuheimildir eru því samtals 348,5. Aðrar skýringar á hækkun launa eru launaflokkatílfærslur vegna sérkjarasamninga á árinu 1982, en launaliður fjárlaga var síðar leiðréttur vegna þess. Afleysingarhlutfall sem bætt er ofan á föst laun grunnheimilda hefur verið hækkað í 20,5% úr 18% vegna áðurnefndra sérkjarasamninga. Eiga þessi fjögur atriði að skýra að fullu hækkun launa umfram almennar launahækkanir. Til viðbótar 20,5% vegna afleysinga og veikinda leggjast 44,1% ofan á föst laun grunnheimilda til að mæta yfirvinnu- og vaktalagsgreiðslum. Þetta hlutfall er hið sama og í fjárlögum 1983, og telja forráðamenn sjúkrahússins að það hlutfall sé nærri lagi eftir ýmsar hagræðingaraðgerðir sem gerðar hafa verið til lækkunar aukavinnu. Önnur rekstrargjöld nema 68 641 þús. kr. og sértekjur 9 289 þús. kr. hvort tveggja á áætlun meðalverðlagi ársins 1984. Til viðhalds er veitt 8 200 þús. kr. og til stofnkostnaðar 2 000 þús. kr.
- 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.** Hækkun framlags frá fjárlögum 1983 er 3 706 þús. kr. og nemur það samtals 24 498 þús. kr. Viðfangsefni eru 30 talsins en voru 36 á s. l. ári. Sjö viðfangsefni falla niður. Þau eru: *0133 Tækniástoð við sveitarfélög vegna vatns- og skolpveitumála, 0134 Kostnaður vegna reglugerðar um iðjumengun, 0148 Útbreiðsla atvinnusjúkdóma, 0149 Rannsóknir á heilsufarsáhrifum ákvæðislaunakerfa, 0151 Hjarta- og æðaverndarfélag Reykjavíkur, tækjakaup, 0155 Námslaun lækna-*

stúdentu og 0158 Alþjóðaár aldraðra. Eitt viðfangsefni bætist við sem er 0207 Framkvæmdastjórn WHO. Í eftirfarandi töflu er getið breytinga sem orðið hafa frá fjárlögum 1983. Aðrir liðir eru óbreyttis að krónutölu.

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.	
0102	Norræn samvinna í lyfsöllumálum	53	80	27
0104	Evrópska lyfjaskráin	64	96	32
0110	Kostnaður skv. farsóttu- og sóttvarnarlögum um ónæmisaðgerðir	1 496	1 863	367
0111	Matvælarannsóknir	105	169	64
0112	Manneldisráð	319	457	138
0113	Kynsjúkdómavarnir, lög nr. 16/1978	122	181	59
0114	Kostnaður vegna laga nr. 25/1975	328	452	124
0127	Sjúkraflug	670	800	130
0128	Rhesusvarnir	272	395	123
0129	Blóðrannsóknir ungbarna	352	438	86
0133	Tækniástoð við sveitarfélög vegna vatns- og skolpveitumála og annarra umhverfis- og mengunarmála	40	—	-40
0134	Kostnaður vegna reglugerðar um iðjumengun	79	—	-79
0135	Námsferðir héraðslækna og embættislækna	193	312	119
0136	Ljósmeðrölaun	2 396	3 643	1 247
0137	Skólar heilbrigðisstétta	2 535	3 768	1 233
0148	Útbreiðsla atvinnusjúkdóma	125	—	-125
0149	Rannsóknir á heilsufarsáhrifum ákvæðislaunakerfa	67	—	-67
0151	Hjarta- og æðaverndarfélag Reykjavíkur, tækjakaup	250	—	-250
0152	Undirbúningur rannsókna á brjóstkrabbameini	98	75	-23
0154	Útgáfa Lyfjaverðskrár	70	105	35
0155	Námslaun læknastúdentu	30	—	-30
0157	Mengunarvarnir í fiskimjölsværksmiðjum	1 500	1 000	-500
0158	Alþjóðaár aldraðra	70	—	-70
0201	Lyfjaverðlagsnefnd	270	428	158
0202	Lyfjanefnd	848	1 297	449
0203	Eiturefnanefnd	220	350	130
0205	Daggjaldanefnd	296	478	182
0207	Framkvæmdastjórn WHO	—	187	187
Samtals	12 868	16 574	3 706	

471 Gæsluvistarsjóður. Framlag er samtals 3 325 þús. kr. og hækkar um 43 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Framlagið skiptist þannig milli þriggja viðfangsefna en eitt viðfangsefni fellur niður frá s. l. ári, 0103 Bláa bandið.

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting þús. kr.	
0101	Gæsluvistarsjóður	3 000	3 000	—
0103	Bláa bandið	36	—	-36
0104	Vernd, félagssamtök	36	50	14
0105	Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið	210	275	65
Samtals	3 282	3 325	43	

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld til helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög	Frumvarp	Hækkun	
	1983	1984	þús. kr.	%
Yfirstjórn	24 187	39 258	15 071	62,3
Toll- og skattheimta	115 947	177 880	61 933	53,4
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun ...	229 493	262 552	33 059	14,4
Annað	792 958	273 731	-519 227	-65,5
Samtals	1 162 585	753 421	-409 164	-35,2
Þar af markaður tekjustofn	13 000	15 600	2 600	20,0

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða, sem rennur til Ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka fjármálaráðuneytisins.

- 203 Skattstofa Vesturlands.** Framlag til skattstofunnar verður 4 021 þús. kr., sem er hækkun um 1 470 þús. kr. eða 57,6%. Laun hækka um 837 þús. kr. eða 36,2%. Önnur rekstrargjöld hækka um 670 þús. kr. og hefur þá verið tekið sérstakt tillit til aukinna útgjalda vegna flutnings í nýtt og stærra húsnæði. Viðhalds- og stofnkostnaður hækkar um 32 þús. kr. og verður 60 þús. kr. Sértekjur verða 119 þús. kr., sem er hækkun um 69 þús. kr.
- 212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld.** Fjárveiting hækkar um 7 610 þús. kr. og verður 19 968 þús. kr. Rekstrarliðir aðrir en stofnkostnaður hækka um 7 300 þús. kr. og verða 19 658 þús. kr. Fjárveiting þessi stendur undir kostnaði við úrvinnslu á skattskrá, prentun á eyðublöðum og kaupum á fasteignaskrá. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 310 þús. kr. en var enginn í fjárlögum 1983. Gert er ráð fyrir að honum verði ráðstafað til kaupa á tölvuskjá og prentara.
- 251 Gjaldheimtan í Reykjavík.** Gjaldheimtan er rekin sameiginlega af ríki og Reykjavíkurborg og greiðir ríkissjóður helming af rekstrarkostnaði á móti Reykjavíkurborg. Á fjárlögum undanfarandi ára hefur einungis verið áætlað fyrir hluta ríkisins. Við undirbúning fjárlagafrumvarps 1984 þótti rétt að áætla einnig fyrir hluta Reykjavíkurborgar gjalda- og teknamegin, svo að sjá mætti raunverulegan rekstrarkostnað við stofnunina. Framlag til gjaldheimtunnar hækkar um 2 694 þús. kr. eða 51,4% og verður 7 929 þús. kr. Rekstrarliðir hækka um 16 354 þús. kr. og verða samtals 24 089 þús. kr. Sértekjur hækka um 13 660 þús. kr. og verða 16 160 þús. kr.
- 282 Tollamál.** Fjárveiting verður 5 933 þús. kr., sem er lækkun um 417 þús. kr. Þessum fjárlagalið er skipt í tvö viðfangsefni. Annað er *sameiginlegur kostnaður* en fjárveiting til þess hækkar um 2 233 þús. kr. og verður 3 433 þús. kr., þar af eru laun 449 þús. kr. en ekki hefur verið áætlað fyrir launum til þessa viðfangsefnis fyrr. Er hér um að ræða kostnað vegna vinnu við endurskoðun tollskrár og samræmingar á því sviði. Að öðru leyti fer fjárveiting til greiðslu kostnaðar á prentun aðflutningskýrslna, upplýsingabæklinga og tollskrár. Hitt viðfangsefnið er *tollamál-tölvuvæðing*, en fjárveiting til þess lækkar um 2 650 þús. kr. og verður 2 500 þús. kr., sem áætlað er að ráðstafa til kaupa á nýju tölvukerfi til tollafgreiðslu, en frá árinu 1981 hefur verið unnið að undirbúningi að tölvuvæðingu hjá tollyfirvöldum.

- 381 Uppbætur á lífeyri.** Framlag verður 256 646 þús. kr., sem er hækkun um 30 683 þús. kr. eða 13,5% frá fjárlögum 1983. Ofangreind hækkun er undir verðlagsforsendum frumvarpsins og er skýring þess sú að við áætlun fyrir árið 1984 var stuðst við raunveruleg útgjöld 1982 og fyrstu sex mánuði ársins 1983.
- 402 Fasteignamat ríkisins.** Framlag hækkar um 3 347 þús. kr. og verður 10 240 þús. kr. Laun hækka um 3 223 þús. kr. eða 46,9% og verða 10 089 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 353 þús. kr. og verða 6 153 þús. kr. Ekki er gert ráð fyrir aukningu í rekstri stofnunarinnar. Viðhald hækkar um 100 þús. kr. og verður 250 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 23 þús. kr. og verður 400 þús. kr. Auk minni háttar verkefna er gert ráð fyrir að fjárveiting dugi til að greiða upp nýja símstöð fyrir stofnunina. Sértekjur hækka um 2 352 þús. kr. og verða 6 652 þús. kr.
- 989 Launa- og verðlagsmál.** Fjárveiting á þessum lið í fjárlögum 1983 var samtals að fjárhæð kr. 511 600 þús. kr. Annars vegar voru 481 600 þús. kr. á launalið til að mæta grunnlauna- og verðbótahækkunum hjá stofnunum á árinu 1983. Hins vegar voru áætlaðar 30 000 þús. kr. á öðrum rekstrargjöldum til að mæta óvissuþáttum tengdum verðlagsmálum á árinu 1983. Fjárveiting er nú samtals að fjárhæð 69 000 þús. kr., þar af eru laun 5 000 þús. kr. sem eru m. a. til að mæta launum starfsmanna Rekstrardeildar ríkisskipa, sem flytjast yfir til Skipaútgerðar ríkisins, Landhelgisgæslu Íslands og Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna (sjá nánar lið 10-325 í athugasemdum þessum). Þá eru áætlaðar 64 000 þús. kr. til að mæta rekstrargjalda-hækkunum hjá sýslumanna- og bæjarfógetaembættum á næsta ári.
- 990 Efnahagsráðstafanir.** Liður þessi fellur nú niður. Fjárveiting í fjárlögum 1983 nam samtals 130 000 þús. kr. og var varið til ýmissa ráðstafana í efnahagsmálum, sbr. yfirlýsingu fyrrverandi ríkisstjórnar við setningu bráðabirgðalaga um efnahagsráðstafanir í ágúst 1982.
- 999 Ýmislegt.** Fjárveiting til þessa liðar hækkar um 31 356 þús. kr. og verður 116 241 þús. kr. Í eftirfarandi yfirliti má sjá hver breyting fjárveitinga til einstakra viðfangsefna er frá fjárlögum 1983 til frumvarps 1984:

Viðfangsefni	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Mismunur þús. kr.
0102 Stjórnarráðið, símakostnaður og burðargjöld	6 365	16 436	10 071
0103 Til blaðanna skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar	4 000	—	-4 000
0104 Ýmis sameiginlegur kostnaður	1 000	2 319	1 319
0106 Skýrsluvéla- og vélakostnaður v/tekjubókhalda	—	5 603	5 603
0107 Skýrsluvéla- og vélakostnaður v/launagreiðslna	8 660	13 695	5 035
0108 Kjarasamningar	637	969	332
0111 Dómkröfur og málskostnaður	1 100	1 500	400
0112 Tryggingabætur skv. kjarasamningum	400	525	125
0113 Millipinganeindir	125	194	69
0114 Þungaskattsálagning með öku mælum	298	345	47
0120 Lífeyrissjóður sjómanna	300	450	150
0121 Lífeyrissjóður bændu	10 000	20 100	10 100
0130 Kjararannsóknir	100	170	70
0141 Óviss útgjöld	42 000	43 000	1 000
0145 Húsnæðisbreytingar v/fatlaðra	1 400	1 400	—
0146 Sjóefnavinnsla v/yfirtöku lána	1 200	—	-1 200
0150 Bókhalda- og bókhaldskerfi ríkisins	5 000	5 000	—
0303 Ýmis innheimtukostnaður	2 300	4 535	2 235
Samtals	84 885	116 241	31 356

Eins og fram kemur í ofangreindu yfirliti falla tvö viðfangsefni niður frá fjárlögum 1983, en þau eru *0103 Til blaðanna, skv. nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar* og *0146 Sjóefnavinnslan, vegna yfirtöku lána*. Á hinn bóginn er eitt nýtt viðfangsefni tekið upp og er það *0106 Skýrsluvélakostnaður vegna tekjubókhalds*.

10 Samgönguráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka samgönguráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í þús. kr.:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Hækkun	
			þús. kr.	%
Yfirstjórn	4 152	7 197	3 045	73,3
Vegamál	838 000	949 000	111 000	13,2
Önnur samgöngumál	369 989	441 039	71 050	19,2
Samtals	1 212 141	1 397 236	185 095	15,2
Par af markaðir tekjustofnar	614 380	840 200	225 820	36,8

Markaðir tekjustofnar ráðuneytisins eru eftirtaldir: Bifreiðaskattur er áætlaður 200 000 þús. kr., gúmmígjald 1 500 þús. kr., og innflutningsgjald af bensíni 603 200 þús. kr. Þessir tekjustofnar nema alls 804 700 þús. kr., og er það hækkun um 236 400 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Vitagjald hækkar um 1 200 þús. kr., og verður 6 500 þús. kr. Skipaskoðunargjald verður 600 þús. kr., sem er lækkun um 780 þús. kr., frá fjárlögum 1983. Flugvallagjald lækkar um 11 000 þús. kr., og verður 28 000 þús. kr. Sérleyfisgjald er óbreytt og verður 400 þús. kr.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka ráðuneytisins.

- 211 Vegagerð ríkisins.** Framlag til vegamála nemur alls 949 000 þús. kr. Að svo stöddu miðast framlagið aðeins við tekjur af mörkuðum tekjustofnum til vegamála og beinu ríkisframlagi. Svo sem fram kemur í inngangi athugasemda með frumvarpinu eru nokkrir þættir lánsfjármála óafgreiddir, þ. á m. lánsfjáröflun til vegagerðar. Fjármögnun af mörkuðum tekjustofnum er samkvæmt tekjuáætlun frumvarpsins þannig, að af bensíngjaldi eru áætlaðar tekjur 603 200 þús. kr., gúmmígjaldi 1 500 þús. kr. og bifreiðaskatti 200 000 þús. kr. Fjárveiting úr ríkissjóði nemur alls 144 300 þús. kr.
- 321 Strandferðir, framlög.** Framlög á þessum fjárlagalið verða alls 55 961 þús. kr., sem er lækkun um 14 525 þús. kr. frá fjárlögum ársins 1983. Framlag til Skipaútgerðar ríkisins verður 25 000 þús. kr., sem er lækkun um 14 525 þús. kr. frá fjárlögum 1983. Um rekstur Skipaútgerðarinnar verður ekki fjallað frekar á þessu stigi, enda munu málefni fyrirtækisins koma til athugunar hjá fjárveitinganefnd Alþingis fyrir afgreiðslu fjárlaga 1984. Styrkir til flóabáta og vöruflutninga verða 30 961 þús. kr., sem er sama upphæð og í fjárlögum 1983. Samvinnunefnd Alþingis um samgöngumál gerir tillögu um skiptingu styrkja til viðtakenda.
- 325 Rekstrardeild ríkisskipa.** Í október 1981 skipaði þáverandi samgönguráðherra nefnd til að endurskoða reglur um Rekstrardeild ríkisskipa en hún var stofnuð árið 1970. Niðurstaða nefndarinnar var á þá leið að afnema bæri fyrrnefndar reglur og leggja Rekstrardeild ríkisskipa niður. Við það yrðu verkefni deildarinnar að mestu leyti færð inn til þeirra stofnana sem hún þjónaði. Stofnanir sem hér um ræðir eru: Landhelgisgæslan, Hafrannsóknastofnun og Skipaútgerð ríkisins. Ráðherra og ríkisstjórn féllust

á tillögu nefndarinnar og í framhaldi af því var ákveðið að Rekstrardeildin yrði lögð niður frá og með 1. október 1983. Framlag til stofnunarinnar fellur því niður en fjárveiting nam 3 323 þús. kr. í fjárlögum 1983. Á fjárlagalið fjármálaráðuneytisins er áætlað fyrir 5 000 þús. kr. og er fjárhæðin ætluð til þess að mæta aukningu útgjalda einstakra stofnana í kjölfar breytingarinnar. Nú er unnið að uppgjöri á fjárhag Rekstrardeildarinnar.

331 Vita- og hafnarmálaskrifstofa. Fjárveiting skrifstofu Vita- og hafnarmála hækkar um 2 536 þús. kr. og verður samtals 7 063 þús. kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 6 161 þús. kr. og verða 14 488 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 900 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr. sem ráðgert er að verja á eftirfarandi hátt: Lokaframkvæmdir við rishæð húsnæðis stofnunarinnar að Seljavegi 1 300 þús. kr. og 200 þús. kr. til tækjakaupa. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 4 525 þús. kr. og verða 8 925 þús. kr.

332 Vitastofnun Íslands. Fjárveiting hækkar um 7 191 þús. kr. og verður 25 780 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig niður á einstök viðfangsefni:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting %
0102 Rekstur vita	12 189	18 434	51,2
0104 Sjómerki	750	1 198	59,7
0105 Vitabyggingar	2 850	3 700	29,8
0106 Rekstur vitaskips	5 300	7 089	33,8
	21 089	30 421	44,3
÷ Sértekjur	2 500	4 641	85,6
Fjárveiting	18 589	25 780	38,7

Ekki er talin ástæða til að fjölyrða um einstök viðfangsefni nema hvað gert er ráð fyrir sama úthaldi vitaskips og var í fjárlögum 1983 eða 6 vikum.

333 Hafnarmál. Fjárveiting til hafnarmála hækkar um 12 176 þús. kr. og verður samtals 134 912 þús. kr. Fjárveitingin skiptist þannig niður á viðfangsefni árin 1983 og 1984:

	Fjárlög 1983	Frumvarp 1984	Breyting %
0102 Hafnarrannsóknir og mælingar	840	1 494	77,9
0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur	98 600	109 400	11,0
0104 Ferjubryggjur	2 000	2 200	10,0
0105 Landshafnir, endurgreiðsla lána	1 463	2 963	102,5
0107 Hafnarbótasjóður	10 353	12 450	20,3
0108 Sjóvarnargarðar	4 080	5 000	22,5
0109 Landshöfn Porlákshöfn	3 000	—	—
0110 Landshöfn Rífi	500	500	—
0111 Landshöfn Keflavík-Njarðvík	2 000	1 500	-25,0
	122 836	135 507	10,3
÷ Sértekjur	100	595	495,0
Fjárveiting	122 736	134 912	10,0

Framlög til *hafnarmannvirkja og lendingarbóta svo og ferjubryggja* fylgja þeirri megin stefnu frumvarpsins að fjárveitingar til einstakra framkvæmdaflokka hækki að öllu jöfnu ekki meira en sem svarar 11% milli ára. Sama máli gegnir um *Hafnarbótasjóð*. Það er miðað við þá forsendu að framlagið hækki um 20% milli ára, sbr. fyrrnefnda stefnu frumvarpsins um framlög til fjárfestingarlánasjóða.

341 Siglingamálastofnun ríkisins. Fjárveiting til stofnunarinnar hækkar um 6 438 þús. kr. og verður 16 067 þús. kr. Laun, önnur rekstrargjöld og viðhald hækka um 7 169 þús. kr. og verða 17 423 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 425 þús. kr. og verður 1 500 þús. kr., sem fyrirhugað er að verja til kaupa á tölvubúnaði fyrir stofnunina. Þá hækka sértekjur um 2 156 þús. kr. og verða 2 856 þús. kr.

